

**SKOÐUN** Framhaldsskólakennari segir laun kennara vera lág vegna þess að meirihluti kennara eru konur. 21



**LÍFIÐ** Hulda Halldóra Tryggvadóttir er á leiðinni á tískuvikuna í París að vinna fyrir tískuhúsið Kenzo. 46



**SPORT** Ólafur Guðmundsson á eftir að ákveða hvort hann verður áfram hjá Kristianstad í Svíþjóð. 42







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
**20. febrúar 2014**
43. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Viðræður við ESB óábyrgar

Utanríkisráðherra segir að óábyrgt væri að halda áfram viðræðum við ESB. Formaður Samfylkingar segir ljóst að ekki verði kosið um áframhald viðræðna. 2

**Tryggingastofnun mistúlkaði lög** Greiðslur endurhæfingarlífeyris eiga að hefjast um leið og greiðslurétti úr sjúkrasjóði lýkur, þvert á það sem Tryggingastofnun hélt fram. 6

**Fljúga undir radarnum í borginni** Hælisleitendur falla betur inn í mannfjöldann í Reykjavík, en 50 slíkir eru nú í borginni. 8

**Jöklar hopa vegna hærri hita** Heinabergsjökull hefur styst um kílómetra. Hærri hiti ræður meiru um stærð jökla en aukin úrkoma. 10




20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | NA | 13 |
| Akureyri | -1° | N | 5 |
| Egilsstaðir | 2° | NA | 9 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | A | 12 |
| Reykjavík | 4° | A | 9 |

**Hvassviðri SA-til** og víða allhvasst í dag. Rigning eða slydda S- og A-til en snjókoma með N-ströndinni. Um frostmark N-til en hiti að 6 stigum syðst. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

Hópefli | Konudagur | Fólk











**STROKKUR SEFUR ALDREI**
Íslensk náttúra hefur gríðarlegt aðdráttarafl. Goshverinn Strokkur er þar engin undantekning en hann gýs á um 5 til 10 mínútna fresti, iðulega við fagnaðarlæti erlendra ferðamanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sátt um framhaldslíf náttúruverndarlaga

Umhverfisnefnd Alþingis hefur sæst á að ný náttúruverndarlög verði ekki felld úr gildi. Söguleg sátt, segir nefndarformaður. Takist að slípa af umdeilda agnúa munu lögin standa að stóru leyti og taka gildi um mitt næsta ár.

**ALÞINGI** Þverpólitísk sátt hefur náðst um að ný náttúruverndarlög verði ekki felld úr gildi í heild, eins og umhverfisráðherra boðaði. Lögin taka gildi um mitt ár 2015 ef tekst að ná sátt um umdeild atriði laganna. Þetta er niðurstaða umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis sem skilaði áliti í gær.

Höskuldur Þórhallsson, formaður nefndarinnar, segir að sáttin sem náðist í gær sé söguleg, enda hafi margt bent til þess að hörð og langvinn átök yrðu um málið.

Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfisráðherra kynnti áform sín í september um brottfall laganna, sem vakti hörð viðbrögð. Þá strax var kallað eftir endurskoðun umdeildra kafla laganna frekar en að þeim yrði hent í heild sinni, eins og nú hefur skapast friður um.

Höskuldur segir að ráðherra taki nú við málinu, en hann hafi gert það að tillögu sinni að málið yrði sett í þennan farveg, „og hefur heitið samvinnu við nefndina um framgang málsins“.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna og nefndarmaður, tekur undir að það séu stórtíðindi að afturköllun laganna, en hin raunverulega áskorun sé hins vegar hvort takist að gera nauðsynlegar breytingar án þess að draga úr gildi laganna. Hún segir að heildarhugsun nýju laganna hafi verið mikið framfaraskref fyrir náttúruvernd í landinu. **- shá /** **sjá síðu 4**



> **Þetta er söguleg sátt.**
> *Höskuldur Þórhallsson formaður umhverfisnefndar Alþingis*

Sjö félög vilja í Kauphöllina:

# Markaðurinn stækki um 40%

**VIÐSKIPTI** Heildarvirði þeirra sjö félaga sem stefna að skráningu í Kauphöllinni yrði um 200 milljarðar króna og nýskráningar þeirra myndu auka virði skráðra félaga á íslenskum hlutabréfamarkaði um 35-40 prósent.

„Spá okkar um nýskráningarnar er frekar bjartsýn en það er að öllum líkindum næg eftirspurn eftir þessu aukna framboði,“ segir Hrafn Steinarsson hagfræðingur hjá greiningardeildinni. **- hg /** **sjá síðu 14**






Bein sjónvarpsútsending frá leiksýningu í annað sinn í sögunni:

# Englar alheimsins sýndir beint

**MENNING** Samningar hafa tekist milli Þjóðleikhússins og RÚV um að síðasta sýning leikverksins Englar alheimsins verði sýnd í beinni útsendingu 30. mars. „Veisla aldarinnar,“ segir leikstjórinn Þorleifur Örn Arnarsson, en leikgerð hans og Símonar Birgissonar er byggð á skáldsögu Einars Más Guðmundssonar. „Hver hefði trúað þessu þegar við lögðum af stað?“ segir Þorleifur. „En þjóðin hefur tekið þannig á móti þessu listaverki og þeim listamönnum sem standa að þessari sýningu að besta leiðin til að ljúka þessari ferð er að kveðja þjóðina í heild.“

Svo skemmtilega vill til að 30. mars er afmælisdagur Páls, aðalpersónu verksins, en hann hefði orðið 65 ára þann dag. Sýningin, sem hefur hlotið einróma lof bæði gagnrýnenda og áhorfenda, hlaut níu Grímutilnefningar og hreppti þrenn Grímuverðlaun, meðal annars sem leikrit ársins. **- fsb /** **sjá síðu 28**

## SPURNING DAGSINS



Ísólfur Gylfi, er ekkert að marka þetta fólk?

**„Það er mjög mikið að marka þetta fólk. Við tökum tillit til skoðana þess."**

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþings eystra, segir andstöðu íbúa austan Markarfljóts vegna lengingar varnargarðs byggða á misskilningi.

Íbúðalánasjóður seldi þrisvar sinnum fleiri fasteignir í janúar á þessu ár en í fyrra:

# Útlán Íbúðalánasjóðs dragast saman

**EFNAHAGSMÁL** Almenn útlán Íbúðalánasjóðs drógust saman um tæp 43 prósent í janúar miðað við sama tíma í fyrra. Fram kemur í nýbirtri mánaðarskýrslu sjóðsins að almenn útlán í mánuðinum hafi numið 489 milljónum króna, samanborið við 854 milljónir í janúar 2013. Uppgreiðslur námu 1,5 milljörðum króna.

Þá kemur fram í skýrslunni að áfram dragi úr vanskilum, en heimilum í vanskilum hafi fækkað um tæp 2,5 prósent á milli mánaða. Þá haldi undirliggjandi virði lána einstaklinga í vanskilum áfram að lækka. „Í lok janúar nam fjárhæð vanskila útlána til einstaklinga 4,3 milljörðum króna og var undirliggjandi lánavirði 66,6 milljarðar króna, eða um 10,27 prósent útlána sjóðsins til einstaklinga, sem er 3,12 prósentum lægra hlutfall en í janúar 2013," segir í skýrslunni.

Í janúar seldi sjóðurinn 27 fasteignir, þrisvar sinnum fleiri en ári fyrr þegar seldar voru níu eignir. „Þá er að auki búið að samþykkja kauptilboð í 81 eign til viðbótar," segir í mánaðarskýrslunni. - óká



**KEFLAVÍK** Í janúar síðastliðnum voru íbúðir í eigu Íbúðalánasjóðs flestar á Suðurnesjum, 804 talsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SVIPU BEITT Á PÖNKARA** Liðsmaður rússneskra Kósakkasveita, sem sjá um löggæslu, greip til svipu sinnar til að stöðva mótmæli pönksveitarinnar Pussy Riot í Sotsjí í gær. Þær Nadesjda Tolokonnikova og María Alekhína og félagar voru vart byrjaðar á gjörningi sínum þegar þær voru stöðvaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússnesk lögregla beitti meðlimi pönksveitar harðræði:

# Pussy Riot konur svipaðar í Sotsjí

**RÚSSLAND Meðlimir rússnesku pönksveitarinnar Pussy Riot voru barðir með svipum af liðsmönnum rússnenskra lögreglusveita þegar þeir voru með gjörning til höfuðs Vladimír Pútín í Sotsjí í gær.**

**Konurnar höfðu vart komið sér fyrir á torgi skammt frá Ólympíugarðinum þegar lögreglumenn komu aðvífandi og létu svipuhöggin dynja á þeim áður en þeim var gert að yfirgefa torgið.** -js

Slæm loftgæði í Reykjavík:

# Svifryk yfir mörkum í gær

**REYKJAVÍK** Mikið svifryk var í Reykjavík í gær og mældust gildi við Grensásveg allt að 488,1 míkrógramm af ryki í hverjum rúmmetra.

Ástæðan er sú að vindur gærdagsins þyrlaði upp ryki og sandi sem var á götum borgarinnar.

„Við viljum ekki fara út í það að sópa nema útlit sé fyrir að það verði þurrt," segir Guðjóna Björk Sigurðardóttir, skrifstofustjóri skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlands Reykjavíkurborgar.

Einstaklingar með ofnæmi eða hjarta- eða lungnasjúkdóma ættu að forðast að vera úti þar sem hætta er á mikilli mengun og þá sérstaklega í nánd við miklar umferðargötur. - js

Milljónatjón vegna veðurs:

# Veðurofsinn til vandræða í gær

**VEÐUR** Óveður reið yfir sunnanvert landið í gær svo björgunarsveitir höfðu í nógu að snúast.

„Dagurinn byrjaði á því að við fengum útkall vegna þakplötu sem var að fjúka," segir Ólöf S. Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Landsbjargar. Nokkur sambærileg útköll hafi síðan komið yfir daginn og fram á kvöld.

Ólöf segir björgunarsveitarmenn einnig hafa verið á vaktinni á Kjalarnesi þar sem veðrið var sérstaklega slæmt. Þar handleggsbrotnaði kona þegar hún datt í hvassri vindhviðu.

Á Suðurnesjum féll fjarskiptamastur eftir að festing gaf sig. Tjónið er metið á nokkrar milljónir. - js

# Óábyrgt að halda viðræðum áfram

Formaður Sjálfstæðisflokks vék sér undan spurningum um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við ESB á Alþingi í gær. Utanríkisráðherra sagði óábyrgt að halda viðræðum áfram. Formaður Samfylkingar segir ljóst að ekki verði kosið.

**ALÞINGI** Í umræðum um skýrslu um stöðu aðildarviðræðna við Evrópusambandið á Alþingi í gær ítrekaði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra þá afstöðu sína að hann teldi þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald viðræðna óframkvæmanlega.

Benti ráðherrann á að niðurstöður kosninga og skoðanakannana um stuðning við aðild bentu til þess að ekki væri stuðningur meðal almennings við að ganga í Evrópusambandið. Sagðist hann skilja vel þá afstöðu almennings að vilja taka ákvörðun í málinu. Hins vegar þyrfti að vera pólitískur vilji að baki aðildarumsókn ef sú ákvörðun yrði tekin að halda viðræðum áfram.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, segist lesa orð ráðherrans þannig að ljóst sé að ekki verði kosið um áframhald viðræðna.

Í umræðum spurði Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, fjármálaráðherra ítrekað hvort hann myndi standa við fyrri yfirlýsingar sínar um að hann teldi best að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu á fyrri hluta kjörtímabilsins.

„Hann vék sér undan því að svara og er erfitt að sneiða hjá því að álykta að Bjarni Benediktsson sé að velta því alvarlega fyrir sér að standa ekki við þessar yfirlýsingar, sem tryggðu honum stóran hluta af sínu kjósendafylgi. En það er mjög ólíkt honum að standa ekki við orð sín svo ég mun ekki trúa því fyrr en ég set höndina í sárið," segir Össur.



**EVRÓPUSAMBANDSAÐILD** Utanríkisráðherra kynnti skýrslu um stöðu aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Utanríkisráðherra kynnti skýrslu Hagfræðistofnunar fyrir Alþingi. Sagði hann stækkunarstefnu Evrópusambandsins vera óbilgjarna og að sambandið skorti metnaðarfulla framtíðarsýn. Það hefði því verið óábyrgt af stjórnvöldum að hefja viðræður og væri óábyrgt að halda þeim áfram.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, sagði ræðu utanríkisráðherra ekki líklega til að auka samstöðu um málið á þinginu og sakaði ríkisstjórnina um að finna leiðir til þess að komast hjá því að fá svör um hvort Evrópusambandsaðild væri fýsilegur kostur. Kallaði hann eftir að hagsmunamat yrði leiðarljósið í ákvörðun um áframhaldandi viðræður.

Katrín Jakobsdóttir sagðist vilja heyra meira um framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar, um hver næstu skref í málinu væru. Þá kallaði hún eftir frekari pólitískri greiningu á stöðunni.

eva@frettabladid.is




Þingmenn úr öllum flokkum leggja fram tillögu að stefnu í vímuefnamálum:

# Vilja hverfa frá refsistefnu

**ALÞINGI** Píratar ásamt þingmönnum úr öllum flokkum munu í dag leggja fram á Alþingi þingsályktunartillögu um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefneneyslu. Þetta kom fram í sérstakri umræðu á Alþingi í gær um stefnu Íslands í vímuefnamálum.

Málshefjandi var Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, og lagði hann áherslu á að horfið yrði frá refsistefnu gagnvart vímuefnaneytendum og byggt á mannúðlegum úrræðum á forsendum heilbrigðis- og félagslega kerfisins. Mikilvægt væri að auka traust vímuefnaneytenda á og aðgang að opinberri þjónustu.

Helgi Hjörvar sagði stefnu Íslands í vímuefnamálum ekki virka og að stefnu sem skilaði jafnslæmum árangri þyrfti að endurskoða. Ekki væri nóg að lýsa góðum vilja og þyrfti að fjárfesta í fólki, úrræðum og starfi í þessum málum.

Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata, tilkynnti að Píratar legðu fram þingsályktunartillögu um stefnu í vímefnamálum. Þar segir að starfshópur skuli geri úttekt á gildandi lagaumhverfi og líta til erlendrar löggjafar þar sem horfið hefur verið frá refsistefnu tengdri neyslu ólöglegra vímuefna.



**REFSILEYSI** Kallað var eftir því á Alþingi í gær að neysla vímuefna yrði gerð refsilaus. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra lýsti sig tilbúinn til að skoða málið. Ráðherrann upplýsti að mótun aðgerðaáætlunar í málaflokknum hefðist innan skamms. Áætlunin mun taka til forvarna, meðferðarúrræða, eftirfylgni, endurhæfingar og endurskoðunar lagarammans. - eb




Ellingsen býður sérstakt tilboð við forpöntun á kajökum. Verð hér að neðan eru sértilboð til þeirra sem **panta fyrir 28. febrúar**, en kajakarnir koma til landsins um miðjan apríl. Hægt er að skoða úrvalið á heimasíðu Ellingsen og á **perception.co.uk**, en hafa þarf samband við sölumann Ellingsen til að ganga frá pöntun og fá nánari upplýsingar.

**Hafðu beint samband við sölumann:**
Andrej Holbicka,
**580 8510**

## PERCEPTION Triumph 13 Angler

Triumph Angler veitir nægt rými fyrir stangveiði án þess að missa sveigjanleika, lipurð og hraða. Hann er tilvalinn fyrir veiðiklær sem vilja samt ekki gefa neitt eftir í gæðum.

Tilboðsverð
**159.990 kr.**
**Verð 209.990 kr.**




## PERCEPTION Scooter Gemini

Scooter Gemini tekur 2 í sæti. Það er auðvelt að stýra honum og hann hentar einstaklega vel á lygnu vatni.

Tilboðsverð
**109.900 kr.**
**Verð 159.900 kr.**




## PERCEPTION Prodigy II 14.5

Sæti fyrir tvo, sérstyrktur botn og stefni. Hann er lipur og stöðugur og hentar vel á lygnu vatni og í léttum straumi.

Tilboðsverð
**159.900 kr.**
**Verð 209.900 kr.**




## PERCEPTION Essence 17

Sérhannaður kjölur og V-lögun kajaksins gera hann afar stöðugan og auðveldar beygjur. Hentar bæði fyrir byrjendur og lengra komna.

Tilboðsverð
**249.900 kr.**
**Verð 354.900 kr.**




**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 140322

## SVONA ERUM VIÐ



**19%** **fyrirtækja nota samfélagsmiðla til þess að ráða fólk.**

**Í heild nota 59 prósent fyrirtækja samfélagsmiðla. Hæsta hlutfall er meðal gisti- og veitingastaða, eða 91 prósent.**

Hlutdeild Mjólkursamsölunnar í ostakvóta 11 prósent síðastliðin fimm ár:

# Enginn boðið í fjórðung kvótans

**LANDBÚNAÐUR** Guðni Ágústsson, framkvæmdastjóri Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, segir að hlutdeild Mjólkursamsölunnar í samanlögðum ostakvóta á síðastliðnum fimm árum hafi aðeins verið 11 prósent. „Tölurnar sýna að bændafyrirtækin halda ekki uppi verði á innfluttum ostum,“ segir Guðni.



**GUÐNI ÁGÚSTSSON**

Samkvæmt upplýsingum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins hafa fyrirtæki mátt flytja inn 1.400 tonn af osti frá árinu 2009.

Sá háttur er hafður á að fyrirtækin bjóða í tollkvótana og er þeim úthlutað til hæstbjóðenda.

Enginn hefur boðið í rúmlega fjórðung þess ostakvóta sem í boði hefur verið, eða 360 tonn.

Stærsti innflytjandinn er Innnes ehf. sem hefur flutt inn tæp 330 tonn, Sólstjarnan hefur flutt inn 200 tonn, MS tæp 160 tonn og innflutningur Haga nemur tæpum 130 tonnum.

➜ Innnes er stærsti innflytjandi osta hér á landi.

Guðni segir að tölurnar sýni að það sé rangt, sem haldið hefur fram í fjölmiðlum, að MS sé ráðandi í innflutningi á ostum. - jme

Mörgum sagt upp í Hrísey:

# Þrettán missa vinnuna í fiski

**HRÍSEY** Þrettán manns var sagt upp störfum hjá sjávarútvegsfyrirtækinu Hvammi í Hrísey í gær. Fyrirtækið er stærsti vinnuveitandinn í eynni. „Ástæða uppsagnanna er rekstrarörðugleikar, það vantar fisk og það er búin að vera leiðindatíð og lítil veiði. Það er erfiður rekstur á þessu,“ segir Þröstur Jóhannsson, einn eigendanna. Miðað við hlutfall af íbúafjölda jafngilda uppsagnirnar því að rúmlega 30.000 manns yrði sagt upp á höfuðborgarsvæðinu. -js

Ráðning grunnskólastjóra:

# Vildu aðkomu foreldrafélaga

**SKÓLAMÁL** Tillaga sjálfstæðismanna um virkt samráð við foreldrafélög sem gæfu umsagnir vegna ráðningar skólastjóra var felld af öðrum borgarstjórnarfulltrúum.

„Með afgreiðslu tillögunnar sannast enn og aftur að Samfylkingin og Besti flokkurinn hafa ekki áhuga á að auka samráð við foreldra um skólastarf í borginni,“ bókuðu sjálfstæðismenn en fulltrúar Besta flokksins og Samfylkingar sögðu skóla- og frístundaráð þegar hafa samþykkt tillögu um að auka aðkomu foreldra að ráðningum stjórnenda í leik- og grunnskólum. - gar



**RAJIV GHANDI**

Þrír fá lífstíðarfangelsi:

# Dráttur verður mönnum lífgjöf

**INDLAND, AP** Hæstiréttur Indlands breytti dauðadómi þriggja fanga í lífstíðarfangelsi á þriðjudag. Þremenningarnir voru dæmdir til dauða fyrir tuttugu árum fyrir að hafa átt minniháttar þátt í morði á fyrrverandi forsætisráðherranum Rajiv Gandhi.

Í tvo áratugi hafa þeir beðið aftöku á dauðadeild í Vellore-fangelsinu. Hæstiréttur samþykkti að breyta dómnum vegna dráttar á aftöku. Mennirnir segjast ekki hafa vitað af áætluninni um að myrða forsætisráðherrann árið 1991, sem Tamíltígrar skipulögðu. -ue

# Nýju lögin fá framhaldslíf

**Þingmenn allra flokka í umhverfisnefnd sættust á að ný náttúruverndarlög yrðu ekki afturkölluð í heild sinni. Gildistöku er þess í stað frestað þangað til endurskoðun er lokið. „Söguleg sátt,“ segir nefndarformaður.**



**MENGUN** Áralöng vinna að baki nýjum náttúruverndarlögum nýtist þrátt fyrir áhyggjur um annað.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**UMHVERFISMÁL** Samkomulag náðist í gær í umhverfis- og samgöngunefnd um að ný náttúruverndarlög verða ekki felld úr gildi heldur verður gildistöku þeirra frestað til 1. júlí 2015. Sá tími verður nýttur til að grandskoða þá þætti sem helst hafa verið umdeildir. Meirihluti og minnihluti nefndarinnar standa sameiginlega að niðurstöðunni.

Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður nefndarinnar, segir að sáttin sem náðist í gær sé söguleg, enda hafi margt bent til þess að hörð átök yrðu um málið. Höskuldur vísar til þess þegar Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfisráðherra kynnti áform sín. Var kallað eftir endurskoðun einstakra kafla laganna, eins og nú hefur skapast friður um.



**HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON**

Þrír þingmenn skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara; Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, og Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna.

Katrín Júlíusdóttir fagnar niðurstöðunni enda er hún í samræmi við tillögur hennar og annarra í minnihlutanum. Hún segir niðurstöðuna afurð ítarlegrar vinnu sem leiddi fram að ekki var eins langt á milli sjónarmiða og í fyrstu leit út fyrir. Ákveðið hafi verið að fara þessa frestunarleið með þverpólitískri sátt frekar en að umræða um náttúruvernd á Íslandi lenti enn og aftur í blindgötu. Eins fagnar hún því að umhverfisnefnd fái tækifæri til að gaumgæfa niðurstöðu ráðuneytisins og veita umsögn þegar þar að kemur. Katrín Jakobsdóttir tekur undir að það séu stórtíðindi að samkomulag náist um að hverfa frá afturköllun laganna og nota tímann til að reyna að ná sátt um einhverjar breytingar. Hin raunverulega áskorun sé hins vegar hvort takist að gera breytingar án þess að draga úr gildi laganna. „En ég geng til þeirrar vinnu af fullum heilindum,“ segir Katrín en bætir við að heildarhugsun nýju laganna hafi verið mikið framfaraskref fyrir náttúruvernd í landinu. „En ég fagna því að samkomulag hafi náðst um að kasta henni ekki fyrir borð heldur leita leiða til að lögin geti gengið í gildi.“



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**

svavar@frettabladid.is

## Helstu álitamál sem verða endurskoðuð

- Að óbreyttu áttu ný lög um náttúruvernd að taka gildi 1. apríl 2014, en þau voru samþykkt á Alþingi rétt fyrir þinglok í vor. Með brottfalli þeirra áttu eldri og núgildandi lög frá 1999 að halda gildi sínu.

**Þeir þættir nýrra náttúruverndarlaga sem hafa verið sérstaklega umdeildir varða helst:**

- Almannarétt. Í náttúruverndarlögum lýtur almannaréttur helst að rétti fólks til ferðar um landið til að njóta útiveru og samvista við náttúruna. Landeigendur hafa sett fram efasemdir um ákvæði nýrra laga.
- Varúðarregluna. Inntak reglunnar er að skorti á vísindalegri fullvissu, þar sem hætta er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni, skal ekki beitt sem rökum til þess að fresta aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll.
- Ákvæði um sérstaka vernd. Varðar t.d. skipulag friðlýsingar, friðunar og verndar.
- Utanvegaakstur. Ákvæði laganna um hvar leyfilegt er að aka, t.d. á hálendinu, hefur mætt harðri gagnrýni. Ekki síst frá samtökum eins og ferðaklúbbnum 4x4.
- Framandi lífverur. Á við um dýr, plöntur og örverur til dæmis.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**NA-HVASSVIÐRI EÐA STORMUR** á landinu SA-verðu í dag og á morgun, annars allhvasst víða. Úrkoma um landið SA- og A-vert næstu daga og snjóél N-til. Kólnar heldur í veðri um helgina.




**Á morgun**
8-15 m/s, hvassara SA-til.




**Laugardagur**
8-15 m/s NV- og SA-til, annars hægari.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 21° | Billund | 6° | Gautaborg | 5° | London | 12° | Orlando | 29° | San Francisco | 16° |
| Basel | 13° | Frankfurt | 11° | Kaupmannahöfn | 5° | Mallorca | 17° | Ósló | 0° | Stokkhólmur | 0° |
| Berlín | 10° | Friedrichshafen | 11° | Las Palmas | 19° | New York | 8° | París | 13° | | |



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

FIMMTUDAGUR 20. FEBRÚAR




# Á Orkunni og Shell




Öll Skeljungskort gilda líka á Orkustöðvunum.

Í tilefni dagsins veita kort og lyklar Orkunnar og Staðgreiðslukort Skeljungs **12 kr. afslátt** á bensínstöðvum Orkunnar og Shell **fimmtudaginn 20. febrúar**.

## Nýttu daginn vel!

Vinsamlegast athugið að afslátturinn bætist ekki við aðra afslætti.

Viðskiptavinir mega velja sér tilefni að eigin vali.

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er sveitarstjóri í Rangárþingi eystra?
**2.** Hvaða stofnun vann skýrslu um stöðu aðildarviðræðna Íslands við ESB?
**3.** Hver er upplýsingafulltrúi Vodafone á Íslandi?

**SVÖR**
1. Ísólfur Gylfi Pálmason.
2. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
3. Hrannar Pétursson.

Dótturfélag Íbúðalánasjóðs hefur keypt 517 íbúðir sem ætlaðar eru til langtímaleigu:

# Leigufélagið tjaldar ekki til einnar nætur

**HÚSNÆÐI** Íbúðalánasjóður hefur selt 517 íbúðir til Leigufélagsins Kletts ehf., sem sjóðurinn stofnaði fyrir ári, en rekstur þess er sjálfstæður. Rúmur helmingur íbúðanna er á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.

„Við erum félag sem hefur það hlutverk að bjóða einstaklingum og fjölskyldum trygga leigu með áherslu á langtímahugsun. Leigjandinn getur gert ráð fyrir að hafa viðkomandi húsnæði til afnota til lengri tíma en áður hefur þekkst enda tjöldum við ekki til einnar nætur,“ segir Bjarni Þór Þórólfsson, framkvæmdastjóri Kletts.

Sótt er um íbúðirnar á heimasíðu Kletts og leigumiðlunarsíðum. Ef fleiri en einn sækir um íbúð er dregið úr öllum umsóknum sem borist hafa í eignina. „Flestar þessara 517 íbúða eru nú þegar í útleigu. Það er þó alltaf einhver hreyfing.“

Almennt eru gerðir ótímabundnir leigusamningar með sex mánaða uppsagnarfresti. Spurður um leiguverð segir Bjarni að notast sé við hugtakið sanngjörn markaðsleiga við ákvörðun á leiguverði. Sem dæmi auglýsir félagið 41 fermetra íbúð í Fannborg í Kópavogi á 83 þúsund krónur.

Bjarni getur ekki svarað hvort eða hvenær fleiri íbúðir komi á skrá leigufélagsins en samkvæmt mánaðarskýrslu Íbúðalánasjóðs átti sjóðurinn 2.117 fullnustueignir í lok janúarmánaðar 2014, fyrir utan íbúðir sem seldar voru til Kletts. **- ebg**



**„Leigjandinn getur gert ráð fyrir að hafa viðkomandi húsnæði til afnota til lengri tíma en áður hefur þekkst.**

*Bjarni Þór Þórólfsson framkvæmdastjóri Kletts leigufélags.*

**UMFERÐ**

### Vilja öryggi við Austurver

Hverfisráð Háaleitis- og Bústaðahverfis hyggst boða eigendur Austurvers, fulltrúa Grensáskirkju og fulltrúa Reykjavíkurborgar á fund til að ræða skipulag svæðisins við Austurver með tilliti til öryggis barna.

**REYKJANESBÆR**

### Opinbert einkahlutafélag

Bæjarráð Reykjanesbæjar hefur ákveðið að stofna einkahlutafélagið Hljómahöll veitingar ehf. um veitingar í Hljómahöllinni. Um er að ræða tilraunaverkefni í eitt ár.







Árni Björnsson þjóðháttafræðingur ritar hnitmiðað yfirlit um menningar- og atvinnusögu tímabilsins í meginhluta fyrsta bindisins, eins konar ramma utan um verkið og skipar því í samhengi við sinn tíma.

Margverðlaunað, þriggja binda, verk um mannlíf á millistríðsárunum 1919 – 1939. Lifandi lýsing á landi og þjóð, í máli og nær 2000 myndum, á einhverju mesta umbrotaskeiði Íslandssögunnar.

**Síðustu 160 settin boðin á 9.900.- í stað 29.900.- á bókamarkaðinum í Laugardal.**

*Verkinu fylgja 40 sérprentaðar myndir úr bókunum og nokkrar tveggja alda gamlar, litaðar þjóðlífsmyndir.*

Örn og Örlygur - Sími: 898 6658
Netfang: ornogorlygur@gmail.com









**ENDURHÆFING** Sumir hafa verið bótalausir í allt að mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tryggingastofnun rangtúlkaði lög

Úrskurðarnefnd almannatrygginga hefur úrskurðað að greiðslur endurhæfingarlífeyris eigi að hefjast um leið og greiðslurétti úr sjúkrasjóði lýkur. Lögfræðingur Alþýðusambandsins segir úrskurðinn hafa áhrif á réttarstöðu fjölda launamanna.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Tryggingastofnun ríkisins hefur túlkað lögin rangt. Ég lít svo á að úrskurðurinn hafi ótvírætt fordæmisgildi og sé afturvirkur. Þeir sem telja sig hafa verið hlunnfarna um endurhæfingarlífeyri ættu nú að geta sótt rétt sinn,“ segir Magnús Nordahl, yfirlögfræðingur Alþýðusambands Íslands, og bætir við að það sé ljóst að úrskurðurinn geti haft áhrif á réttarstöðu fjölda launafólks.

Úrskurðarnefnd almannatrygginga úrskurðaði í lok síðasta mánaðar að greiðslur endurhæfingarlífeyris frá Tryggingastofnun ættu að hefjast um leið og greiðslurétti úr sjúkrasjóði er lokið.

Stofnunin hefur hingað til túlkað lög um endurhæfingarlífeyri á þann hátt að hefja ætti greiðslur fyrsta dag næsta mánaðar eftir að veikindarétti og greiðslurétti úr sjúkrasjóði er lokið. Þetta hefur orðið til þess að sumir hafa verið bótalausir í allt að mánuð.

Það var Stéttarfélag Vesturlands sem ákvað að láta reyna á málið.

Kona sem var félagi í stéttarfélaginu hafði átt við heilsubrest að stríða. Hinn 8. janúar í fyrra hætti fyrirtækið sem hún vann hjá að greiða henni laun í veikindum. Hún sótti um dagpeninga sem hún átti rétt á hjá sjúkrasjóði Stéttarfélags Vesturlands. Í byrjun apríl sótti hún um endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun en greiðslum úr sjúkrasjóði lauk 8. júní.

Tryggingastofnun taldi að ekki bæri að greiða konunni endurhæfingarlífeyri fyrr en 1. júlí. Konunni var því ætlað að vera bótalausri í 22 daga.

Signý Jóhannsdóttir, formaður Stéttarfélags Vesturlands, segir að það hafi lengi verið verkalýðshreyfingunni mikill þyrnir í augum hvernig Tryggingastofnun hefur túlkað lögin um endurhæfingarlífeyri. „Stéttarfélögin hafa í sumum tilvikum lengt greiðslurétt um einhverja daga eða vikur svo fólk yrði ekki bótalaust. Hafi það ekki verið hægt hefur fólk orðið að leita á náðir sveitarfélaga eða til ættingja um framfærslu. Við ákváðum því að láta reyna á þetta mál,“ segir Signý.

Haft var samband við Tryggingastofnun í gærmorgun og spurt um viðbrögð við úrskurðinum. Í svari stofnunarinnar segir að svara sé að vænta í dag.

johanna@frettabladid.is

### Lífeyrir greiddur í 18 mánuði

Heimilt er að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að 18 mánuði þegar ekki verður séð hver starfshæfni einstaklings, sem er á aldrinum 18-67 ára, verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys. Greiðslur skulu inntar af hendi á grundvelli endurhæfingaráætlunar. Skilyrði fyrir greiðslum er að umsækjandi taki þátt í endurhæfingu með starfshæfni að markmiði sem telst fullnægjandi að mati framkvæmdaraðila og eigi hvorki rétt til launa í veikindaleyfi né greiðslna frá sjúkrasjóðum eða teljist tryggður samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Þingvallanefnd hyggst kynna sér reglur um flugumferð í þjóðgörðum:

# Flugumferð spillir friðsældinni

**UMHVERFISMÁL** „Friðsæld er meðal grunngilda þjóðgarðsins og stöðugt vaxandi flugumferð hefur spillt þeim verðmætum,“ segir Þingvallanefnd sem kveður þyrluflug og annað útsýnisflug innan þjóðgarðsins hafa aukist jafnt og þétt síðastliðin ár.

Þingvallanefnd hefur vegna þessa ákveðið að kynna sér reglur um flugumferð yfir þjóðgörðum og náttúruverndarsvæðum og ræðir hvort tilefni sé til að útbúa skýrari reglur. „Hingað til hefur Þingvallanefnd í sérstökum tilfellum leyft lágflug og lendingar vegna rannsókna og flutninga og eru þá valdir tímar þannig að sem minnstu raski valdi,“ segir í bókun nefndarinnar. **- gar**



**ÞYRLA Á ÞINGVÖLLUM** Í aðdraganda bankahrunsins mátti iðulega sjá og heyra þyrlur flytja byggingarefni að sumarhúsum sem var verið að reisa í þjóðgarðinum á Þingvöllum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Elizabeth Arden
NEW YORK

GJÖFIN ÞÍN FRÁ ELIZABETH ARDEN




# ELIZABETH ARDEN DAGAR Í HAGKAUP DAGANA 20. - 26. FEBRÚAR

25% KYNNINGARAFSLÁTTUR AF ELIZABETH ARDEN HREINSIVÖRUM, MÖSKUM OG ANDLITSKREMUM.

Þessi fallegi kaupauki er þinn* þegar keyptar eru tvær vörur frá ELIZABETH ARDEN.

*Gildir til 26. febrúar á meðan birgðir endast. Gildir í Hagkaup Holtagörðum, Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Spönginni, Garðabæ, Akureyri, Borgarnesi, Njarðvík og Selfossi. Athugið að ekki er sama vöruúrval í öllum verslunum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Skýrsla um áhrif hækkunar lágmarkslauna kyndir undir deilum vestanhafs:

# Milljón störf geta farið í súginn



**BARACK OBAMA** Bandaríkjaforseti vill hækka lágmarkslaun með lögum. MYND/AP

**BANDARÍKIN** Milljón manns gætu misst vinnuna í Bandaríkjunum verði fyrirætlanir Baracks Obama Bandaríkjaforseta um hækkun lágmarkslauna að veruleika.

Það er vegna þess að ráðgert er að vinnuveitendur muni bregðast við hærri launakostnaði með því að segja upp starfsfólki.

Þetta er niðurstaða skýrslu fjárlagaskrifstofu bandaríska þingsins sem var falið að meta áhrif þess ef alríkislögum um lágmarkslaun yrði breytt svo að þau myndu hækka úr 7,25 dollurum á klukkustund upp í 10,1 dollara.

Repúblikanar segja að fækkun starfa bitni helst á þeim sem hafa minnsta starfsreynslu, sem sé ungt fólk. Demókratar hafa hins vegar bent á að samkvæmt skýrslunni gæti hækkunin leitt til þess að milljón manns kæmist upp fyrir fátæktarmörk. Margir í röðum demókrata hafa þó kosið að gera sem minnst úr skýrslunni og segja hana vera á skjön við kenningar sumra hagfræðinga sem telja að hækkun lágmarkslauna ýti ekki undir atvinnuleysi. - js



**VIÐ TJÖRNINA** Mannréttindastjóri Reykjavíkur segist heyra á þeim hælisleitendum sem flutt hafa til borgarinnar að þeim þyki þeir falla betur inn í mannfjöldann í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Falla frekar inn í fjöldann í borginni

Fimmtíu hælisleitendur þiggja nú þjónustu frá Reykjavíkurborg. Voru áður í Reykjanesbæ þar sem ekki var hægt að anna öllum hælisleitendum. Falla frekar inn í fjöldann í borginni, sem auðveldar félagslega aðlögun.

**MANNRÉTTINDI** Yfirfærsla þjónustu við fimmtíu hælisleitendur frá Reykjanesbæ til Reykjavíkur hefur gengið vel að sögn mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar.

Um áramót tóku gildi þjónustusamningar innanríkisráðuneytisins við Reykjavíkurborg og Reykjanesbæ um þjónustu við hælisleitendur á meðan mál þeirra eru til meðferðar hér á landi. Í þeim felst að Reykjavík tekur við þjónustunni við fimmtíu einhleypa karlmenn, en í Reykjanesbæ, sem þjónustaði áður alla hælisleitendur, eru nú að því er fram kemur á vef bæjarins 79 manns, aðallega fjölskyldufólk, enda eru þar á meðal 20 börn.

Þar segir jafnframt að með þessu hafi létt mikið á þjónustuþörf í bæjarfélaginu, enda sagði talskona félagsþjónustunnar í Reykjanesbæ í viðtali við Fréttablaðið síðasta sumar, þegar um 150 hælisleitendur voru þar, að bærinn hefði ekki burði til að þjónusta svo marga.

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar, segist ánægð með hvernig verkefnið hefur gengið hingað til.

„Margir af þessum mönnum hafa verið hér á landi í langan tíma og þessar breytingar hafa gengið nokkuð áreynslulaust.“

Mennirnir búa, að sögn Önnu, í um fimmtán íbúðum sem borgin leigir á almennum markaði með húsgögnum. Flestar íbúðirnar eru miðsvæðis, enda sér þjónustumiðstöð miðborgar og Hlíða um þjónustuna við hópinn.

> **Við höfum heyrt af þeim að það sé öðruvísi að vera hér í fjölmenninu en í fámennara sveitarfélagi, þar sem þú fellur frekar inn í fjöldann hér.**
>
> *Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar*

Anna segir mennina hafa aðgang að margs konar þjónustu á vegum borgarinnar, til dæmis sundlaugum, strætisvögnum og öðru. Hún segir að upplifun mannanna af dvöl hér á landi sé öðruvísi í borginni.

„Við höfum heyrt af þeim að það sé öðruvísi að vera hér í fjölmenninu en í fámennara sveitarfélagi, þar sem þú fellur frekar inn í fjöldann hér. Það er ekki svo að almenningur gefi sér hér að um hælisleitendur sé að ræða ef fólk af erlendum uppruna býr í íbúð úti í bæ. Það er kannski helsti munurinn og gerir þessa félagslegu aðlögun auðveldari, sem er einmitt það sem borgarstjóri lagði upp með í byrjun verkefnisins,“ segir Anna.

thorgils@frettabladid.is


Toffeln

FLEXI CLOG

Hágæða vinnuskór fyrir fagfólk í eldhúsi og á heilbrigðisstofnunum

20% afsláttur



Framúrskarandi fyrirtæki 2013

FASTUS_H_02.02.14

FlexiClog er með sérhannað innlegg sem styður við fótinn og hjálpar þannig til við að halda líkamanum í réttri stöðu. Verð áður kr. 12.900,-

**Verð nú kr. 10.320,-**

FASTUS

Veit á vandaða lausn

**Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00**

Fastus ehf. • Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is



Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




SAFT



# ÞEKKINGIN BEISLUÐ – NÝSKÖPUN OG FRUMKVÆÐI

*Einstök bók um nýsköpun á Íslandi – útgáfudagur 4. júní 2014*



*Þorsteinn Ingi Sigfússon*

- Afmælisrit tileinkað Þorsteini Inga Sigfússyni, prófessor og forstjóra, sextugum.
- 33 sjálfstæðir bókarkaflar fjalla um hvernig þekking er beisluð og henni veitt í farveg nýsköpunar og stofnunar fyrirtækja. Frumkvöðlar segja sögu nokkurra lykilverkefna í íslensku atvinnulífi auk þess sem sérfræðingar á ákveðnum fagsviðum skrifa um efni þeim hugleikið.
- Útgefandi er Hið íslenska bókmenntafélag í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

**Viltu skrá þig á heillaóskaskrá (Tabula gratulatoria)?**

- Þeim sem skrá sig á heillaóskaskrána býðst að kaupa verkið á kr. 5.990.– auk póstburðargjalds. Gjaldið verður innheimt í júní 2014 samhliða dreifingu bókarinnar.
- Hægt er að skrá nafn sitt og allar viðeigandi upplýsingar í gegnum heimasíðu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands: **www.nmi.is/nyskopunarbok** eða með því að senda upplýsingar á netföngin: **nmi@nmi.is** | **hib@islandia.is** Nafn viðkomandi (og maka) eða stofnunar mun birtast á heillaóskaskrá fremst í ritinu.




**Í URRIÐAHOLTI** Oddur rekur Urriðavöll. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Erfiðleikar hjá golfklúbbi:

# Eiga rétt fyrir leigu á landi

**SVEITARSTJÓRNIR** Golfklúbburinn Oddur, sem rekur golfvöll á landi Oddfellow-reglunnar, á nú í rekstrarerfiðleikum.

Er formaður og framkvæmdastjóri Odds gengu fyrir íþrótta- og tómstundaráð Garðabæjar upplýstu þeir að af 1.150 félagsmönnum byggi fjórðungur í Garðabæ og um tvö hundruð væru í Oddfellow. Félagsgjald væri hærra en hjá öðrum en dygði ekki fyrir öðru en leigugjaldi af vellinum til Oddfellow. Stækka þyrfti völlinn og farið var fram á að Garðabær greiddi leiguna af landinu. - gar

Markhönnun ehf

# netto

Kræsingar & kostakjör

Nýtt korta-tímabil



## KJÚKLINGA FAJITAS

FYRIR FJÓRA:

450 g kjúklingabringur (eða nautakjöt), skornar í lengjur
Casa Fiesta tortillavefjur
2 litlar rauðar eða grænar paprikur, skornar í lengjur
1 lítill laukur, niðurskorinn
3 hvítlauksrif, niðurskorin
1 1/4 tsk. cumin krydd
1 tsk. chilli krydd
1 krukka Casa Fiesta salsasósa
olía til steikingar

Meðlæti:
MS sýrður rjómi, Casa Fiesta guacamole, MS rifinn ostur og ólífur.

Hitið olíu á pönnu. Steikið paprikuna, laukinn og hvítlaukinn þar til paprikan er orðin mjúk og laukurinn gylltur að lit.

Setjið kjúklinginn út á pönnuna, ásamt cumin og chilli kryddinu. Steikið þar til kjötið er ekki lengur bleikt að lit. Hellið salsasósunni út á pönnuna og látið malla þar til kjúklingurinn er steiktur í gegn.

Hitið tortillurnar samkvæmt leiðbeiningum á umbúðunum. Fyllið tortillurnar með kjúklingafyllingunni. Bætið meðlæti að eigin vali ofan á. Berið fram strax.

## 20% afsláttur af Casa Fiesta vörum

CASA FIESTA



**SÝRÐUR RJÓMI**
10% Í FLÖSKU
**STYKKJAVERÐ**
~~ÁÐUR 309~~
**294,-**



**MOZZARELLA**
RIFINN 200 G
**PAKKAVERÐ**
~~ÁÐUR 345~~
**328,-**



FRÁBÆRT VERÐ!

**KJÚKLINGALUNDIR**
700 G
**PAKKAVERÐ**
~~ÁÐUR 1.698~~
**679,-**
-60%



**PIZZA**
NICE'N EASY 460 G
**STYKKJAVERÐ**
~~ÁÐUR 398~~
**259,-**
-35%



**NAUTAFILLE**
FERSKT
**KÍLÓVERÐ**
~~ÁÐUR 3998~~
**2.999,-**
-25%



**LAX Í PESTÓSÓSU**
M/FETA
**PAKKAVERÐ**
~~ÁÐUR 1.428~~
**1.124,-**
-25%



**EPLI**
MACHINTOSH
**1.36 KG**
~~ÁÐUR 499~~
**249,-**
-50%

**Tilboðin gilda 20. - 23. feb 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

# HYUNDAI NOTAÐIR

Gott úrval notaðra bíla á staðnum.
Komdu í heimsókn eða skoðaðu heimasíðuna;
www.hyundai.is / notaðir bílar.

ALLT AÐ 80% FJÁRMÖGNUN

HYUNDAI Nr. 120335



HYUNDAI ix35 GLS
Nýskr 06/2011, ekinn 34 þús.
bensín, sjálfskiptur
VERÐ
4.190 þús.

HYUNDAI Nr. 120283



TOYOTA AVENSIS WAGON SOL
Nýskr 05/2012, ekinn 36 þús.
bensín, beinskiptur
VERÐ:
3.990.000 kr.

HYUNDAI Nr. 120251



HYUNDAI i30 WAGON
Nýskr 11/2012, ekinn 17 þús.
bensín, beinskiptur
VERÐ:
2.750.000 kr.

HYUNDAI Nr. 120294



HYUNDAI ix20 COMFORT
Nýskr 09/2011, ekinn 22 þús.
bensín, beinskiptur
VERÐ:
2.890.000 kr.

HYUNDAI Nr. 120336



RENAULT MEGANE SPORT TOUR.
Nýskr 05/2011, ekinn 58 þús.
dísil, sjálfskiptur
VERÐ:
2.890.000 kr.

HYUNDAI Nr. 120327



HYUNDAI i30 COMFORT
Nýskr 06/2011, ekinn 65 þús.
dísil, sjálfskiptur
VERÐ:
2.350.000 kr.

HYUNDAI Nr. 120272



CHEVROLET CRUZE
Nýskr 06/2013, ekinn 9 þús.
bensín, beinskiptur
VERÐ:
2.790.000 kr.

HYUNDAI
Kauptúni 1
Sími 575 1200


## SKRIÐJÖKLARNIR FARA MINNKANDI

**Þeir tíu skriðjöklar sem hopuðu mest á síðasta ári. Talið er að allir jöklar landsins verði horfnir eftir 200 ár.**




# Heinabergsjökull styttist um kílómetra

Jökulsporðar voru mældir á nær 50 stöðum á landinu síðastliðið ár. Jarðfræðingur segir að hitastig ráði mun meiru um afkomu jökla en úrkoma. Framhlaupsjöklar eiga það til að styttast mikið en hlaupa svo skyndilega fram af krafti.

**NÁTTÚRA** „Lengstu skriðjöklarnir styttast mest,“ segir Oddur Sigurðsson jarðfræðingur.

Hlýnun jarðar gerir það að verkum að jöklar eiga í vök að verjast. Því er spáð að jöklar Íslands verði horfnir innan tveggja alda. Fyrst fara skriðjöklarnir og svo meginjöklarnir. Á síðustu öld hvarf einn jökull, Okjökull.



ODDUR SIGURÐSSON

„Hann hefur rýrnað svo mikið að hann er kominn niður fyrir tíu prósent af því sem hann var um aldamótin 1900. Nú er einungis eftir smá svellstykki. Það er svo þunnt að það skríður ekki og því er ekki lengur hægt að kalla þetta jökul,“ segir Oddur.

Oddur hefur mælt framskrið og hopun skriðjökla síðastliðinn aldarfjórðung eða svo.

Jökulsporða var vitjað á 46 mælistöðum síðastliðið sumar. Á nær öllum mælistöðvunum höfðu skriðjöklarnir hopað, mismikið þó.

„Hitastigið ræður mestu um afkomu jöklanna, mun meiru en úrkoma. Einn af þeim jöklum sem ég hef fylgst hvað lengst og mest með er Sólheimajökull sem gengur út úr Mýrdalsjökli. Ég hef lært mikið af honum.

Hann sýnir mjög skýr viðbrögð við loftslaginu,“ segir Oddur og bætir við að þegar hann setji saman á línurit sumarhitann í Stykkishólmi og sporðabreytingar á Sólheimajökli sé mikil fylgni þar á milli.

Sá jökull sem minnkaði mest síðastliðið ár var Heinabergsjökull. Hann hopaði um hátt í kílómetra en ýmislegt getur haft áhrif á mælingarnar.

„Vegna þess að undirlag jökla er ekki alls staðar slétt og jafnt koma rykkir í mælinguna þegar jökulsporðurinn liggur fram á hæð eða er í lægð í landslaginu. Einnig eru sumir jöklar huldir einangrandi aurkápu í sporðinn og þá gengur mjög hægt á þá um skeið en að lokum slitnar einangraði ísbunkinn framan af jöklinum og þá styttist jökullinn skyndilega,“ segir Oddur.

Hann segir að jöklar sem eru á floti í sporðinn, til dæmis Breiðamerkurjökull í Jökulsárlóni, eigi það til að brotna upp mjög ört en geti þó stundum gengið fram þó að afkoma þeirra gefi ekki tilefni til.

Svo eru framhlaupsjöklar eins og Tungnárjökull. Þeir styttast að jafnaði mikið miðað við aðra jökla en svo hlaupa þeir skyndilega fram langar leiðir á örskömmum tíma án þess að menn hafi fundið fullnægjandi skýringu á því háttalagi.

johanna@frettabladid.is



**Á FLOTI** Breiðamerkurjökull í Jökulsárlóni á það til að brotna upp mjög ört en getur þó stundum gengið fram þótt afkoma hans gefi ekki tilefni til. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


NICOTINELL FRUIT er ódýrara!




Gildir fyrir allar pakkningastærðir og styrkleika af Nicotinell Fruit

15% AFSLÁTTUR

Landsbyggðin
Glerártorg Akureyri
Hrísalundur Akureyri
Dalvík
Hella
Hveragerði
Hvolsvöllur
Keflavík
Selfoss
Vestmannaeyjar
Þorlákshöfn

Höfuðborgarsvæðið
Austurver
Domus Medica
Eiðistorg
Fjörður
Hamraborg
JL-húsið
Kringlan

Lyf & heilsa
Við hlustum!




*Gildir ekki af snyrtivörum frá MAC

Finndu okkur á facebook

**Opið 11 - 21 í dag**

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Dómsúrskurður í Taílandi:

## Ekki leyfilegt að beita ofbeldi

**TAÍLAND, AP** Dómstóll í Taílandi kvað í gær upp þann úrskurð að stjórnvöld mættu ekki brjóta gegn réttindum mótmælenda, þrátt fyrir neyðarlög sem sett voru í síðasta mánuði. Fjölmenn hreyfing mótmælenda í Taílandi hefur mánuðum saman krafist þess að Shinawatra forsætisráðherra segi af sér ásamt ríkisstjórn sinni.

Sigur hennar í nýlegum kosningum hefur engu breytt því mótmælendur vilja enn að hún segi af sér. - gb



**ÓEIRÐALÖGREGLAN** Fjölmennt lið lögreglumanna stóð vaktina gegn mótmælendum í Kænugarði í fyrrinótt, meðan eldarnir loguðu í kring. NORDICPHOTOS/AFP



**VÍGBÚNIR MÓTMÆLENDUR** Átökin á Maidan-torgi í Kænugarði í fyrrinótt urðu þau mannskæðustu frá upphafi mótmælanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Dýraríki Íslands teiknað af Benedikt Gröndal
á árunum 1874 – 1905
ásamt formála og tegundaskrá höfundar
Steindór Steindórsson frá Hlöðum ritar eftirmála



Viðhafnarútgáfa þessi er gerð til þess að minnast 150 ára afmælis höfundarins 6. október 1976

*Þann 6. október 1976 minntumst við 150 ára afmælis náttúrufræðingsins og snillingsins Benedikts Gröndal og gáfum út þetta höfuðverk hans í 1500 tölusettum og árituðum eintökum.*

*Hinn þjóðkunni náttúrufræðingur og skólameistari, Steindór Steindórsson frá Hlöðum, ritaði eftirmála um ævi og störf Benedikts, sem einnig er á ensku í bókinni.*

*Það talar sínu máli um glæsileik og gildi verksins, að Vigdís Finnbogadóttir forseti valdi það sem gjöf til erlendra þjóðhöfðingja.*

*Meginupplag bókarinnar var fyrir löngu uppselt en á síðasta ári fundust nokkrar ónotaðar prentarkir.*

*Þær voru bundnar inn og settar á markað. Enn eru eftir 17 eintök af verkinu og gefst nú almenningi kostur á að eignast þau.*

*Verð hvers eintaks er kr. 49.500,-*

*Bókin er seld beint af forlagi.*

*Nánari upplýsingar í síma 898 6658 og á netfanginu ornogorlygur@gmail.com*

ÖRN OG ÖRLYGUR


# ESB íhugar refsiaðgerðir

Átökin í Úkraínu hafa kostað tugi manna lífið frá því á þriðjudag. Leiðtogar Evrópusambandsins og Bandaríkjanna eru sammála um að Úkraínustjórn beri höfuðábyrgðina. Sameinuðu þjóðirnar fara fram á óháða rannsókn.

**ÚKRAÍNA** Átökin í Kænugarði í fyrrinótt voru þau mannskæðustu til þessa og kostuðu að minnsta kosti 25 manns lífið. Meira en 200 manns særðust.

Viktor Janúkovítsj Úkraínuforseti rak yfirmann úkraínska hersins í gær eftir að fram kom hörð gagnrýni á alþjóðavettvangi.

Utanríkisráðherrar Evrópusambandsins hafa verið kallaðir saman til fundar í Brussel í dag. Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, sagðist reikna með því að þessum fundi yrði samþykkt að beita refsiaðgerðum gegn þeim sem bera ábyrgð á ofbeldinu í Úkraínu.

Barroso fór ekki í grafgötur með að hann teldi ráðamenn Úkraínu bera þar höfuðábyrgðina.

Joe Biden, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði Bandaríkin fordæma ofbeldi allra, sem hlut eiga að máli, en Úkraínustjórn bera þó „sérstaka ábyrgð“.

Biden skoraði jafnframt á Janúkovítsj að draga sérsveitir til baka og sjá til þess að aðgerðum verði haldið í hófi.

Þá hefur Navi Pillay, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, kallað eftir því að gerð verði óháð rannsókn á ofbeldinu í Kænugarði, til að tryggja að hægt verði að draga til ábyrgðar þá sem átt hafa stærstan þátt í því hvernig fór.

> **Úkraína er vinaríki okkar og mikilvægur samstarfsaðili, og við munum beita öllum okkar áhrifum til þess að koma á friði og ró.**
>
> *Úr tilkynningu frá utanríkisráðuneyti Rússlands*

Janúkovítsj forseti segir hins vegar stjórnarandstöðuna bera alla ábyrgð á dauðsföllunum og skorar á hana að slíta tengsl sín við róttæk öfl. Stjórnarandstæðingar hafi gengið of langt þegar þeir hvöttu menn til að mæta vopnaða til mótmælanna í Kænugarði.

Rússnesk stjórnvöld standa þétt við bakið á Janúkovítsj og hóta því nú að grípa inn í og binda enda á átökin.

„Úkraína er vinaríki okkar og mikilvægur samstarfsaðili, og við munum beita öllum okkar áhrifum til þess að koma á friði og ró,“ sagði í tilkynningu frá utanríkisráðuneyti Rússlands.

gudsteinn@frettabladid.is



**MÓTMÆLENDUR BÚA SIG UNDIR FRAMHALD ÁTAKA** Grjóti safnað úr götuhleðslum til að nota gegn lögreglunni í Kænugarði. NORDICPHOTOS/AFP



**SJÚKRASKÝLI Í KIRKJU** Dómkirkjan í Kænugarði hefur verið nýtt sem skýli fyrir mótmælendur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






Leiðtogi mótmælenda í Venesúela gaf sig fram:

## Lopez handtekinn

**VENESÚELA, AP** Leopoldo Lopez, einn helsti leiðtogi stjórnarandstæðinga í Venesúela, gaf sig fram við lögreglu í fyrrakvöld og var þegar í stað færður í fangelsi.

Hann hefur verið í felum undanfarna viku og á yfir höfði sér margvíslegar ákærur, þar á meðal fyrir hryðjuverk og morð, allt tengt átökum mótmælenda við lögreglu og her þegar upp úr sauð þar í síðustu viku.

Hörð átök brutust út í höfuðborginni Caracas í fyrrinótt eftir að Lopez hafði verið handtekinn.

Sjálfur greip hann gjallarhorn og sagði mannfjöldanum áður en hann gaf sig fram að hann óttaðist ekki að þurfa að sitja í fangelsi, ef það mætti verða til þess að vekja athygli á því tjóni sem fimmtán ára stjórn vinstri alræðisafla hefur valdið landinu.

Nicolas Maduro forseti tók við af Hugo Chavez á síðasta ári, en Chavez hafði þá stjórnað landinu frá 1999.

Fjölmenn mótmæli hafa verið í borginni og víðar um land allt frá því Lopez fór í fararbroddi fjöldamótmæla í höfuðborginni þann 12. febrúar, sem beindust gegn stjórn og forseta landsins. - gb



**LEOPOLDO LOPEZ** Hvetur félaga sína til að halda áfram. NORDICPHOTOS/AFP

# Konudagurinn nálgast óðfluga



## iPhone 5c
Litaglaður og klár

**Verð frá: 89.890.-**

Konudagstilboð



iPad Air
Kraftmikill og léttur
Verð frá: 89.990.-



iPad mini 16GB/WiFi
Smellpassar í lófann
Verð: 49.990.-*
Listaverð: 54.990.-



iPhone 4s
Frábær sími, á góðu verði
Verð frá: 67.890.-



iPhone 5c
Litaglaður og klár
Verð frá: 89.890.-



iPhone 5s
Framtíðin er hér
Verð frá: 109.890.-

**Smáralind**
**Virka daga 11 - 19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18**
**Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330**

**epli.is**

**Laugavegi 182**
**Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 12 - 16 | Sími 512 1300**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Tilboð gildir til 22. febrúar 2014



**GULLFOSS Í KLAKABÖNDUM** Vetur konungur þaggar niður í glymjandanum í Gullfossi.



**ALMANNAGJÁ** Gullni hringurinn hefst jafnan með viðkomu á Þingvöllum.

# Frost og freri spilla ekki fegurðinni

Gunnar V. Andrésson, ljósmyndari Fréttablaðsins, lagði leið sína um Gullna hringinn þar sem fjöldi erlendra ferðamanna varð á vegi hans.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Straumur erlendra ferðamanna til Íslands á veturna hefur stóraukist á seinustu árum.

Til að mynda varð 37,8 prósenta fjölgun á komum hingað til lands um Keflavíkurflugvöll á milli vetrarmánaða 2012 og 2013. Til samanburðar var aukningin einungis 14,4 prósenta á sumarmánuðum sömu ára. Heildaraukningin var því 20,7 prósent á milli ára.

„Ísland heillar, það er einfaldlega þannig,“ segir Elías Bj. Gíslason, ferðamálastjóri hjá Ferðamálastofu. Hann segir að 27 prósent ferðamanna sem sæki landið heim komi nú á veturna, en það sé töluvert meira en það sem áður þekktist.

Elías segir Gullna hringinn hafa einna mest aðdráttarafl fyrir þá sem sækja landið heim, hvort sem er á veturna eða á sumrin. Að auki skipti aukin landkynning á veturna miklu máli og ekki síður aukin samkeppni flugfélaga.

Helstu áfangastaðirnir á Gullna hringnum eru Þingvellir, Gullfoss og Geysir. johannes@frettabladid.is



**HAUKADALUR** Húfa og hlý úlpa sjá til þess að menn láta frostið ekki stoppa sig, þótt það bíti í kinnarnar.



**FLOSAGJÁ** „Ísland heillar, það er einfaldlega þannig,“ segir Elías Bj. Gíslason ferðamálastjóri.



**HÁLKAN HEFTIR** Göngustígurinn við Gullfoss er sums staðar lokaður vegna hálku.



**FJÖLDI FERÐAMANNA** „Það er fjöldi fólks sem fer Gullna hringinn á hverjum degi,“ segir Gunnar V. Andrésson, ljósmyndari Fréttablaðsins.

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®

IBTGAAI4201

## VERKFÆRASETT 42 STK.

Toppar 1/4" - 1/2" 5 - 24mm
Lyklar 8 - 22mm
Framlengingar og skröll
Sterk plasttaska



**12.900** m/vsk
Fullt verð 20.670

IBTGCAI094R

## TOPPLYKLASETT 94 STK.

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

TILBOÐ



**16.900** m/vsk
Fullt verð 25.231

IBTGCAI9601

## VERKFÆRASETT 96 STK.

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

TILBOÐ



**22.900** m/vsk
Fullt verð 37.200

IBTGCAI130B

## VERKFÆRASETT 130 STK.

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
fastir lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska



**24.900** m/vsk
Fullt verð 37.900

IBTJGAI1801

## BREMSUDÆLUÞVINGA 18 STK.

Universal
Réttar og öfugar gengjur
Passar fyrir algengustu
bílategundir

TILBOÐ



**9.900** m/vsk
Fullt verð 14.006

IBTGAAI5801

## SKRÚFJÁRN OG BITASETT 58 STK.

TILBOÐ

Stjörnu og slétt.
Bitar, bitahaldarar
hosuklemmujárn og fl.
Sterk plasttaska



**9.900** m/vsk
Fullt verð 14.685



**SNITTSETT**
40 stk.
**9.900** m/vsk



**TOPPLYKLASETT**
17 stk.
**3.900** m/vsk



**O-HRINGJASETT**
394 stk.
**4.153** m/vsk



**SKÚFSTYKKI**
6"
**16.900** m/vsk



## 322 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

8 Skúffur





**239.900** m/vsk
Okkar besta verð





**www.sindri.is / sími 575 0000**

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

# Fimm fróðleiksmolar skíðakennara

Einar Lyng hefur áralanga reynslu af skíðakennslu og hefur leiðbeint fólki bæði í Bláfjöllum og í Hlíðarfjalli á Akureyri. Hér gefur hann lesendum Fréttablaðsins fimm góð ráð varðandi skíðaiðkun, sérstaklega þeim skíðamönnum sem eru að stíga sín fyrstu skref í íþróttinni.

**1 Prófaðu Töfrateppið**

„Byrjendakennsla snýst fyrst og fremst um að koma sér af stað. Það er flott byrjendalyfta í Bláfjöllum sem kallast Töfrateppið. Þar er færiband sem þú labbar inn á. Fyrst og fremst þarf fólk að geta haldið jafnvægi, vera með stafi og æfa sig.“

**2 Komdu þér í takt**

„Öll skíðakennsla byggist á því að koma þér í takt og kenna þér það sem kallast staftak. Þetta er flæði þar sem þú ert að láta skíðin skíða með þig. Þú ert ekkert að stjórna þeim sjálfur heldur eru þau að stjórna þér.“

**3 Áttatíu þúsund í upphafi**

„Startkostnaðurinn er frekar hár. En ef þú tekur árskort á skíðasvæði þá kosta fimm mánuðir fyrir fullorðinn í kringum tuttugu þúsund kall, frá desember fram í lok apríl, sem er alls ekki mikið. En ef þú þarft að kaupa þér skíði, skó og stafi þá ættir þú að komast af með byrjendabúnað sem kostar í kringum áttatíu til eitt hundrað þúsund ef þú kaupir ekki notað.“

**4 Ekki láta ljúga að þér**

„Það er verið að selja svo mikið af notuðum skíðabúnaði sem reynist ekki vera góður. Til dæmis er verið að ljúga að fólki að það sé að kaupa carving-skíði. Það er verið að selja þetta dýrum dómum á netinu til fólks sem hefur kannski ekkert vit á þessu.“

**5 Láttu bera á skíðin**

„Það sem fólk þarf að gera miklu meira af er að huga að búnaðinum sínum. Það þarf að láta bera á skíðin sín reglulega. Það þarf að vaxa þau reglulega þannig að þau renni sem eðlilegast. Það getur haft áhrif á skíðagetu manna ef skíðunum er ekki vel við haldið. Ending búnaðarins verður þ.a.l. betri.“



**Í AUSTURRÍKI** Einar Lyng var nýlega staddur í Austurríki þar sem hann fór að sjálfsögðu á skíði.

## ➜ Hvað kostar einn dagur á skíðum?



**Bláfjöll** Reykjavík

**Dagskort**
**Fullorðnir** 3.100 kr.
**Unglingar** 1.200 kr.
**Börn** 800 kr.

**Leiga á skíðum, skóm, brettum og stöfum:**
**Fullorðnir** 4.500 kr.
**Börn** 4.000 kr.

**Samtals miðað við 2 fullorðna og 2 börn** 24.800 kr.
**Vegalengd til og frá Reykjavík** 70 km
**Bensínverð** 1.673 kr. (miðað við að bíll eyði 10 l á 100 km)
**Alls** 26.000 kr.



**Hlíðarfjall** Akureyri

**Dagskort**
**Fullorðnir** 4.000 kr.
**Börn** 1.200 kr.

**Leiga á skíðum, skóm og stöfum:**
**Fullorðnir** 4.200 kr.
**Börn** 2.000-3.200 kr.

**Samtals miðað við 2 fullorðna og 2 börn** 22.800 kr.
**Vegalengd til og frá Reykjavík** 772 km
**Bensínverð** 18.450 kr. (miðað við að bíll eyði 10 l á 100 km)
**Alls** 41.000 kr.



**Skarðsdalur** Siglufirði

**Dagskort**
**Fullorðnir** 1.800 kr. (helgidagar 2.800 kr.)
**Börn** 700 kr.

**Leiga á skíðum, skóm, brettum og stöfum**
**Fullorðnir** 4.500 kr.
**Börn** 2.500 kr.

**Samtals miðað við 2 fullorðna og 2 börn** 19.000 kr.
**Vegalengd til og frá Reykjavík** 766 km
**Bensínverð** 18.307 kr. (miðað við að bíll eyði 10 l á 100 km)
**Alls** 38.000 kr.



**Tungudalur** Ísafirði

**Dagskort**
**Fullorðnir** 2.200 kr.
**Börn** 1.100 kr.

**Leiga á skíðum, skóm og stöfum**
**Fullorðnir** 3.300 kr.
**Börn** 2.700 kr.

**Samtals miðað við bensín 2 fullorðna og 2 börn**: 18.600 kr.
**Vegalengd til og frá Reykjavík** 902 km
**Bensínverð** 21.557 kr. (miðað við að bíll eyði 10 l á 100 km)
**Alls** 40.000 kr.


SJÓVÁ

INNKÖLLUN VEGNA RAFRÆNNAR SKRÁNINGAR HLUTABRÉFA

Mánudaginn 3. mars 2014 verða hlutabréf í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. tekin til rafrænnar skráningar hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. í samræmi við ákvörðun stjórnar félagsins þar að lútandi. Skráningin tekur gildi kl. 09.00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglugerðar settri á grundvelli þeirra.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf Sjóvá-Almennra trygginga hf. tekin til rafrænnar skráningar, en þau eru öll í einum flokki, auðkennd raðnúmerum SA00001-SA00004 og gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudagsetningar er getið á hverju bréfi.

Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra hlutabréfa, sem telja nokkurn vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Sjóvá-Almennra trygginga hf., að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til hlutaskrár Sjóvá-Almennra trygginga hf., Kringlunni 5, 103 Reykjavík. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu.

Ennfremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun fyrir skráningardag. Gæta skal þess að reikningsstofnun hafi gert aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf.

Við rafræna útgáfu hlutabréfanna er nafnverð hluta ákveðið ein króna eða margfeldi þar af.

Að lokinni rafrænni skráningu þurfa hluthafar að fela reikningsstofnun, sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf., umsjón með eignarhlut sínum í félaginu. Hluthafar munu fá sendar tilkynningar og reikningsyfirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 397/2000.

Athygli hluthafa er vakin á því að hlutabréfin verða ógilt sjálfkrafa og því er ekki þörf á að skila þeim til félagsins.

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.


**NEYTANDINN Lilja Sigurðardóttir, rithöfundur og leikskáld**

## Jakki á 400 þúsund krónur

Lilja Sigurðardóttir, rithöfundur og leikskáld, segist sjaldan upplifa það að gera slæm kaup en það komi þó einstaka sinnum fyrir.

„Verstu kaupin sem ég hef gert lengi voru í Bandaríkjunum í nóvember. Þá keypti ég mér jakka í Target á 35 dali en hann endaði á því að kosta í raun um 400 þúsund krónur. Óprúttnir aðilar náðu nefnilega kreditkortanúmerinu mínu í gegnum tölvukerfi verslunarinnar og höfust þegar handa við að taka út af kortinu mínu,“ segir hún. „Ég fékk tjónið bætt en vesenið við að láta loka kortinu og setja aftur upp allar fastar greiðslur sem á því voru, var hundleiðinlegt svo að ég er enn í dálítilli fýlu við jakkann.“

Lilja segir að oftast séu bestu kaupin sem hún geri í óbrotgjörnum verðmætum. „Ég er alltaf ánægð með allar fjárfestingar sem ég geri í námi, menningu, ferðalögum og öðru sem mun lifa innra með mér áfram. Nú á dögunum keypti ég mér aðgang að glæpasagnahátíðinni Iceland Noir sem verður haldin í Norræna húsinu 21. og 22. nóvember. Á hátíðina mætir fjöldi höfunda og áhugafólks um glæpasögur. Aðgangurinn kostaði örfáa þúsundkalla og í staðinn mun ég njóta þess að hitta og spjalla við alla helstu íslensku glæpasagnahöfundana auk fjölda erlendra. Ég er full tilhlökkunar svo þetta eru bestu kaup sem ég hef gert lengi.“ - fb



**LILJA SIGURÐARDÓTTIR** Lenti í vandræðum út af jakka sem hún keypti. MYND/BÁRA


A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
LJÚFT OG RÓMANTÍSKT
HOME SWEET HOME
Hjörtu frá 590
Kommóður
34.930
áður49.900
30%
Tilvalið fyrir unglinginn
30%
Papasan stóll 12.990 Pullur 9.990 margar gerðir
Lítill stóll 7.990 Pullur 1.990 margar gerðir
Náttborð 27.930
áður 39.900
Snyrtivörur frá 1.990
3 fyrir 2
Box frá 2.790
Kertaskraut frá 790
Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
DOBÍA.IS
Ljós 7.990
Skartgripastandar 2.990 Speglar 990
Kerti frá 590
3 fyrir 2
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Orðrómur um samruna tæknirisans Apple og rafbílaframleiðandans Tesla veldur hækkun:

# Hlutabréf í Tesla hækkuðu um 3 prósent

Verð hlutabréfa í rafbílaframleiðandanum Tesla Motors hækkuðu um 3 prósent á mörkuðum í fyrradag eftir að orðrómur komst á kreik um mögulegan samruna fyrirtækisins og Apple. Þetta var í fyrsta sinn sem verð bréfanna fer yfir 200 dollara.

Áhugi fjárfesta kviknaði eftir sögusagnir af fundi Elons Musk, annars stofnanda Tesla Motors, og Adrians Perica, formanns samrunadeildar Apple.

Fundurinn fór fram í upphafi árs 2013 en kom fyrst upp á yfirborðið í vikunni í umfjöllun San Francisco Chronicle þar sem vísað var til ónafngreindra heimildarmanna. Apple hefur þó ekki verið þekkt fyrir að reiða fram háar fjárhæðir í fjárfestingum sínum ólíkt keppinautum þeirra hjá Google og Microsoft.

Markaðsvirði Tesla stendur nú í rúmlega 25 milljörðum Bandaríkjadala, ríflega 2.800 milljörðum íslenskra króna, og því er ljóst að Apple þarf að bregða út af vananum ef af samrunanum á að verða.

Líklegra verður þó að teljast að samstarf milli fyrirtækjanna sé í kortunum frekar en samruni. Musk tilkynnti fyrr í ár að Tesla hygðist byggja stærsta rafhlöðuver heims með aðkomu annarra fyrirtækja og hefur verið gert ráð fyrir því að Apple sé eitt þeirra. - sój



**SAMRUNI RISA** Markaðsvirði Tesla stendur í rúmlega 25 milljörðum Bandaríkjadala. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skýrslan um sparisjóðina:

## Enn beðið eftir skýrslunnni

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis vegna falls sparisjóðanna er ekki enn komin fram þrátt fyrir að nefndin hafi átt að skila henni af sér í maímánuði 2012. Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, sagði í viðtali við fréttastofu 365 í janúar að skýrsla rannsóknarnefndar um aðdraganda og orsakir falls sparisjóðanna yrði kynnt í þessum mánuði, um tuttugu mánuðum seinna en áætlað var. Þá var kostnaður rannsóknarinnar kominn í 560 milljónir króna. - sáp



**LOÐNA** Veður kom í veg fyrir að mælingar á hrygningargöngunni yrðu endurteknar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Breytir ekki fyrri ákvörðun:

## Hafró fann lítið af loðnu

Nýafstaðnar mælingar Hafrannsóknastofnunar gefa ekki tilefni til að breyta ákvörðun hennar frá því í haust um 160 þúsund tonna aflamark á loðnu.

Áhöfn Árna Friðrikssonar, skips stofnunarinnar, leitaði að loðnu 14. febrúar og var lagt út frá Akureyri á Vestfjarðamið.

Þar varð ekki vart við loðnu og var skipinu því siglt suður fyrir land. Þar mætti skipið hrygningargöngunni skammt vestan við Selvog.

„Haldið var austur undir miðja Meðallandsbugt, en lítið fannst austast á leitarsvæðinu,“ segir í frétt á vef Hafró. - skó

Þróun Spike Aerospace:

## Engir gluggar á nýrri einkaþotu

Fyrirtækið Spike Aerospace vinnur nú hörðum höndum að þróun einkaþotunnar S-512 sem stefnt er á að setja á markað í árslok 2018. Vélin verður frábrugðin öðrum farþegavélum að því leyti að á henni verða engir gluggar. Risastórir skjáir koma í þeirra stað og sýna farþegum það sem gerist fyrir utan vélina í beinni útsendingu í háskerpu, en ytra byrði vélarinnar verður þakið myndavélum.

Þetta fyrirkomulag er sagt auka flugöryggi þar sem vélin geti verið sterkbyggðari ef ekki þarf að gera ráð fyrir gluggum á hliðum hennar. - hva

# Hlutabréfamarkaðurinn gæti stækkað um fjörutíu prósent

Nýskráningar þeirra sjö félaga sem stefna á Kauphöllina gætu aukið framboð á útgefnu hlutafé um 68 milljarða króna. Heildarvirði þeirra yrði um 200 milljarðar króna, samkvæmt spá greiningardeildar Arion banka.

Framboð á útgefnu hlutafé í Kauphöll Íslands gæti aukist um 68 milljarða króna á árinu ef nýskráningar þeirra sjö félaga sem stefna að skráningu ganga í gegn. Heildarvirði félaganna yrði um tvö hundruð milljarðar króna og nýskráningarnar myndu auka virði skráðra félaga á íslenskum hlutabréfamarkaði um 35-40 prósent.



**HRAFN STEINARSSON**

Þetta kom fram í erindi Hrafns Steinarssonar hagfræðings hjá greiningardeild Arion banka, á morgunfundi bankans í gær. Þar kynnti Hrafn nýja greiningu bankans á eftirspurn og framboði fjárfestingarkosta í hagkerfinu og hann gerði nýskráningarnar að sérstöku umfjöllunarefni.

„Við gerum ráð fyrir þessum sjö félögum og að þau komi inn með þessa 68 milljarða þar sem stærstu seljendurnir yrðu Arion banki og Framtakssjóður Íslands (FÍ). En það er ákveðin óvissa því tilhneigingin síðustu ár hefur verið að skráningar dragist yfir á næsta ár en ég er bjartsýnn á framhaldið,“ segir Hrafn.

Hann bendir einnig á að FÍ og eignarhaldsfélagið Klakki eru stærstu eigendur í N1 og VÍS, félögum sem voru skráð á markað á síðasta ári, en þeir eru að hans mati ekki líklegir kjölfestueigendur til langs tíma. Hrafn áætlar að þeir selji sína hluti á næstu misserum fyrir um tólf milljarða króna.

„En það er óljóst hvort það hlutafé komi á markað í ár.“

Viðskipti á hlutabréfamarkaði næstum þrefölduðust á síðasta ári miðað við árið á undan. Ársveltan 2013 var 251 milljarður króna en um 89 milljarðar í árslok 2012. Hrafn segir eftirspurnina mikla þrátt fyrir aukninguna milli ára.

„Ég held að eftirspurnin eftir nýskráningum frá lífeyrissjóðum og verðbréfasjóðum sé umtalsverð. Spá okkar um nýskráningarnar er frekar bjartsýn en það er að öllum líkindum næg eftirspurn eftir þessu aukna framboði. Maður hefur séð þátttökuna í útboðum og hvernig í rauninni sparifé landsmanna hefur leitað í auknum mæli í hlutabréfamarkaðinn. Við spáum því að eftirspurnarþrýstingurinn muni láta eitthvað undan á skuldabréfamarkaði og frekar birtast hlutabréfamegin.“ haraldur@frettabladid.is



**KAUPHÖLLIN** Félögin N1, VÍS og TM voru skráð á markað á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### FÉLÖGIN SJÖ SEM ERU LÍKLEG TIL SKRÁNINGAR Á MARKAÐ Á ÁRINU

advania · Síminn · PROMENS · REITIR · EIK · SJÓVÁ · HB GRANDI

Hagnaður Bakkavarar í fyrra var nærri fjórfalt meiri en árið áður:

# Aflögð starfsemi skýrir hagnað

**VIÐSKIPTI** Breska matvælavinnslufélagið Bakkavör hagnaðist um 7,8 milljónir punda á síðasta ári, eða sem svarar 1.469 milljónum íslenskra króna. Fram kemur í nýbirtum ársreikningi að hagnaðaraukning milli ára er nærri fjórföld, en árið 2012 nam hagnaður félagsins 2,1 milljón punda, eða sem svarar 395 milljónum króna.



**ÁGÚST GUÐMUNDSSON**

Tap er þó af áframhaldandi starfsemi hjá félaginu, samkvæmt ársreikningnum, upp á 11,6 milljónir punda, eða tæpa 2,2 milljarða króna. Þar vegur þungt afskrift viðskiptavildar upp á 21,2 milljónir punda (tæpa fjóra milljarða króna).

### Helstu tölur úr ársuppgjöri Bakkavarar*

| Liður | 2012 | 2013 |
|---|---|---|
| Tap/hagnaður fyrir skatt | 4,1 | -17,6 |
| Tap/hagn. af áframhaldandi starfs. | 1,3 | -11,6 |
| Hagnaður af aflagðri starfs. | 0,8 | 19,4 |
| Hagnaður ársins | 2,1 | 7,8 |

*Allar tölur eru í milljónum punda. Heimild: Ársskýrsla Bakkavarar 14. febrúar 2014.*

Á móti kemur svo hagnaður af aflagðri starfsemi, en í aprílbyrjun gekk í gegn sala á starfsemi félagsins í Frakklandi og á Spáni sem samið var um seinni hluta nóvembermánaðar 2012. Fyrir starfsemina sem var seld fengust 28 milljónir punda, eða tæpir 5,3 milljarðar króna.

Stjórn félagsins leggur ekki til arðgreiðslu vegna ársins 2013, en stærstu eigendur félagsins eru bræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir.

Í tilkynningu með ársreikningi er haft eftir Ágústi Guðmundssyni, forstjóra Bakkavarar, að samstæðan hafi komist vel á veg í að ná markmiðum sínum á árinu. Lokið hafi verið farsællega við endurfjármögnun, eignir utan Bretlandseyja verið seldar og endurskipulagningu lokið á hluta starfseminnar sem lítið hafi gefið af sér. Þessum verkefnum hafi verið lokið á sama tíma og tekjuaukning samstæðunnar hafi verið umfram það sem gengur og gerist á markaðnum og framlegð hafi verið varin fyrir umtalsverðri verðbólgu hráefniskostnaðar. - óká




# Lagerhreinsun

## Fimmtudag, föstudag og laugardag

**Kuldaúlpur**
**50 - 70% afsl.**

**Skíðaúlpur**
**50% afsl.**

restir
**Softshell buxur á**
**14.995.kr**

restir
**Salomon skór**
**35% afsl.**

**Aðrir jakkar**
**30% afsl.**

**Snjóbretta pakkar**
**30% afsl.**

restir
**Fivefingers**
**35% afsl.**

**Ekki missa af þessu**
**Takmarkað magn!**

Íslensku
ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

Að breyta heiminum með því að deila á Facebook.

# Aðgerðasinnar á lyklaborðunum

Mikið hefur verið rætt um þá byltingu sem samfélagsmiðlarnir hafa í för með sér þegar kemur að því að taka virkan þátt í mótmælum og andófi gegn yfirgangi og valdníðslu stjórnvalda víðs vegar um heiminn. Því hefur jafnvel verið haldið fram að þeir komist næst því að geta kallast virkt lýðræði af öllum þeim tækjum sem hinn almenni borgari hefur haft á valdi sínu til mótmæla í gegnum söguna. Og vissulega geta þeir verið öflug verkfæri í því að koma upp um alls kyns svínarí og hópa fólki saman til að mótmæla því.



Friðrika Benónýsdóttir

fridrikab@frettabladid.is

En virka þeir í raun til þess að hafa hemil á stjórnvöldum eða eru þeir einungis enn ein dúsan sem við huggum okkur við í stað þess að taka virkan þátt í þjóðfélaginu?

Á hverjum einasta degi fyllast fréttaveitur Facebook-notenda af fréttum og greinum um einhver umdeild mál sem hæst ber þann daginn. Fólk deilir þessu í gríð og erg með misgáfulegum kommentum og þykist þar með hafa lagt sitt af mörkum til þjóðfélagsumræðunnar. Æsingurinn stendur í mesta lagi í tvo til þrjá daga en þá veldur offramboðið því að fólk er orðið hundleitt á viðkomandi umræðuefni eða æsingamáli og kapphlaupið snýst um að finna nýtt æsingaefni til að deila. Þannig virðast Facebook, Twitter og aðrir samfélagsmiðlar í raun ofur fremur stuðla að því að kæfa umræðuna en hvetja hana og þeir sem lifa í þeirri sælu trú að þeir séu virkir í andófinu eru í raun aðeins virkir á eigin lyklaborði.

Annað sem samfélagsmiðlunum hefur verið hrósað fyrir er hversu auðvelt er að láta boð út ganga um alls kyns viðburði og þá ekki síst mótmælaaðgerðir gegn ákveðnum málum, stefnum og atburðum. Það er alveg rétt að með einum smelli er hægt að senda boð á þúsundir manna og láta vita af fyrirhuguðum aðgerðum, safna jákvæðum viðbrögðum og fá fjölda manns til að staðfesta þátttöku í mótmælum eða umræðufundum um umdeild mál. Neikvæða hliðin á þeirri þróun er hins vegar sú að ansi margir virðast álíta að með því að staðfesta þátttöku sína í viðkomandi aðgerð á Facebook sé fólk búið að gera skyldu sína og frekari aðgerða sé ekki þörf. Það geti hallað sér aftur í makindum og klappað sjálfu sér á bakið fyrir að vera aktífir og ábyrgir þjóðfélagsþegnar. Gott dæmi um það eru nýleg mótmæli við innanríkisráðuneytið þar sem um tvö hundruð manns höfðu staðfest mætingu á Facebook-viðburðinn en einungis örfáir mættu í raun. Þar virkaði dreifing viðburðarins á samfélagsmiðlum alveg öfugt og það virðist verða æ algengara að fólk láti stafræna nærveru nægja á viðburði sem dreift er á samfélagsmiðlum. Við lifum lífi okkar í sífellt meiri mæli í stafrænum heimi en stafræn þátttaka í samfélaginu kemur ekki í staðinn fyrir virka þátttöku og virkilega er ástæða til að vera vakandi fyrir því að fylgja málum eftir í raunheimum. Að öðrum kosti er hætta á að samfélagsmiðlarnir geri meira ógagn en gagn í baráttunni fyrir betri heimi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU



Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Afglæpavæðing og ostar

Nokkuð merkileg umræða var á Alþingi í gær þar sem rætt var um stefnumótun í vímuefnamálum. Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, var málshefjandi en heilbrigðisráðherra, Kristján Þór Júlíusson, lýsti þar þeirri skoðun sinni að refsistefna Íslendinga væri ekki að virka og ræða bæri allar mögulegar nálganir til að vinna betur bug á þeirri ógn, þar á meðal afglæpavæðingu. Í fyrradag hins vegar hafnaði Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra beiðni verslunarfyrirtækisins Haga um viðbótartollkvóta fyrir innflutning á buffala-, geita- og ærmjólkurostum, sem og á lífrænum kjúklingi, þrátt fyrir að fyrir liggi að skortur sé á innlendum markaði á þessum vörum og nánast engin innlend framleiðsla á þeim. Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík, hitti naglann á höfuðið á Twitter þar sem hann spurði sig hvort hann væri að ná þessu. Ríkisstjórnin vilji gjarnan ræða frjálsan innflutning fíkniefna en er alveg á móti geitaosti og mozzarella.



### Bylting í boði ESB

Enn merkilegri umræða varð hins vegar aðeins síðar í gær þegar rætt var um aðildarviðræður við Evrópusambandið. Þar svaraði Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra spurningu Guðmundar Steingrímssonar, þingmanns Bjartrar framtíðar, um hvernig ráðherrann héldi að ástandið í Evrópu væri ef sambandsins nyti ekki við. Þar leiddi Gunnar Bragi líkur að því að ástandið í Úkraínu mætti rekja til aðgerða Evrópusambandsins. Hann hélt því fram að ESB hefði staðið sig illa í aðdraganda byltingarinnar þar með því að setja of mikinn þrýsting á úkraínsk stjórnvöld. Það er eins gott að ríkisstjórn Íslands er í þann veginn að slíta þessum blessuðu viðræðum. Hver veit hvernig við myndum enda hér inni í þessu Evrópusambandi?



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hvers virði er frelsið?

SAMFÉLAG



Elín Hirst
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Fyrir skömmu sat ég ráðstefnu á vegum Geðhjálpar sem bar yfirskriftina „Hvers virði er frelsið“. Þar var fjallað um sjálfræðissviptingar, nauðung og valdbeitingu í geðheilbrigðisþjónustu. Nokkrir þeirra sem hafa verið beittir slíkri nauðungarvistun komu í pontu og lýstu reynslu sinni. Í máli þeirra kom fram hve slæmar langvarandi afleiðingar slík aðgerð hafði haft á þá – ekki hjálpað heldur þvert á móti spillt fyrir batanum.

Samkvæmt núgildandi lögræðislögum getur læknir ákveðið að nauðungarvista megi sjálfráða mann með svo alvarlegan geðsjúkdóm að talið er líklegt að hann muni vinna sjálfum sér eða öðrum mein. Sama gildir ef maður á við alvarlega áfengisfíkn að stríða eða ofneyslu fíkniefna. Oft þarf að kalla til lögreglu og er henni þá skylt að verða við beiðni læknis um aðstoð við að flytja viðkomandi manneskju á sjúkrahús með valdi.

### Má vista í 21 sólarhring

Samkvæmt núgildandi lögum má vista sjálfráða mann gegn vilja hans á sjúkrahúsi til meðferðar í allt að 21 sólarhring, án þess að málið fari fyrir dóm. Það er að mínu mati alltof langur tími. Ég tel að frelsissvipting sem þessi eigi að fara strax fyrir dómara og sjúklingi skipaður

**➜ Samkvæmt núgildandi lögum má vista sjálfráða mann gegn vilja hans á sjúkrahúsi til meðferðar í allt að 21 sólarhring, án þess að málið fari fyrir dóm. Það er að mínu mati alltof langur tími.**

skipaður réttargæslumaður, svipað og gert er þegar krafist er gæsluvarðhalds.

Fleiri annmarkar eru á núgildandi lögum. Í dag geta maki, ættingjar í beinan legg eða systkini lagt fram beiðni um nauðungarvistun á sjúkrahúsi. Að mínu mati hafa þessir aðilar ekki yfir nægilegri fagþekkingu að búa til að taka slíka ákvörðun til að meta hvort þörf er á þessu neyðarúrræði. Á Akureyri tíðkast það til dæmis að það er eingöngu Félagsþjónustan sem fer fram á slíkar frelsissviptingar því ekki þykir stætt á því að byggja á öðru en faglegu mati sérfræðinga hennar.

Ég veit fyrir víst að nú er verið að vinna að því í innanríkisráðuneytinu í góðu samráði við Geðhjálp og fleiri aðila að breyta þessum lögum og gera þau faglegri og mannúðlegri. Þetta mál þarf að skoða vel og í samvinnu og sátt, en í mínum huga fara valdbeiting og lækningar aldrei saman.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Leigjandinn sem neitar að fara

SJÁVARÚTVEGUR



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Í kjölfar hrunsins þurfti kunningjafólk mitt að flytja til Noregs til að þreifa fyrir sér með vinnu. Skömmu áður höfðu þau keypt sér fjögurra herbergja íbúð í Seljahverfi, sem þau báðu mig að sjá um útleigu á, á meðan þau væru í Noregi. Ég leigði íbúðina prýðis manni sem bauð af sér góðan þokka og hann greiddi fúslega uppsetta leigu sem ég ákvað að hafa í lægri kantinum af því mér leist vel á manninn. Upp á síðkastið er hann hins vegar farinn að tala um hvort ég vilji ekki lækka við hann leiguna. Ég óttast að hann sé farinn að halla sér að flöskunni, allavega hefur hann minni auraráð og þess vegna finnst honum hann eigi alls ekki að þurfa að borga jafn mikið og áður.

**Heimtar lækkaða leigu**

Ég hef bent honum á að þar sem hann er einn í heimili ætti honum að nægja þriggja herbergja íbúð enda virðist greiðslugeta hans alveg ráða við það. Hann má ekki heyra á það minnst heldur krefur hann mig núna um að fá samning um íbúðina til 20 ára og hann væri e.t.v. reiðubúinn að greiða mér hærri leigu einhvern tíma síðar ef úr málum rætist hjá honum. Svo bendir hann á eitthvað sem hann telur vera óljós ákvæði í upphaflega leigusamningnum, sem gæti hugsanlega kveðið á um að í raun og veru eigi hann íbúð vinafólks míns í Noregi, en ekki þau!

**→ Hvers vegna á þjóðin að sætta sig við að leigan á kvóta ráðist bara af greiðslugetu þeirra útgerðarmanna sem nú róa til fiskjar.**

**Nægir aðrir sem vilja leigja**

Þetta er allt frekar erfitt fyrir mig þar sem ég veit af barnmörgum fjölskyldum sem mundu gjarnan vilja borga þá leigu, sem núverandi leigjandi er að greiða og meira til, ef ég aðeins losnaði við hann úr húsnæðinu. Á ég að lækka verðið á húsnæðinu, bara af því að hann vill ekki borga meira? Leigjandinn er farinn að minna mig óþyrmilega mikið á „freka kallinn" sem Jón Gnarr hefur gert svo ágæt skil.

**Gildir ekki sama um sjávarútveginn?**

Dæmisagan hér að ofan getur gilt um samskipti þjóðarinnar (eigenda íbúðarinnar) og þeirra sem nú eru kvótahafar íslensku fiskimiðanna (leigjandinn) en þeir vilja láta leiguna ráðast af því hvernig stendur á hjá þeim hverju sinni! Úti um allt land eru fiskverkendur og kvótalausar útgerðir sem bíða í röðum eftir að fá að bjóða í kvótann á jafnréttisgrundvelli. Hvers vegna á þjóðin (eigandi fiskimiðanna) að sætta sig við að leigan á kvóta ráðist bara af greiðslugetu þeirra útgerðarmanna sem nú róa til fiskjar, en ekki því hvaða leigu væri hægt að fá, ef kvótinn væri boðinn til leigu á almennum markaði?

# Vettvangur breytinganna

EVRÓPUMÁL



Einar Benediktsson
fyrrv. sendiherra

Það hefur varla verið áhlaupaverk fyrir Gunnar Haraldsson og félaga hans í Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að gera úttekt á aðildarmálunum fyrir Alþingi, enda hefur það tekið sinn tíma.

Nær hefði verið að kalla til alla þá sérfræðinga hins opinbera, ráðuneyta og ríkisstofnana, Seðlabankans, menntasamfélagsins og hagsmunasamtaka þjóðfélagsins sem unnið hafa að þessum samningum í fjögur ár en önnur á þessu sviði í áratugi. Löggjafarvaldið ætti að eiga hægt um vik að fá allar slíkar upplýsingar í trúnaði, gerist þess þörf.

**Langt ferli til skaða**

Tvennt stingur í augu. Það er alrangt að Ísland hljóti að undirgangast gjaldþrota stefnu ESB í sjávarútvegsmálum. Þá er það grundvallaratriði að Evrópusambandið er vettvangur ákvarðana um breytingar.

Það er vissulega rétt að það er mjög til baga að ekki skyldi vera hægt að ljúka aðildarsamningunum, a.m.k. fyrir sjávarútveg og landbúnað, fyrir 2013. Í samningnum hefðu átt að vera óformleg tímamörk og samkomulag um skarpara vinnulag til að samningsniðurstöður lægju fyrir áður en gengið var til síðustu Alþingiskosninga.

Ferli sem miðaðist við lönd Austur-Evrópu kallaði vafalaust á rýnivinnu laga en það átti ekki við um Ísland fremur en EES-löndin áður. Langt samningaferli, ólokið eftir fjögur ár, var sérstaklega til skaða eins og úrslit urðu í Alþingiskosningunum.

Hvað sem því líður, yrðu samningsslit með því að draga umsóknina til baka núna versta áfall fyrir orðspor Íslands í sögu lýðveldisins.

Við sláum ekki á þá bróðurhönd sem margir ESB-leiðtogar hafa rétt okkur.

**Meginkrafa um íslenskt fiskveiðistjórnunarkerfi**

Fullyrða má að fiskveiðistjórnunin í sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni í ESB hefur mistekist. Hún hefur leitt til slíkrar ofveiði í Norðursjónum að fiskistofnar eru í stórhættu, m.a. vegna fáránlegrar reglu varðandi brottkast. Styrkir til skipasmíða og reksturs eru slíkir að flotastærðin og þar með veiðigetan er alltof mikil og útgerðin getur ekki þrifist án fjárgjafa.

Markmið stefnu í sjávarútvegsmálum er að veiðar miðist við að stofnarnir séu sjálfbærir og flotinn arðbær. Alkunna er að þetta fag kunna Íslendingar mætavel og það hefur oft komið upp að slík stefnubreyting hjá ESB sé aðkallandi.

Það er því meginkrafa að lögsaga okkar verði skilgreind sem sérstakt íslenskt fiskveiðistjórnarsvæði. Þessi réttindi verða varanlega tryggð í aðildarsamningnum, sem hefur sama lagagildi og stofnskrá ESB, Rómarsamningurinn og allar aðrar aðalsamþykktir sem kenndar eru við Maastricht, Nice og Lissabon.

Þetta þýðir að sérstaða Íslands er óbreytanleg, því til slíks, svo fullkomlega fjarstætt sem það er, þyrfti samþykki okkar sjálfra.

**Hagsmunamat mælir með aðild**

Evrópusambandið er í eðli sínu vettvangur vegna framkvæmdar sameiginlegs, breytilegs lagagrundvallar. Um er að ræða viðbrögð við dýnamískri þróun innbyrðis viðskipta og efnahagssamstarfs og ekki síður afstöðu til breyttra samskipta út á við.

Þannig urðu rafræn vöruviðskipti til breytinga á rekstri innri markaðsins rétt eins og að ný, samhæfð fjarskiptatækni tengd EUROPOL gaf tryggari landmæravörslu Schengen-ríkjanna. Þar eð ESB aðlagast breyttum aðstæðum hefur samvinnan eðlilega þróast frá þeim tíma að núverandi tengsl okkar réðust við gerð samningsins um Evrópska efnahagssvæðið frá 1993.

**→ Þetta þýðir að sérstaða Íslands er óbreytanleg, því til slíks, svo fullkomlega fjarstætt sem það er, þyrfti samþykki okkar sjálfra.**

Í áföngum hefur ESB stækkað og stofnað myntbandalag með upptöku evru, nú lögeyrir 14 ríkja. sem hefur staðist álag bankakreppunnar. ESB hefur skilað sínu í feikimiklum vexti og velmegun. Það eru hrakspár einar að vegna ólíks þróunarstigs, tungumála og sögu sé myntbandalagið dauðadæmt. Reynslan sýnir hið gagnstæða og að ríkin finna styrk og sjá betri framtíð í þessari samvinnu.

Að gerðum aðgengilegum aðildarsamningi mælir mat hagsmuna okkar með aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þetta er ekki síst vegna þess að næsta þróunarstig Evrópusamvinnunnar er svokallaður fríverslunarsamningur við Bandaríkin (Trans Atlantic Trade and Investment Pact). Væri ekki rétt að taka þetta fyrir sem aðalmál framtíðar innan Evrópusambandsins? Það er einmitt þetta nýja fríverslunarsvæði sem er lífshagsmunamál fyrir okkur, ekki síst vegna erlendra fjárfestinga eftir að höftum verður aflétt.

Vonandi sjá menn ekki lausn varðandi erlent fjármagn á Íslandi í kínverskum framkvæmdalánum og gjafafé að hætti Afríkuríkja.

# Kennari vs. þingmaður

KJARAMÁL



Sigríður Ragna Birgisdóttir
spænskukennari og formaður Kennarafélags Flensborgar

Það gerðist fyrir skemmstu að málefni framhaldsskólanna rötuðu inn í umræður á Alþingi. Það telst til tíðinda. Vil ég þakka Svandísi Svavarsdóttur fyrir að vekja máls á því ömurlega ástandi sem ríkir innan framhaldsskólanna. Af þessu tilefni ákváðu kennarar í Flensborg að vera sýnilegir og fjölmenntu á þingpallana. En viti menn, aðeins 25 mega vera á þingpöllum í einu. Það er því ekki lengur hægt að fylla þingpalla. En það má fylla kennslustofurnar svo að ófremdarástand skapast. Það mega vera allt að 32 nemendur í misstórum kennslustofum.

Morgunblaðið sá ástæðu til þess að gera frétt úr þessari uppákomu. En efni fréttarinnar var ekki bág staða framhaldsskólans, heldur það hvort það væri forsvaranlegt að kennarar legðu niður störf til að fylgjast með þjóðfélagsumræðunni og hvort það væri nemendum boðlegt.

Það sem hins vegar blasti við okkur kennurum, sem vorum svo heppnir að fá sæti á þingpöllum þennan dag, var hálftómur þingsalur. Hvar voru þingmenn og -konur? Næðist ekki betri árangur í þjóðfélagsmálunum ef þingmenn verðu meiri tíma í þingsal? Eða getur það verið að hluti af vinnu þingmanna sé ekki sýnilegur eins og hluti af vinnu kennara? Ráðherra menntamála sat undir fyrirspurnum. Á milli þess sem hann svaraði þeim, var hann í hliðarherbergi þingsalar, að skoða símann eða sást ekki. Ég held að ráðherra yrði jafnhissa ef hann sæi kennara viðhafa slíkt í starfi. Kennarar eru til staðar í kennslustundum en hanga ekki í símanum þegar þeir eiga að vera að sinna nemendum sínum.

**Sama ræðan**

Ræðan sem við fengum svo að heyra frá ráðherra var sú sama og hann flutti í sal Flensborgarskólans þegar honum var boðið þangað að ræða málefni framhaldsskólanna í Hafnarfirði nú fyrir jól. Sami söngurinn um slaka lestrarkunnáttu drengja og að það hefði tekist við gerð síðustu fjárlaga að verja fjárframlög til skólanna, þ.e. að þau væru þau sömu og árið áður og verðbætt að auki. Málið er að það er bara ekki nóg til að reka framhaldsskólann.

**→ Við getum ekki haldið áfram að reka framhaldsskólann með sjálfboðavinnu kennara og úreltum tækjakosti.**

Grunnskólinn fær um 1.200 þúsund í fjárframlög á hvern nemanda en framhaldsskólarnir þurfa að láta sér nægja um 800 þúsund. Þar að auki þurfa þeir að stofna til kostnaðar vegna allra nemenda sem sækja um skólavist, en fá svo einungis greitt fyrir þá nemendur sem mæta í próf.

Við getum ekki haldið áfram að reka framhaldsskólann með sjálfboðavinnu kennara og úreltum tækjakosti. Skólarnir eru sumir hverjir nærri gjaldþrota vegna þess að ríkið hirðir rekstrarafgang skólanna ef einhver er. Síðan fyrir hrun hafa 12 milljarðar verið teknir út úr rekstri framhaldsskólans. Þetta er ekki boðlegt og kennarar munu ekki láta bjóða sér þetta lengur.

Einu sinni voru laun kennara metin til jafns við þingfararkaupið. Nú eru kennarar með miklu lægri laun en þingmenn, enda stéttin að stórum meirihluta konur, skólarnir byrja fyrr og því hefur vinnutími kennara lengst á sama tíma og kaupið hefur verið gjaldfellt gríðarlega. Ríkisstjórnin ætti að hefja „kvennastörf" til vegs og virðingar, meta laun kennara til jafns við laun þingmanna aftur og sýna þannig jafnrétti í verki.



PIPAR\TBWA • SÍA • 140526

Lengjum opnunartímann í vetrarfríinu

Opið í Bláfjöllum:
Venjuleg helgaropnun **kl. 10–17.**
Einnig opið fimmtudag, föstudag, mánudag og þriðjudag **kl. 11–21.**

Skálafell verður einnig opið um helgina.

Upplýsingasími **530 3000**
Nánari upplýsingar **skidasvaedi.is**

Ferðir samkvæmt áætlun.
Aukarúta fer á fimmtudegi og föstudegi frá Olís í Mjódd **kl. 11** og frá Bláfjöllum **kl. 15.**

SKÍÐASVÆÐIN



Barnaheill
Save the Children á Íslandi






# Misvísandi yfirlýsingar ráðherra

HÆLISLEITENDUR



**Ögmundur Jónasson**
alþingismaður og fyrrv. innanríkisráðherra

Í viðtali í Bítinu á Bylgjunni mánudaginn 10. febrúar var rætt við Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra um hælisleitendur, einkum um persónuupplýsingar um einstaklinga sem rötuðu í fjölmiðla.

Ráðherra mæltist m.a. svo í þessu viðtali: „Sums staðar í nágrannalöndum okkar er þetta ekki skilgreint sem trúnaðargögn, það er að segja úrskurðir, vegna þess að almenningur er talinn eiga rétt á að sjá það og viðkomandi talinn eiga rétt á að sjá nákvæmlega röksemdir stjórnvaldsins. Það er eitthvað sem við verðum líka að ræða og var t.d. í frumvarpinu hans Ögmundar á síðasta þingi, að breyta því.“

Þetta eru mjög misvísandi ummæli og kalla á viðbrögð.

### Tillögur um sjálfstæða úrskurðarnefnd

Árið 2011 skipaði ég starfshóp, undir formennsku Höllu Gunnarsdóttur, til þess að gera tillögur að breytingum á lögum um aðgengi útlendinga utan EES að Íslandi, þar á meðal er lýtur að málsmeðferð.

Hópnum var meðal annars gert að kynna sér ýtarlega fyrirkomulag í grannríkjum okkar og reynslu annarra þjóða á þessu sviði. Var staðnæmst við verklag Norðmanna og fór starfshópurinn þangað sérstaklega í því skyni að kynna sér lög, reglur og framkvæmd í þessum málaflokki. Einnig fór hluti starfshópsins til Danmerkur til að kynna sér starfsemi sjálfstæðrar úrskurðarnefndar en Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hafði komið þeim ábendingum á framfæri að þar væri að finna bestu fyrirmyndina.

Gerði starfshópurinn grein fyrir þessu í skýrslu og lagði til við mig, sem innanríkisráðherra, að sett yrði á laggirnar sjálfstæð úrskurðarnefnd. Var það síðan hluti af frumvarpi til nýrra heildarlaga um útlendinga sem ég lagði fyrir á Alþingi.

### Friðhelgi í fyrsta sæti

Eitt af þeim atriðum sem einnig var fjallað um í þessari endurskoðunarvinnu var hvort birta ætti ákvarðanir stjórnvalda í málefnum einstaklinga.

Í skýrslu starfshópsins segir m.a.: „Ákvörðun Útlendingastofnunar er nú birt hælisleitanda og talsmanni hans þegar hún liggur fyrir. Sú leið hefur ekki verið farin hér á landi að birta úrskurði Útlendingastofnunar eða ráðuneytis opinberlega. Hefur verið vísað til friðhelgi einkalífs hælisleitenda og að stjórnvöld geti ekki birt persónulegar upplýsingar um einstaklinga. Hælisleitendur séu fáir á Íslandi og því auðvelt að rekja ákvarðanir til einstaklinga.

Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að gæta friðhelgi einkalífs hælisleitenda en telur að í ljósi fjölgunar þeirra undanfarin ár verði að endurskoða reglulega hvort tilefni sé til að breyta framangreindri framkvæmd um að úrskurðir í hælismálum skuli vera óbirtir. Hagsmunir af því að birta úrskurði eru ótvíræðir enda geta úrskurðir haft fordæmisgildi. Þar sem úrskurðir eru ekki birtir opinberlega leggur nefndin áherslu á að Útlendingastofnun og innanríkisráðuneytið birti reglulega verklagsreglur eða þau viðmið sem farið er eftir. Reglurnar skulu uppfærðar ef stefnumótandi ákvarðanir eru teknar í úrskurðum. Slíkt yrði til mikilla bóta fyrir hælisleitendur, talsmenn þeirra og aðra sem koma að málaflokknum.“

### Orðalag frumvarps

Eftir nánari skoðun á þessu var í frumvarpinu ákveðið leggja til að hinni nýju kærunefnd yrði gert að birta úrskurði sína opinberlega.

**➜ Mér vitandi er ekkert dæmi þess að önnur ríki birti persónugreinanlegar upplýsingar um hælisleitendur og fjarri fer að ég hafi lagt slíkt til.**

Hins vegar er skýrt kveðið á um að þeir njóti ýtrustu persónuverndar. Í 6. grein frumvarpsins segir: „Úrskurðirnir skulu birtir án nafna, kennitalna eða annarra persónugreinanlegra auðkenna aðila að viðkomandi málum.“

Í greinargerð segir: „Einnig er lagt fyrir nefndina að birta úrskurði sína, eða úrdrætti úr þeim, sem fela í sér efnislega niðurstöðu. Þeir skulu birtir án nafna, kennitalna og annarra persónugreinanlegra auðkenna aðila að viðkomandi málum. Þá ber einnig að líta til sjónarmiða er varða persónuvernd einstaklinga en úrskurðir í málaflokknum varða oft á jafnaði viðkvæmar persónuaðstæður og ber að taka tillit til þess við birtingu.

Með þessu er leitast við að koma til móts við sjónarmið sem komu fram við vinnslu skýrslu nefndarinnar frá lögmönnum sem vinna að réttargæslu í málaflokknum, en birting forsendna úrskurða er talin til þess fallin að styrkja réttaröryggi og fyrirsjáanleika í beitingu regluverksins.”

### Ekkert persónugreinanlegt!

Mér vitandi er ekkert dæmi þess að önnur ríki birti persónugreinanlegar upplýsingar um hælisleitendur og fjarri fer að ég hafi lagt slíkt til. Í frumvarpi því sem ég lagði fyrir Alþingi á síðasta kjörtímabili var skýrt að persónuupplýsingar áttu, eftir sem áður, að vera trúnaðargögn. Enda eiga hælisleitendur að njóta friðhelgi eins og allir aðrir einstaklingar sem hafa mál til meðferðar hjá stjórnvöldum.

# Listrænn metnaður eða markaðsfræði

MENNING



**Kolbrún Halldórsdóttir**
forseti Bandalags íslenskra listamanna

Í leiðara Friðriku Benónýsdóttur 11. febrúar er lýst áhyggjum af því að listamenn séu í auknum mæli hættir að trúa á gildi listarinnar og sé meira í mun að sanna að þeir skaffi peninga en skapi góða list. Hún rekur fyrir þessu tvær meginástæður, annars vegar aukna áherslu á hagræn áhrif skapandi greina og hins vegar neikvæða umfjöllun um listir almennt.

Umræðu um hagræn áhrif lista og skapandi greina má rekja til sameiginlegs áhuga listamanna og fræðimanna á því að vita efnahagslegt umfang listastarfsemi í landinu. Það var árið 2010 sem settir voru opinberir fjármunir í rannsókn, sem leiddi í ljós umtalsverð hagræn áhrif greinanna. Atvinnuvegir þjóðarinnar hafa áratugum saman verið kortlagðir og fyrir þeim gerð grein í árlegum þjóðhagsreikningum, en hingað til hefur þáttur listamanna og hönnuða verið nánast ósýnilegur í þessum reikningum.

### Listamenn stíga fram

Þessu vilja listamenn breyta, sem er eflaust ein af ástæðum þess að þeir hafa sjálfir orðið sýnilegir í umræðunni um þátt skapandi greina í þjóðarhag. Friðrika virðist gagnrýnin á þá þátttöku þar sem hún segir að listamenn hafi hvað eftir annað beitt sér fyrir umræðum um þessi hagrænu áhrif, jafnvel haldið um þau málþing.

Bandalag íslenskra listamanna, sem samanstendur af fjórtán fagfélögum listafólks og arkitekta, hefur á undanförnum árum gengist fyrir málþingum í tengslum við aðalfund sinn. Umfjöllunarefnin hafa verið fjölbreytt en þingið 2013 fjallaði að sönnu um skapandi atvinnugreinar af sjónarhóli listamanna. Þar var undirstrikað mikilvægi þess að listir og menning eignuðust fastan sess í þjóðhagsreikningum, en jafnframt komu fram svipaðar áhyggjur og lýst er í leiðara Friðriku, af aukinni áherslu á markaðssjónarmið í umfjöllun um listir og þeirri hættu að eigið gildi listanna gæti horfið í skuggann af yfirþyrmandi umfjöllun um þjóðhagslegt vægi þeirra.

### Von um aukið vægi skapandi greina

Umræðan um hin hagrænu áhrif er ný af nálinni, hún helst í hendur við þörf á fjárhagslegri endurskipulagningu samfélagsins eftir hrun og speglar áætlanir nágrannalanda okkar um uppbyggingu starfa í skapandi greinum. Hún á sér líka rætur í breyttu munstri listmenntunar, sem hefur á seinni árum verið að færast til í kerfinu með þróun listnáms á háskólastigi.

Einnig eru skýr merki um breytingar á uppbyggingu fagfélaga listafólks og meðvitund listamanna um kjör sín, t.d. með inngöngu æ fleiri félaga í Bandalag háskólamanna. Þá eru ótalin áform stjórnmálaflokka og einstakra stjórnmálamanna um að hefja sókn í uppbyggingu atvinnutækifæra innan hins skapandi geira, en slíkar yfirlýsingar kveikja von meðal listamanna um aukið vægi greinanna. Með þetta í huga væri beinlínis undarlegt ef listamenn leiddu þessa umræðu hjá sér.

Friðrika veltir hins vegar fyrir sér hvort niðrandi umfjöllun um störf listamanna sé farin að skjóta rótum í hugskoti þeirra sjálfra og verði þess beinlínis valdandi að þeim sé meira í mun að skaffa peninga en skapa góða list. Það dreg ég í efa. Vissulega þykir listamönnum oft nóg um þegar fjölmiðlar og samskiptamiðlar fyllast af athugasemdum á borð við þær að leggja beri niður Þjóðleikhúsið eða Sinfóníuhljómsveit Íslands, að misráðið hafi verið að ljúka byggingu Hörpu eða að listamenn ættu að fá sér eðlilega vinnu eins og venjulegt fólk. Satt að segja óttast ég fremur að gusur af þessu tagi hafi áhrif á tiltrú stjórnvalda og þeirra sem halda utan um opinbera fjármuni en að þær ógni listrænum metnaði listamannanna.

**➜ Friðrika veltir hins vegar fyrir sér hvort niðrandi umfjöllun um störf listamanna sé farin að skjóta rótum í hugskoti þeirra sjálfra og verði þess beinlínis valdandi að þeim sé meira í mun að skaffa peninga en skapa góða list. Það vil ég leyfa mér að draga í efa.**

Ég vil leyfa mér að ljúka þessu greinarkorni með því að þakka Friðriku Benónýsdóttur fyrir leiðarann og viðurkenna að áhyggjur hennar eru ekki tilefnislausar, en á sama tíma langar mig að hvetja hana og aðra áhugamenn um menningarumfjöllun að hefja til vegs umræðu sem vegur upp á móti möntrunni um að listin sé fyrst og fremst markaðsvara. Mín gæfa er fólgin í því að starfa daglega með listafólki sem hefur fulla trú á gildi listarinnar sem byltandi afls í samfélaginu og hefur ekki í hyggju að selja Satan sál sína.

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET








# FÁÐU MEIRA...

ORLANDO
3.890.000.-
LT BENSÍN 1.8L
BSK • 7 SÆTA




Bíll á mynd: Chevrolet Orlando LTZ

## SJÖ SÆTA – NÓG PLÁSS FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA OG VININA LÍKA

Fjórhjóladrifinn Captiva og fjölskyldubíllinn Orlando eru með ríkulegan staðalbúnað og jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn – sjáðu meira á benni.is.

CAPTIVA 4X4
5.990.000.-
LT DÍSEL 2.2L • 184 HÖ
SSK • 7 SÆTA




Bíll á mynd: Chevrolet Catpiva LTZ

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# Karlar orðnir smart

**Meistarafélag hárskera verður 90 ára á þessu ári. Haldið verður upp á það næsta sunnudag með hárgreiðslusýningu og sýnikennslu í rakstri og skeggsnyrtingu.**

„Þessi dagur verður meira helgaður hári karla en kvenna," segir Gríma Kristinsdóttir, einn hárskeranna sem verða með sýnikennslu næsta sunnudag í tilefni af 90 ára afmæli Meistarafélags hárskera. „Þeir eru farnir að spá meira í þetta strákarnir," segir Gríma. „Það er miklu meiri tíska og tækni komin inn í karlahártísku. Einu sinni létu strákar duga að segja: „Já, minnkaðu á mér hárið." Það eru ekki mjög krefjandi fyrirmæli fyrir hárgreiðslumeistara. Núna vilja strákar fá eitthvað smartara. Það þarf að hafa fyrir þeim og það er bara af hinu góða. Það skilar sér í meiri fagmennsku," segir Gríma.

„Ég fór alveg á sér námskeið í herraklippingu til Danmerkur í fyrra," segir Gríma. „Hárið á körlum er klippt öðruvísi en hárið á konum. Það eru harðari línur hjá þeim, en mýkri línur hjá konum." Gríma klippir bæði karla og konur, en er líka menntuð í rakaraiðn. „Ég fór að læra rakstur 1978 eða 1979. Þá var byrjað að opnast meira fyrir það að konur lærðu rakaraiðn. Áður var þetta meira karlafag. Í kringum 1980 fór ég að vinna á stofu sem heitir Figaro. Þar var boðið upp á klippingu og rakstur fyrir bæði kynin, en það var nýbreytni á þessum tíma. Ég byrjaði þar um það leyti sem ég útskrifaðist úr hárgreiðslunámi í Ósló," segir Gríma.

Meistarafélags hárskera hét upphaflega Rakarameistarafjelag Reykjavíkur, og var stofnað í Eimskipafélagshúsinu árið 1924. Konur stofna hárgreiðslufélag í kringum 1931, en það rennur síðar saman við Meistarafélag hárskera. Hárgreiðslusýning í tilefni af afmæli félagsins verður á sunnudag. Þar verður sýnikennsla í rakstri, skeggsnyrtingu, herraklippingum auk þess sem boðið verður upp á danssýningu. Hárskerarnir sem taka þátt verða Gríma Kristinsdóttir, Bryndís Guðjónsdóttir, Andri Kristleifsson, Jón Halldór Guðmundsson, Guðjón Þór Guðjónsson og Torfi Geirmundsson. Einnig koma fram nemar úr hársnyrtideildum skólanna. Dagskráin verður frá 14 til 18 og fer fram á Kaffihúsinu í Víkinni, Sjóminjasafninu, Grandagarði.

- ue



**HÁR** Gríma Kristinsdóttir hársnyrtikona ætlar meðal annars að snyrta skegg á sunnudaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

---



✝

**HJALTI STEFÁNSSON**
**(Hjalti í Vöku)**

er látinn.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Kolbrún og Kristbjörg Hjaltadætur**
**og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURBJÖRG JÓHANNA ÞÓRÐARDÓTTIR**
**kennari,**
**Hrafnistu í Hafnarfirði, áður til heimilis á Þinghólsbraut 72, Kópavogi,**

lést á Hrafnistu þriðjudaginn 18. febrúar.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Unnsteinn Þórður Gíslason**
**Magnús Gíslason**
**Kristján Gíslason** **Guðrún Benedikta Elíasdóttir**
**Gísli Örn Gíslason** **Birna Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**EYRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Kálfhóli, Skeiðum,**

verður jarðsungin frá Skálholtskirkju laugardaginn 22. febrúar kl. 13.30. Jarðsett verður í Ólafsvallakirkjugarði.

**Elsa Aðalsteinsdóttir**
**Guðmundur Þórðarson**
**Gestur Þórðarson** **Margrét J. Ólafsdóttir**
**Valgeir Þórðarson** **Kristín Hjálmarsdóttir**
**Hrafnkell Baldur Þórðarson** **Siril Iren Sagstad**
**Elín Þórðardóttir** **Sigurður Guðmundsson**
**Gunnar Már Þórðarson** **Kolbrún Björnsdóttir**
**Þorbjörg Valgeirsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
pabbi, tengdapabbi og afi,

**VIÐAR MÁR PÉTURSSON**
**Hofgerði 4, Vogum,**

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 9. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Krabbameinsfélag Íslands njóta þess. Sérstakar þakkir til starfsfólks blóðmeinadeildar og dagdeildar LSH við Hringbraut, gjörgæslu LSH í Fossvogi, Rósu og Dísu hjá Heimahjúkrun Suðurnesja.

**Sigurbjörg Jónsdóttir**
**Helgi V. Viðarsson Biering** **Halldóra Steina B. Garðarsdóttir**
**Bjarki Viðarsson Biering** **Tina Endl**
**Eygló Viðarsdóttir Biering** **Ian Stuart Stephenson**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**AUÐUR GÍSLADÓTTIR HENTTINEN**

lést 9. febrúar. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Guðrún Hannele Henttinen** **Karl Alvarsson**
**Hans Vihtori Henttinen** **Ingunn Alda Sigurðardóttir**
**Ívar Esa Henttinen**
**Viktor Hugi Henttinen**
**Egill Kalevi Karlsson**
**Gréta Liisa Karlsdóttir**
**Elín Eva Karlsdóttir**
**Íris Saara Henttinen Karlsdóttir**
**Irma Gná Henttinen**
**Auður Ilona Henttinen**
**Styrmir Eero Henttinen**
**Hekla Toini Henttinen**
**og barnabarnabörn.**

---



✝

Minn ástkæri eiginmaður,

**JÓN BRYNJAR GUNNHALLSSON**

lést sunnudaginn 9. febrúar. Jarðarförin fer fram föstudaginn 21. febrúar í Ytri-Njarðvíkurkirkju kl. 11.00.

**Þórhildur E. Halldórsdóttir, stjúpbörn, barnabörn, systkini og faðir.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi, bróðir og tengdasonur,

**ÓLAFUR KR. GUÐMUNDSSON**
**framkvæmdastjóri,**
**Lindasmára 4, Kópavogi,**

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju föstudaginn 21. febrúar kl. 13.00.

**Guðný Helgadóttir**
**Guðmundur Pétur Ólafsson** **Bjarney Anna Bjarnadóttir**
**Rakel Ýr Ólafsdóttir** **Lloyd Hans McFetridge**
**Helga Kristín Ólafsdóttir**
**afabörn, systkini og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**MAGNÚS ANTON JÓNSSON**
**frá Raufarhöfn,**

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Húsavík, mánudaginn 17. febrúar 2014. Útförin fer fram frá Raufarhafnarkirkju laugardaginn 22. febrúar kl. 14. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Hvamm, dvalarheimili aldraðra á Húsavík, kt. 511298-2969, 1110-15-201156.

**Jón Magnússon** **Katrín Hermannsdóttir**
**Margrét Guðný Magnúsdóttir** **Hreinn Grétarsson**
**Magnús Örn Magnússon** **Anna Jónasdóttir**
**Valur Magnússon** **Kristín Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

mast
Matvælastofnun

**Aðalskrifstofa Matvælastofnunar á Selfossi verður lokuð frá kl. 13.00 í dag, fimmtudaginn 20. febrúar, vegna jarðarfarar Sigurðar Guðmundssonar.**




## ORÐRÓMUR

**Sumir telja að Donna Karan muni brátt hætta sem listrænn stjórnandi DKNY. Forsvarsmenn fyrirtækisins neita orðróminum en áhorfendur á haust- og vetrarsýningu Karan sáu hönnuðinn tárast í lok sýningar og telja það renna stoðum undir það að sýningin hafi verið hennar síðasta hjá merkinu.**






# EKKI LÁTA STIRÐLEIKA STOPPA ÞIG

**GENGUR VEL KYNNIR** *Nutrilenk Active er hentugt fyrir þá sem þjást af stirðleika og verkjum í liðum þar sem það hefur áhrif á liðvökvann en Nutrilenk Gold fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski og slitnum liðum.*

Nutrilenk hefur hjálpað ótrúlega mörgum sem hafa fundið fyrir verkjum og stirðleika í skrokknum og í raun hefur fólk öðlast nýtt líf," segir Ásta Kjartansdóttir, vörustjóri hjá Gengurvel ehf. Nutrilenk Active er hentugt fyrir þá sem þjást af stirðleika og verkjum í liðum þar sem það hefur áhrif á liðvökvann en Nutrilenk Gold er fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski og slitnum liðum. Reyndar nota margir báðar tegundir saman með frábærum árangri," bætir Ásta við.

Í byrjun árs eru margir í átaki, bæði varðandi mat og hreyfingu en því miður veigra sumir sér við því að hreyfa sig sökum stirðleika og verkja. „Áralöng reynsla og rannsóknir á Nutrilenk gefa til kynna að það hjálpi til við að auka heilbrigði liðanna, minnki verki og stirðleika og auki þar með hreyfigetu og færni. Margir læknar mæla með Nutrilenk og sjúkraþjálfarar, kírópraktorar og einkaþjálfarar hafa góða reynslu frá sínum skjólstæðingum," segir Ásta.

Nutrilenk Active er unnið úr vatnsmeðhöndluðum hanakambi sem inniheldur hátt hlutfall af náttúrulega efninu hýalúronsýru sem getur aukið liðleika og séð til þess að liðirnir séu vel smurðir svo fólk geti hreyft sig af fullum krafti án hindrana. Margir þeir sem stundi stífar æfingar þar sem reynir óhóflega á liðina hafi bætt árangur sinn með inntöku á Nutrilenk.

„Við hvetjum fólk auðvitað til að hugsa vel um heilsuna, beita líkamanum rétt og hvílast til að varðveita liðheilsu en alls ekki láta stirðleika og verki hindra sig í að stunda þá hreyfingu sem þeim finnst skemmtilegust."

***Nutrilenk fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar á: www.gengurvel.is.***



**GÓÐ HJÁLP** Ásta Kjartansdóttir, vörustjóri hjá Gengur vel, segir að Nutrilenk Active hafi hjálpað mörgum.

















SPÁIR Í SUMARTÍSKUNA Katrín á Hárstofunni Sprey segir alls konar fléttur verða í tísku í sumar. MYND/VILHELM

# ÚFIÐ OG FLÉTTAÐ

**VOR- OG SUMARTÍSKAN** *Hafmeyjuliðir, fléttur og stutt hár er allt hluti af því sem koma skal í hártískunni í vor og sumar. Strákar eiga að vera með skegg.*

Hártískan í vor og sumar verður úfin og hárið á að líta út fyrir að ekki sé mikið fyrir því haft að sögn Katrínar Sifjar Jónsdóttur, hárgreiðslumeistara og eins eigenda Hárstofunnar Sprey í Mosfellsbæ. „Það verður mikið um hafmeyjuliði, þá er hárið haft frjálst og bylgjað. Það á ekki að greiða hárið mikið eða slétta það. Ef fólk vill hins vegar vera með hárið slétt á það að vera mjög mikið sléttað, alveg sleikt.“

**FLÉTTUR Í TÍSKU**

„Lágu töglin sem voru í tísku úti í heimi í vetur verða líklega í tísku hér á landi í vor eða sumar. Einnig verða fléttur rosalega vinsælar. Þetta á við um allar gerðir af fléttum, lausar, fastar, hliðarfléttur, kransafléttur. Allar fléttur verða í tísku en þær eiga að vera úfnar.“

Katrín segir krullur líka verða í tísku en að þær eigi að vera ýktar, diskókrullur. „Í heildina á hárið að vera úfið og lítið greitt. Það þarf lítið að hafa fyrir því. “

**STUTT OG SÓLARUPPLITAÐ**

Hárið á að vera styttra en það hefur verið að undanförnu og á síddin að vera frá brjósti og alveg upp úr. „Mjög stutt hár verður í tísku og bob-klipping verður vinsæl. Í litunum verður svokallað „sombre“ hár eða sólarupplitað hár inni, einnig kaldir, brúnir litir og mjög náttúrulegir ljósir litir. Við munum líka sjá mikið af hárböndum en þá ekki endilega í hippastílnum heldur líka utan um snúða og fleira.“

**STRÁKARNIR MEÐ SKEGG**

Herrarnir eiga að vera með sítt hár ofan á höfðinu en jafnara, rökuðu hliðarnar detta úr tísku. „Hárið á að vera greitt og snyrtilegt í anda sjötta og sjöunda áratugarins. Það verður líka algengt að sjá skeggjaða menn, skeggið á að vera þétt og snyrtilegt eins og hárið en þó ekki of sítt. Það er ekki töff að vera eins og Gandálfur,“ segir Katrín og hlær.

**ALLT UM HÁRIÐ**

Katrín og Edda Blumenstein skrifa á netsíðuna Hárið.is þar sem hægt er að fá alls kyns ráð og leiðbeiningar um hárumhirðu, hárgreiðslur og hárvörur. „Okkur fannst vanta umræðu um hár og hármenningu á Íslandi og ákváðum því að stofna síðuna. Þar er mikið af efni og ef einhvern vantar ráð eða hugmyndir er um að gera að kíkja á síðuna.“



**Í TÍSKU** Fléttur verða mikið í tísku á komandi mánuðum. Það er lykilatriði að þær séu úfnar.

## EINS OG LÍNA LANGSOKKUR

**FLÉTTUR**

**Ef marka má nýafstaðna tískuviku í New York verða fléttur í hárinu vinsælar með haustinu. Þar var algengt að fyrirsæturnar væru með tvær fléttur í hárinu, svipað og hin eina sanna Lína Langsokkur. Hinn frægi og vinsæli tískuhönnuður Marc Jacobs var einn af þeim sem ákváðu að hafa tvær fléttur í hári fyrirsætanna. Þá voru silkihárbönd vinsæl. Með þessari greiðslu minna módelin á smástelpur, en ein fyrirsætan var meira að segja með appelsínugult hár, ekki ósvipað og Lína. Það má því segja að Línu-fléttugreiðslan sé að komast í tísku. Konur þurfa því ekki að örvænta því auðvelt er að gera þessar fléttur í hárið og allir kunna það.**












F **FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**







UNITED COLORS
OF BENETTON.







Benetton Smáralind – Benetton Glerártorgi – Benetton Kringlunni Instagram

# STÆRSTU TÍSKUJÖFRARNIR

**LEIÐANDI Í TÍSKU** *Bretar hafa lengi haft ítök í tískubransanum hvort sem horft er til hönnuða, fyrirsætna eða tímarita um allan heim. Stærstu nöfnin í bransanum má sjá hér en þetta fólk hefur haft áhrif í öllum geirum tískuheimsins á ólíkan máta.*

Í tilefni upphafs tískuvikunnar í London á dögunum fjölluðu tískublaðamenn breska blaðsins The Guardian um helstu áhrifavaldana í bresks tískuheiminum. Auk þeirra sem fjallað er um hér voru nefnd þekkt nöfn eins og Alexandra Shulman, ritstjóri breska Vogue, Cara Delevingne, fyrirsæta og Dylan Jones, ritstjóri breska GQ.

**KATE MOSS**
Ein þekktasta fyrirsæta heims síðastliðin 25 ár. Undanfarin ár hefur hún hannað sína eigin línu fyrir verslanakeðjuna Topshop. Ekki er nóg með það heldur starfar hún nú við ritstjórn breska Vogue. Þannig hefur hún komið að öllum hliðum tískubransans.

**ALEXA CHUNG**
Fyrirsæta, rithöfundur, sjónvarpskynnir og verðandi hönnuður. Chung hefur verið mörgum hönnuðum innblástur þar sem hún hefur mjög áberandi persónulegan stíl og vilja þeir flestir fá hana til að klæðast fötum sínum. Hún hefur margsinnis komist á lista yfir best klæddu konurnar.

**VICTORIA BECKHAM**
Victoria Beckham hefur staðið sig fullkomlega fyrstu árin sín í tískuiðnaðinum. Allt frá því hún kynnti fyrstu hönnun sína fyrir fáum útvöldum ritstjórum í risíbúð í New York fyrir opnun netverslunar sinnar hefur vörumerki hennar styrkst jafnt og þétt. Öll markaðssetning hennar hefur verið lýtalaus. Bresku tískuverðlaunin (British Fashion Award) sem hún hlaut árið 2011 eru merki um það.

**PHILIP GREEN**
Viðskiptajöfur og framkvæmdastjóri Arcadia Group, verslanakeðju sem inniheldur meðal annars Topshop og Dorothy Perkins. Topshop styður verkefni sem gerir ungum og upprennandi hönnuðum kleift að komast fram á sjónarsviðið á tískuvikunni í London. Þannig leikur hann stórt hlutverk í því hvað kemst í tísku hverju sinni.


ALEXA CHUNG


PHILIP GREEN


KATE MOSS


VICTORIA BECKHAM

## MEÐ EIGIN TÍSKULÍNU

**TÍSKUGYÐJA**

Söngkonan Rihanna hefur í hyggju að ýta eigin tískulínu úr vör sem allra fyrst. Hún gefur þó lítið upp um hvers konar fatalínu verði að ræða.
Í nýlegu viðtali lýsti hún því hvernig tískan hefur haft áhrif á feril hennar sem söngkona. „Þetta er ekki allt röðd minni að þakka. Margir eru hæfileikaríkari en ég þegar kemur að söng. En fólk vill vita hver þú ert og föt geta hjálpað manni við tjáningu á persónuleika."
Rihanna hefur skapað tískulínur fyrir tvö hönnunarmerki hingað til. Önnur þeirra var fyrir Emporio Armani undirföt og Armani Jeans og hin fyrir tískubúðina River Island.




KJÓLARDAGAR Í FLASH



Kjóll áður 16.990
Nú 12.990 kr.



Kjóll áður 12.990
Nú 9.990 kr.

FLASH

Sjá fleiri myndir á f

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Ný sending af vorvörum!

Frakkar, jakkar og kjólar.



Minnum á að nú styttist í lok á rýmingarsölunni af eldri fatnaði. Lækkuð verð.

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770
Vertu velkomin! Fylgstu með okkur á facebook.com/Parisartizkan

# HÓPEFLI

FIMMTUDAGUR **20. FEBRÚAR 2014**



## Ævintýralegar hópeflisferðir

**Fjallamenn ehf./Mountaineers of Iceland bjóða upp á hópeflisferðir á Langjökul.**

SÍÐA 2

## Fjölbreytt skemmtun

**Í SmáraTÍVOLÍ geta allar gerðir hópa fundið skemmtun við sitt hæfi.**

SÍÐA 3

## Líf og fjör í Hvalfirði

**Snilldarferðir bjóða upp á fjórhjólaferðir, leisertag og aðra afþreyingu í Hvalfirði.**

SÍÐA 4




# Ógleymanleg upplifun

Fjallamenn ehf./Mountaineers of Iceland bjóða upp á ævintýralegar hópeflisferðir upp á Langjökul. Vélsleðaferðir, jöklagöngur og hlaðborð uppi á jökli er aðeins brot af því sem stendur til boða. Heimasíða Fjallamanna er fjallamennislands.is.

Fjallamenn Íslands er leiðandi fyrirtæki í hópeflisþjónustu en við höfum unnið með hópefli í nokkur ár. Við setjum saman metnaðarfulla dagskrá til að hrista saman hópa af öllum stærðum allt eftir óskum viðskiptavina,“ útskýrir Sif Helgadóttir, sölu-og markaðsstjóri Fjallamanna ehf./Mountaineers of Iceland.

Fjallamenn stunda umfangsmikinn rekstur á Langjökli. Fyrirtækið á og rekur jeppa og trukka sem hefur verið sérstaklega breytt til að ferðast á jöklum og komast að afskekktum svæðum á hálendinu sem annars ekki er hægt að komast að á venjulegum bílum. Fjallamenn eiga einnig aðstöðu á Langjökli þar sem tekið er á móti hópum.

„Það eru ekki margir sem gera sér grein fyrir umfangi reksturs Fjallamanna á Langjökli,“ segir Sif. „Við eigum til dæmis eitt hundrað vélsleða og tvö hús, bæði austan megin og vestan megin á Langjökli þar sem öll aðstaða er til fyrirmyndar. Fyrir hópefli bjóðum við mjög áhugaverða dagskrá, svo sem vélsleðaferðir, ævintýraleg jöklahlaðborð (bæði inni og úti), hópeflisprógramm, snjóleiki og jöklagöngur svo eitthvað sé nefnt,“ útskýrir Sif.

„Fjallamenn eru stöðugt að hugsa upp nýja valkosti fyrir viðskiptavini og ávallt með sveigjanleika og öryggi í fyrirrúmi. Starfsfólk Fjallamanna er skapandi fagfólk sem veitir persónulega þjónustu og hefur víðtæka reynslu af ferðaþjónustu. Við leggjum metnað í að bjóða upp á ógleymanlega upplifun.“

Nánari upplýsingar: www.fjallamennislands.is.





Sif Helgadóttir, sölu- og markaðsstjóri Fjallamanna ehf./Montaineers of Iceland, segir hópeflisferðirnar ógleymanlega upplifun.



**Boðið er upp á ævintýraleg matarhlaðborð í ferðunum, leiki og snjósleðaferðir**







Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbirgir@365.is, s. 512-5432
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

**Guðmundur Tyrfingsson ehf**

**Óvissuferðir - starfsmannaferðir - hópefli**



- Skemmtiferðir
- Ratleikir
- Partídans
- Söguferðir
- Árshátíðir



**Sérsníðum ferð fyrir þinn hóp.**
Hafðu samband og við búum til ferð sem hentar þínum hópi.

**Guðmundur Tyrfingsson ehf**
**gt@gtbus.is www.gtbus.is**
**S. 482-1210**

# Hláturinn lengir lífið

Maður er manns gaman og það er endurnærandi að hlæja og skemmta sér í góðra vina hópi. Því eru gamansamir leikir sem reyna á samstöðu, styrk og samheldni fyrirtaks hópefling.

### Sannleikur og lygi

Skrifið niður á blað tvennt sem er satt um ykkur sjálf og eitt sem er lygi. Hinir eiga að giska á hvað af þessu er lygi.

### Ha-ha-leikur

Þátttakendur leggjast á gólf með höfuðið á maga næstu manneskju. Fyrsta manneskjan segir ha, sú næsta ha-ha, sú þriðja ha-ha-ha og svo framvegis. Augu eiga að vera lokuð og bannað er að hlæja. Markmiðið að komast eins langt og hægt er með ha-in án þess að nokkur fari að hlæja, en það má reyna að vera fyndinn.

### Öskurleikur

Þátttakendur horfa niður. Þegar sagt er „nú“ eiga þeir að líta upp og reyna að líta í augun á einhverjum öðrum. Nái þeir augnsambandi við annan aðila eiga báðir að öskra og eru þar með úr leik.

### Telja upphátt

Hópur situr í hring. Markmiðið er að hópurinn nái að telja upp að tíu, einn í einu nefnir tölu, ef tveir nefna tölu á sama tíma þarf að byrja upp á nýtt. Minnsta hik er nóg til að þurfi að byrja upp á nýtt.

### Prik á putta

Þátttakendur rétta fram hendur og kústskaft er sett á vísifingur þeirra. Kústskaftið er vandamál og þau eiga að leysa vandamálið, en gallinn er sá að vandamálið vex bara og stækkar. Vinna þarf saman til að leysa vandann og leggja kústskaftið á gólfið. Til þess þarf jafnvel að fara á hnén.



Hlátur brýtur alla múra og lætur fólki líða vel. Hópefli þéttir hópinn og ýtir undir traust og oft ævarandi vináttu.

### Grípa í fingur

Þátttakendur standa í hring, leggja hægri vísifingur í vinstri hönd þess sem er við hliðina (hafa vinstri hönd opna til að taka á móti fingri þess sem er á vinstri hönd.) Þegar sagt er „3“ eiga þátttakendur að reyna að grípa utan um fingurinn sem liggur í vinstri lófa og um leið reyna að koma í veg fyrir að sá sem er á hægri hönd nái að grípa um fingurinn.

# KONUDAGUR

FIMMTUDAGUR 20. FEBRÚAR 2014 | **Kynningarblað** Uppskriftir, hugmyndir og sagan.




Kristbjörg segist ætla að láta reyna á það í þriðja skiptið að fá að bera millinafnið Kona. MYND/DANÍEL

# Sterkar, flottar, sjálfstæðar konur

Heita má Karl en ekki Kona. Það hefur kvenréttindakonan Kristbjörg Kona Kristjánsdóttir í tvígang látið reyna á með umsóknum sínum til mannanafnanefndar sem neitaði henni um millinafnið Kona. Ástæðan? Það þótti of niðurlægjandi að bera nafnið Kona.

Millinafnið Kona festist við mig á menntaskólaárunum," segir Kristbjörg Kona sem þá var í pönkhljómsveit og mjög virk í kvennapólitíkinni.

„Engin orð eru bönnuð í pönkinu og ég vildi sérstaklega upphefja allt sem var kvenlegt og viðkom konum. Við nefndum til dæmis hljómsveitina okkar Á túr, því við vildum deila á þá neikvæðni og hræðslu sem einkenndi það að fara á blæðingar. Þetta var tímabilið þegar allir voru að taka upp meiðyrði og snúa þeim í andhverfu sína. Það er auðvitað góð leið til að endurheimta skilgreiningarvald."

Kristbjörgu Konu hefur alltaf verið mikilvægt að afsanna þá kenningu að konur séu konum verstar.

„Ætli það verði ekki mitt ævistarf að stússast í því. Það hlýtur að vera hagur okkar allra að útiloka allar þær hugmyndir og alla þá orðræðu sem niðurlægir okkur á þeim forsendum að við erum konur."

Kristbjörg hefur tvívegis sótt um að fá millinafnið Kona samþykkt hjá mannanafnanefnd og tvisvar fengið synjun.

„Í seinna skiptið komst mannanafnanefnd að þeirri niðurstöðu að það væri niðrandi fyrir stúlkubarn að fá nafnið Kona. Nú eru nýir tímar og komin ný mannanafnanefnd, svo ég þarf endilega að fara að sækja um aftur. Ég vona bara að í nefndinni sitji ekki fólk sem finnst enn vera niðurlæging að bera nafnið Kona."

### Konur gera heiminn betri

Konudagur er á sunnudaginn kemur og segir Kristbjörg að dagurinn eigi að snúast um konur í allri sinni dýrð, eins fjölbreyttar og stórfenglegar og þær eru.

„Hverri konu á að vera frjálst að túlka konudaginn eins og hún vill. Sjálf sé ég þennan dag sem gleðidag. Dagurinn færir með sér hækkandi sól og vonina um vorið, sem er lýsandi fyrir mikilvægi kvenna til að gera heiminn betri."

Kristbjörg er með BA-gráðu í mannfræði og kynjafræði frá Háskóla Íslands og segir líf kvenna hafa gjörbreyst á síðustu áratugum; jafnvel á síðustu árum.

„Staða kvenna fer þó alveg eftir því hvar í heiminum þær fæðast. Á Íslandi er afskaplega gott að vera kona í samanburði við fjölmörg önnur lönd. Samt búum við í landi þar sem kynbundinn launamunur er landlægur og tíðni kynferðisbrota geigvænlega há."

Hún segir misréttið þó ekki skilgreina íslenskar konur.

„Íslenskar konur eru sterkar, flottar og sjálfstæðar. Samstaða okkar gegn kynjamisrétti hefur náð langt, áorkað miklu og aukið lífsgæði okkar á svo mörgum sviðum. Og hún mun halda áfram að gera það."

# Konudagsmorgunn

Á konudag má vinna sér inn mörg stig með rómantískum morgunverði. Allt sem þarf er eitt ákveðið áhald og rétt stillt vekjaraklukka.

Vertu búinn að fjárfesta í hjartalaga piparkökumóti. Með það að vopni eru þér nánast allir vegir færir þegar kemur að undirbúningi morgunverðar á konudag. Stilltu vekjaraklukkuna á 6 og brettu upp ermarnar.

## Morgunverðarpönnukökur

Hrærðu í deig og steiktu nokkrar pönnsur. Skerðu svo út eins mörg hjörtu og hægt er úr kökunum og raðaðu fallega á disk. Vertu klár með sýróp, smjör, sultu og osta á bakka. Fersk jarðarber eða bláber skemma ekki fyrir.

**Pönnsur:**
**1 bolli hveiti**
**2 msk. sykur**
**2 tsk. lyftiduft**
**½ tsk. salt**
**1 stórt egg**
**2 msk. matarolía**
**mjólk, rétt til að þynna deigið svo auðvelt sé að ausa því á pönnuna.**

Blandið þurrefnum saman og hrærið svo út í eggin og olíuna. Bætið mjólk út í í smá skömmtum þar til deigið er hæfilega þykkt. Hellið á vel heita pönnukökupönnu og steikið báðum megin.

## Súkkulaðikaka

Súkkulaðikaka gerir alltaf góða hluti á konudag. Bakaðu einfalda skúffuköku eða skelltu í metnaðarfulla „brownie“ með miklu dökku súkkulaði. Skerðu svo út hjörtu og toppaðu með rjóma og jarðarberjum. Til að sýna mikinn metnað mætti sjóða upp karamellusósu og hella yfir.

**Karamellusósa:**
**1 bolli sykur**
**5 msk. smjör**
**½ bolli rjómi**
**sjávarsalt**

Bræðið sykurinn við vægan hita og hrærið stöðugt í um það bil í 10 mínútur. Hættið að hræra og látið sykurinn dökkna í 3 til 8 mínútur í viðbót. Takið þá af hitanum og látið bíða í hálfa mínútu. Þeytið smjörið saman við og hellið rjómanum út í. Passið að ekki sjóði upp úr. Stráið salti út í og hrærið. Kælið í krukku.

## Ristað brauð

Ef þú leggur ekki í bakstur geturðu notað piparkökumótin á ristað brauð. Þá skiptir máli að leggja meiri metnað í áleggið svo vertu klár með reyktan lax, kotasælu, hunang, sultu og osta. Með ristaða brauðinu væri reyndar gott að hræra eitt egg á pönnu.


Metnaðarfullur morgunverður inniheldur súkkulaðiköku með kaffinu á konudag.


Ef ristað brauð verður fyrir valinu skal áleggið vera þeim mun betra.


Ilmandi morgunverðarpönnsur með jarðarberjum.


Töfratæki fyrir konudaginn.

## ÖRFÁAR HUGMYNDIR

**Ertu að** brjóta heilann um hvað á að gefa elskunni á sunnudag? Hér eru nokkrar hugmyndir.

**Skart**
**Bók**
**Vín**
**Blóm**
**Listmun**
**Út að borða**
**Hótelgistingu**
**Utanlandsferð**
**Ástarljóð**
**Leikhúsmiða**
**Skópar**
**Krem**
**Ávísun á** upplifun. Til dæmis fallhlífarstökk, skotfimi, bogfimi, leisertag, hestaferð o.s.frv.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s. 512-5442 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.










Þrek og Þokki

Eitt nýjasta og vinsælasta æfingakerfið frá Bandaríkjunum loks í boði á Íslandi

**Mótaðu líkamann**
á fljótvirkan og öflugan hátt með tækni sem samþættir fitubrennslu, uppbyggingu vöðva og teygjur.

**Markmiðið**
er að bæta líkamsstöðu og auka líkamsvitund og þokka.

**Aukið þol og meiri orka**
með markvissri, lifandi og skemmtilegri þjálfun fyrir allar konur, jafnt þær sem eru nú þegar í góðu formi sem þær sem vilja bæta formið.

Einnig frábærar æfingar fyrir hlaupara og skokkara.

**6 vikna námskeið hefst 24. febrúar.**
**Tímar 4x í viku kl. 09.00 - 16.30 og 17.30**

Kennsla að Suðurlandsbraut 6b, 2 hæð (fyrir aftan Nings veitingastaðinn).
Upplýsingar og skráning í síma 822 7772 og 892 1598.
soley@studiosoleyjar.is, www.studiosoleyjar.is
**www.facebook.com/studiosoleyjar.is**



HERÐANUDD Í POTTUM

PERSÓNULEG HANDLEIÐSLA OG ÞJÁLFUN Í TÆKJASAL

NORDICA SPA&GYM

# SVO MIKLU MEIRA EN LÍKAMSRÆKT

Persónuleg þjónusta og einstaklingsmiðuð þjálfun, sérsniðin út frá lífsstíl, aldri og líkamlegu ástandi.

Finndu jafnvægi líkama og sálar. Ræktaðu heilsuna og viðhaltu styrk til að geta farið í golf, gengið á fjöll, hjólað, róið á kajak, farið á skíði eða í sjósund.

Vertu frjáls í eigin líkama.

**STUTT, STÍFT OG STRANGT**
4 vikna námskeið hefst 3. mars
24.900 kr.

**FIT JÓGA**
4 vikna námskeið hefst 4. mars
24.900 kr.

**LÍFSSTÍLL & NÆRING**
4 vikna námskeið hefst 18. mars
26.900 kr.




Nánari upplýsingar á www. nordicaspa.is

Fylgstu með okkur á Facebook

Suðurlandsbraut 2, Reykjavík | sími 444 5090 | nordicaspa.is

## ÁVALLT Á FYRSTA DEGI GÓU

**Konudagurinn er** ávallt haldinn á sunnudegi á fyrsta degi góumánaðar. Elstu bókfestu dæmi um að heitið konudagur sé notað um þennan dag eru frá því um miðja 19. öld, en það gæti verið langtum eldra í talmáli. Góa er næstseinasti mánuður vetrarmisseris samkvæmt hinu fornislenska tímatali.



**Líklegt er að menn hafi í heiðnum sið** haldið einhverja smáveislu í upphafi hinna gömlu vetrarmánaða. Með tilkomu kristnitökunnar hefur það sennilega horfið úr opinberu lífi en viðhaldist í einhverjum heimahúsum.

Svo virðist sem þorrafagnaður í heimahúsum hafi verið hálfgert feimnismál á öldum hins kristilega strangtrúnaðar. Síður er talað um góufagnað. Tvennt kemur til. Í fyrsta lagi byrjar góa alltaf á sunnudegi og því hvort sem er skárri matur þá á borðum. Þá lenti góukoma oftast inni í langaföstu og því ekki við hæfi að hafa gleðskap.

**Heitið konudagur á fyrsta degi góu** fer að breiðast út eftir miðja 19. öld, ef til vill frá Þingeyingum. Elsta dæmið er frá Ingibjörgu Schulesen sýslumannsfrú á Húsavík og nokkrum áratugum síðar kemur það fyrir í sögum eftir Guðmund Friðjónsson á Sandi í Aðaldal. Um 1900 er það orðið þekkt um allt land og árið 1927 hlýtur það þá opinberu viðurkenningu að vera tekið upp í Almanak Þjóðvinafélagsins.

**Á fjórða áratug síðustu aldar** taka kaupmenn að auglýsa sérstakan mat fyrir konudaginn og sumar stúkur Góðtemplarareglunnar auglýsa kvöldskemmtanir á þessum degi um 1940.

**Um miðjan sjötta áratug síðustu aldar** taka blómasalar að auglýsa konudagsblóm. Upphafsmaður þess mun hafa verið Þórður á Sæbóli í Kópavogi, en fyrsta blaðaauglýsing sem fundist hefur frá Félagi garðyrkjubænda og blómaverslana er frá 1957.

*Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands*



## FRÁ HJARTANU

Margir karlmenn leggja sig fram um að gleðja konurnar í lífi sínu á konudaginn. Þar sem við lifum í neyslusamfélagi fara flestir þeirra út í búð og kaupa eitthvað sniðugt til að gefa. Það gæti verið skemmtilegt að breyta til í ár og gera eitthvað heimatilbúið.

Það liggur beinast við að sýna smá takta í eldhúsinu og elda eitthvað gott í stað þess að kaupa skyndibita.

Heimagert konfekt fellur eflaust vel í kramið enda vita allir að konur elska súkkulaði.

Vel undirbúið nudd með heimagerðum skrúbbum og kremum kæmi mörgum konum skemmtilega á óvart.

Morgunmatur í rúmið er klassískt bragð og yfirleitt vel metið. Passið bara að haga því þannig að mylsnan fari ekki í rúmið.

Ýmislegt fleira má láta sér detta í hug og um að gera að vera frumlegur.



## NÁTTÚRULEG FEGURÐ



## „UPPÁHALDS SNYRTIVARAN MÍN ER LITAÐUR VARASALVI FRÁ BURT'S BEES"




### PATTRA SRIYANONGE TÍSKUBLOGGARI MÆLIR MEÐ TINTED LIP BALM FRÁ BURT´S BEES

„Uppáhalds snyrtivaran mín er litaður varasalvi frá **Burt's Bees** í litnum **rose**. Ég varð ástfangin af honum síðasta sumar þegar ég keypti mér einn í Leifstöð. Nú hafa fleiri Burt's Bees elskur bæst við í snyrtibudduna. Þetta er eini varasalvinn sem hefur virkað svona ótrúlega vel á mig og liturinn finnst mér fullkominn. 100% náttúrulegur er líka eitthvað til þess að gleðjast yfir!"

Burt's Bees vörurnar fást t.d. í Lyfjum & heilsu Kringlunni og í Fríhöfninni.

BURT'S BEES®
náttúran og ég

# Ólíkir hópar koma í SmáraTÍVOLÍ

Allar gerðir hópa finna eitthvað við sitt hæfi í SmáraTÍVOLÍ. Leikjameistarinn tekur á móti hópum og fylgir honum eftir. Fyrirtæki bjóða starfsfólki og fjölskyldum þeirra í góða skemmtun og hópar úr skólum og félagsmiðstöðvum skemmta sér vel í fjölbreyttu úrvali leiktækja.

SmáraTÍVOLÍ í Smáralind býður upp á fjölbreytt úrval af hópefli fyrir allar gerðir hópa. Frá opnun hafa fjölskyldur, ýmsir hópar og vinnufélagar heimsótt SmáraTÍVOLÍ og skemmt sér vel og skapað góðar minningar. Svala Ástríðardóttir, sölu- og markaðsstjóri hjá SmáraTÍVOLÍ, segir allar gerðir hópa geta hrist sig saman með góðum árangri hjá þeim. „Við fáum mjög fjölbreytta hópa hingað til okkar en þó mest af vinnufélögum, vinahópum og einnig þá sem eru að steggja vini og gæsa vinkonur."

## Leikjameistarinn sér um málið

Að sögn Svölu hentar prógramm sem kallað er Leikjameistarinn velflestum hópum. „Í þeim tilfellum tekur starfsmaður á móti hópnum og fylgir honum allan tímann. Hann sér um að skipta hópnum í lið og þau keppa svo í flestöllum tækjunum sem eru í Tívolíinu. Oftast er þetta 2-3 klukkustunda dagskrá eftir því hvaða tímaramma hver hópur hefur og endar svo á pítsuhlaðborði og gosi. Þar eru úrslit tilkynnt og sigurvegarinn fær bikar að launum. Auk þess má geta að hópar fá sértilboð á barnum hjá okkur."

Þeir hópar sem nýta sér þjónustu Leikjameistarans þurfa ekki að hafa áhyggjur af veðrinu því allt fjörið fer fram innanhúss. „Keppt er í leisertag, keilu, Speed of Light, kappakstri, farið í skotleik í 7D-bíóinu, hægt er að skella sér í danstæki og margt fleira. Starfsmennirnir sem fylgja hópunum sjá til þess að allir skemmti sér enda þrautþjálfaðir í að taka vel á móti fólki sem vill hafa gaman. Starfsmenn sjá einnig til þess að fyllsta öryggis sé gætt á meðan á leiknum stendur."

Svala segir það hafa sýnt sig að allir aldurshópar hafi gaman af því að leika sér. „Við höfum tekið á móti fólki sem hefur ekki haft neina trú á því að dagskráin okkar myndi henta því en eftir skemmtunina kveður þetta fólk okkur með bros á vör og frábærar minningar og vill endilega koma aftur."

## Skemmtilegur Fjölskyldudagur

Fjölskyldudagur í SmáraTÍVOLÍ hefur einnig notið sívaxandi vinsælda að sögn Svölu en þá leigja fyrirtæki aðstöðuna hjá þeim og bjóða starfsfólki sínu að koma með fjölskyldum sínum. „Það hefur mælst afar vel fyrir og hentar þeim sem vilja bjóða starfsfólki sínu og jafnvel viðskiptavinum upp á fjölskylduhópefli . Þá getum við útvegað skemmtikrafta, sé þess óskað og Smári, drekinn okkar, hefur einnig litið við og heilsað upp á gestina. Börnin fá popp, krapdjús og kandífloss og allir geta fengið pítsuhlaðborð ef þess er óskað."

## Hressir skólakrakkar

Ýmsir hópar úr skólum og félagsmiðstöðvum mæta líka oft í SmáraTÍVOLÍ og þá er leisertagið mjög vinsælt að sögn Svölu. „Við erum með flottan tæplega 200 fermetra sal á tveimur hæðum með alls konar krókum og kimum þar sem fólk getur fengið útrás. Hver leikur er fimmtán mínútur og er klassískt að hópar taki tvo leiki enda er það mátulegur tími. Allt að fimmtán til sautján manns geta spilað í einu en við setjum líka allt niður í tvo einstaklinga inn."

Hún segir að unglingunum sé boðið tímakort á tilboði enda vilji þeir einnig leika sér í tívolíinu. „Tímakortin virka í öll tæki nema barnagæsluna og vinningatækin og hefur það fyrirkomulag mælst vel fyrir. Við skiptum út um 20 tækjum í lok síðasta árs og fengum góða viðbót við þann grunn sem við höfðum. Allir ættu að geta fundið sér afþreyingu við hæfi hjá okkur."









„Við höfum tekið á móti fólki sem hefur ekki haft neina trú á því að dagskráin okkar myndi henta því en eftir skemmtunina kveður þetta fólk okkur með bros á vör og frábærar minningar."

MYND/GVA



Fjör hjá hópum á öllum aldri.

MYND/ÚR EINKASAFNI

**Það skapaðist mjög góð stemning í hópunum, dregur fram heiftarlegt keppnisskap í mannskapnum, öllum fannst þetta alveg geðveikt og þetta er flott hugmynd til að hrista stóra sem smáa fyrirtækjahópa saman.**

**Eygló, Erna og Tóti hjá Samskiptum.**

**Kærar þakkir fyrir okkur. Það eru allir mjög glaðir og ánægðir með fjölskyldudaginn okkar í SmáraTÍVOLÍ. Flott þjónusta, fjölbreytt úrval tækja þar sem allir fundu eitthvað við sitt hæfi. Nokkuð ljóst að við munum endurtaka þetta.**

**Atli Einarsson, framkvæmdastjóri DHL á Íslandi**



Vinir og vinnufélagar eiga góða stund í SmáraTÍVOLÍ.

MYND/ÚR EINKASAFNI

**Við áttum frábæra kvöldstund með fjöruga Leikjameistaranum í SmáraTÍVOLÍ. Pottþétt skemmtun og um leið ódýr leið til að efla hópandann hjá starfsmönnum. Hittir í mark hjá fólki á öllum aldri!**

**Lillý og Róbert frá Hlöllabátum á Höfðanum**



Fjórhjólaferðir eru aðalsmerki Snilldarferða en farið er um Hvalfjörð, Skorradal og víðar, innan um stórkostlegt landslag. Í sumar verður boðið upp á miðnæturferðir upp á Skarðsheiði.

# Snilldarlegar Snilldarferðir

**Snilldarferðir hafa aðsetur á Þórisstöðum í Hvalfirði. Þangað geta hópar komið og farið í fjórhjólaferðir um fjöll og firnindi, leisertag í Hálsaskógi, útsýnis- og stangveiðiferðir út á Hvalfjörðinn eða nýtt sér einhverja þeirra fjölmörgu afþreyingarmöguleika sem ferðaþjónustan á Þórisstöðum hefur upp á að bjóða.**

Hjónin Elvar Grétarsson og Aðalbjörg Alla Sigurðardóttir stofnuðu Snilldarferðir fyrir ári og reka afþreyingarfyrirtækið á Þórisstöðum í Hvalfirði. „Þegar við ákváðum að fara út í svona bissness höfðum við samband við fjölda fólks í ferðaþjónustu í Hvalfirði. Unga fólkinu á Þórisstöðum, þeim Birni Páli Fálka Valssyni og Helenu Þrastardóttur, leist vel á þetta brölt á okkur og við fengum inni hjá þeim. Upp frá því hófst okkar góða samstarf,“ segir Elvar, sem er afar ánægður með þau viðbrögð sem fyrirtækið þeirra hefur fengið á þessum stutta tíma. „Við höfum fengið til okkar fjölda fyrirtækjahópa og fengið mjög jákvæða umsögn.“

## Lengri og styttri fjórhjólaferðir

„Fjórhjólaferðirnar eru okkar aðalsmerki en þær förum við um Hvalfjörð, Skorradal og víðar, innan um stórkostlegt landslag,“ lýsir Elvar en Snilldarferðir eru með átta tveggja manna Polaris-fjórhjól og geta útvegað fleiri ef hópurinn er stór. „Við útvegum góða galla frá 66°Norður, vettlinga og hjálma og allan þann öryggisbúnað sem þarf. Þá kennum við fólki tökin áður en lagt er í hann, förum yfir öryggisreglur og hvernig hjólin virka,“ segir Elvar sem sjálfur er leiðsögumaður í öllum ferðum. Boðið er upp á fyrirframákveðnar leiðir, til dæmis tveggja klukkutíma langar. „Í sumar verðum við með miðnæturferðir upp á Skarðsheiði sem verður mikil upplifun fyrir fólk.“



Gjöful fiskimið eru í Hvalfirði aðeins stutt frá ströndinni.

## Leisertag, golf og súpa

Afþreyingarmöguleikarnir á Þórisstöðum eru margvíslegir. „Við bjóðum upp á útileisertag, sem hægt er að spila í Hálsaskógi, sem er skógur við Súpuskálann á Þórisstöðum,“ segir Elvar en hópar geta einmitt gætt sér á girnilegri súpu og ýmsu meðlæti eftir viðburðaríkan dag. „Þá hafa þau Björn Fálki og Helena grillað í mannskapinn eftir ferðirnar ef hóparnir kjósa það.“

Súpuskálinn gegnir einnig hlutverki golfskála en á Þórisstöðum er níu holu golfvöllur sem er opinn almenningi. Hóparnir sem sækja í þjónustu Snilldarferða eru af ýmsum stærðum og gerðum. „Ef hópurinn er mjög stór er hægt að skipta honum upp og þá getur hluti hópsins byrjað á fjórhjólum meðan hinir fara í leisertag,“ tekur Elvar sem dæmi.



Hjónin Elvar og Aðalbjörg Alla stofnuðu Snilldarferðir fyrir um ári.

## Bátsferðir og sjóstangveiði

Frá Þórisstöðum er stutt út á fagran Hvalfjörðinn. „Á sumrin bjóðum við upp á bátsferðir á tíu manna gúmmíbátum. Farið er frá Þórisstöðum þar sem allir eru klæddir upp í flotgalla og síðan tekur stutta stund að sigla út á fjörðinn,“ segir Elvar en landslagið í Hvalfirði séð frá sjó er ægifagurt. „Strandlengja Hvalfjarðar er löng og skartar sorfnum klettum og dröngum sem og leirum fullum af lífi.“

Stutt er á gjöful fiskimið frá ströndinni og því að sjálfsögðu boðið upp á stangveiði. „Eftir um það bil tíu til fimmtán mínútna siglingu erum við komin á fiskislóð þar sem hægt er að moka þorskinum upp,“ segir Elvar. Áhöfnin getur gert aflann kláran fyrir farþega til að taka með sér heim, en einnig er hægt að grilla fiskinn á Þórisstöðum þar sem stoltir veiðimennirnir geta gætt sér á honum.



Fjórhjólaferðir eru heillandi vetur jafnt sem sumar.

## Hópeflisferðir bæta móralinn

Elvar telur ótvírætt að skemmtilegar samverustundir vinnufélaga geti bætt móralinn og samskipti á vinnustöðum. „Fólk er mjög jákvætt fyrir þessar ferðir,“ segir hann og bendir á að hópar geti dálítið ráðið sinni dagskrá og valið þá afþreyingu sem er í boði.

Elvar mælir sérstaklega með Þórisstöðum sem frábærum stað fyrir smærri og stærri hópa að gera sér glaðan dag. „Í raun eru lítil takmörk fyrir því hve stórir hóparnir geta verið,“ segir Elvar og tekur sem dæmi að sumarhátíð Álversins á Grundartanga verði haldin á Þórisstöðum í sumar og búist er við að 300-400 manns láti sjá sig og gisti á fínu tjaldsvæði sem liggur við Þórisstaðavatn eða komi og nýti sér þá afþreyingu sem Snilldarferðir og Þórisstaðir hafa upp á að bjóða.

Frekari upplýsingar um Snilldarferðir má finna á Facebook. Þar má einnig sjá fjölda skemmtilegra mynda frá ferðum fyrri hópa.

Einnig má hringja í Elvar: 691-2272 eða Björn: 690-0154.



Leisertag úti undir beru lofti og innan um trén í Hálsaskógi er eftirsótt skemmtun.


Nýjar Vörur
Aðeins þrjú verð
• 2.000
• 4.000
• 6.000
Mind Xtra
Smart verslun fyrir konur
Firði Hafnarfirði • Sími 550 3400


ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR Á
2000•4000•6000 KR
Nýjar vörur voru að koma
Herra
hafnarfjörður
S. 572 3400
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



Kia Sorento III Ex Classic Diesel 10/2010 ek.59þús. Sjálfskiptur. 1 eigandi. 7 ára ábyrgð. Ásett verð 5.290.000.- Rnr.286048



Toyota Land Cruiser 120 VX 120 5/2005 ek.175þús. Sjálfskiptur. Leður. Topplúga. Vél ekinn 37þús km. 8 manna. Ásett verð 4.190.000.- Rnr.104144



MMC Pajero Dakar 3.2 Diesel 10/2005 ek.104þús. Sjálfskiptur. Upphækkaður. Nýlegar bremsur. Nýryðvarinn. Smurbók frá upphafi. Topplúga. Ásett verð 3.490.000.- Rnr.160074



VW Jetta Comfortline 2/2007 ek.85þús. Sjálfskiptur. Ásett verð 1.690.000.- Rnr.104336

**www.bilarydvorn.is**
**S. 587 1390**

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**






**ASKJA**
**NOTAÐIR BÍLAR**



RENAULT Megane berline. Árgerð 2003, ekinn 130 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 570.000. Rnr.990727.



MERCEDES BENZ Ml 320 cdi. Árgerð 2007, ekinn 136 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.140046.



VW Caravelle trendline dísel 9 manna. Árgerð 2013, ekinn 34 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 7.490.000. Rnr.160920.



TOYOTA Rav4. Árgerð 2007, ekinn 140 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.300.000. Rnr.990559.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

**BÍLALIND.is**



Flott verð. M.BENZ E350. Árgerð 2007, ekinn 85 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Lækkað verð 3.590.000. Rnr.151092.

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**www.bilalind.is**

**BÍLASALA REYKJAVÍKUR**



BMW 5 530d m-tech. Árgerð 2007, ekinn 95 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.410761.



TOYOTA Land cruiser 150 gx -avis gerir betur-. Árgerð 2011, ekinn 88 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.100.000. Rnr.134740.



KIA Sorento ex luxury disel. Árgerð 2012, ekinn 46 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.290.000. Rnr.430223.

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**www.br.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



**TILBOÐ 890.000.- STGR.**

HYUNDAI I10 GL. Árgerð 04/2011, ekinn 79 Þ.KM, bensín, 5 gírar.Ný dekk.Er á staðnum.Rnr.155392.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**Breiðan ehf**
**821-6292**



VW Crafter (Sprinter) árg.'07, ek. 112þús.km., sk.'15, millilangur, háþekja, góð dekk, góð þjónustubók, verð kr. 2.980.000,- gsm. 821-6292.



VW Transporter árg.'08, diesel 2,5 sjálfskiptur, olíumiðstöð, dráttarkúla, ek. 152þús.km., 6 dyra, þjónustubók, sk.'15, verð kr. 2.720.000,- 100% lánað, gsm. 821-6292.



Kia 2500 diesel árg.'05, vinnuflokkabíll, 6 manna, ek. 95 þús.km., sk.'15, verð kr. 1.090.000,- 100% lánað, gsm. 821-6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

**ÍSBAND.IS**



**NÝTT SOMERSET**

ÚTSALA, Somerset Evolution E2, Sólarsella, Truma, Ísskápur, WC, ofl, Stórglæsilegt 12 feta Off Road fellihýsi, ATH 1 stk í boði, nýja útgáfan af Coleman, Verð aðeins 3.190.000kr, Er í salnum hjá okkur,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15**
**http://www.isband.is**

## Bílar til sölu



Góð Corolla til sölu v. 120þús. Uppl. í s. 847 8704.




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000

## 250-499 þús.



**MJÖG SPARNEYTINN GÓÐUR BÍLL!**

Opel Astra 1.6 árg ,99 ekinn 172þús km. skoðaður 14. vetrardekk. 5dyra. beinskiptur. eyðsla ca 6L/100km. ný yfirfarinn og í toppstandi. Tilboðsverð aðeins 350þús. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**LÍTIÐ EKINN - EINN EIGANDI**

Renault Clio Sport 1.4 00" ek. aðeins 104þkm!!! búið að skipta um tímareim 5dyra bs,heilsársdekk kastarar,spoiler,filmur.eyðsla 5l Verð 420.000kr TILBOÐ 290þ stgr Uppls 666-0675

## 500-999 þús.



**SPARIBAUKUR EK AÐEINS 28 ÞÚS!**

FORD KA 1,3 árg 2007 ekinn aðeins 28 þús km frá upphafi, ný skoðaður 2015, heilsárs og sumar dekk, beinsk, eins og að keyra nýjan bíl! verð 790 þús möguleiki á 100% láni s.841 8955



**TILBOÐ 790.000KR.**

Eyðslugrannur gullmoli. Citroen Picasso árg. 07. Ek. 128.000. Ný smurður. Ásett verð 900.000kr. TILBOÐ 790.000KR. Uppl. í s. 8233344

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ 500 ÞÚS.STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 500þús. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**!!! STAÐGREIÐI ÓDÝRA BÍLA !!!**

98-05"árg. á allt að 250þúsund.. Vantar þig pening STRAX ? eða þarfnast bíllinn þinn lagfæringa og þú vilt losa þig við hann STRAX ? S. 777-3077 eða sendu sms.

## Sendibílar



Til sölu Benz sprinter 616cdi árg.'05. Góður kassi og 1.5 tonna lyfta. Einn eigandi. Verð 3,65+vask. Uppl. í s. 8952030

**568 5000**
**NS**
**NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN**

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Bátar






Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alglugar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Hjólbarðar

**VAKA**



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www. japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

**EIGUM VARAHLUTI Í ÞESSA. KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIF.**

Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi. Hyundai Accent-Trajet, Dodge Caravan, Peugeot. Kia Sportage-Volvo S70, Mazda 323, Opel Astra. Bílar&Partar 421-7979 bilarogpartar.is

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal púststviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**VANTAR ÞIG PÍPARA ?**

Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

## Garðyrkja

**Garðaþjónusta Íslands ehf**
**www.garda.is**
**Vönduð vinnubrögð**
**Róbert S. 866 9767**

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S:695-4464 malningartjonusta@gmail.com

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**VIÐHALD FASTEIGNA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Allskyns viðhald en sérhæfum okkur í gluggaskiptum. Upplýsingar í síma: 869 4479.

**DREN OG KLÓAKLAGNIR!**
Tökum að okkur endurnýjun á dren og klóaklögnum ásamt almennri jarðvinnu. Uppl. 869 1700/868 4043. jardlausnir@gmail.com

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

**ÖRLAGALÍNAN 908-1800**
Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opið frá 20 -23 öll kvöld.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**AH-RAF**
Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**8 FETA BILLIARDBORÐ**
Glænýtt billiardborð 8 fet. 24 mm marmaraplata. Svart. Dúkur fylgir með. Kostar nýtt; 850. fæst á hálfvirði. Ármann Sími: 777 2002

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Hljóðfæri

Til sölu vel með farið svart pólerað Gertz píanó. Uppl. í s. 695 8300

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun



**WE-VIBE II, III OG IV**
Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar o.fl. 50 Shades of Grey vörurnar og allt það vinsælasta í dag. Millifærsla, greiðslukort og netgíró. Sendum um allt land. www.hush.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/síðumúli S. 894 4817.

**VALENTÍNUSARTILBOÐ Á TANTRA NUDDI**
20% afsláttur til 1. mars. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407



EYJALIND — Yale — People. Products. Productivity.
Nýr umboðsaðili
- Vöruhúsatæki
- Rafmagnslyftarar
- Dísellyftarar
S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**HEILDARLAUSNIR**
• Bókhald • Skattframtöl • Ráðgjöf
Tökum að okkur bókhald, launavinnslur, vsk uppgjör og framtalsgerð fyrir fyrirtæki, félagasamtök, húsfélög og einstaklinga.
Bjóðum upp á heildarlausnir • Fast verð þar sem við á.
Heildarlausnir • Álfabakka 14, 3 hæð.
Hafið samband í tölvupósti tsh@centrum.is eða í s. 896 2818

**VARAHLUTIR**
Iveco • Benz • Man • Renault
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR



SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

**Verktakar – bæjarfélög – tækjaleigur.**
Helac Power-tiltið er frábær lausn til að létta tækjamönnum störfin og er fáanlegt á allar gerðir af gröfum.
Kynnið ykkur einnig Rotor-tiltið.



ÁSAFL EHF
Hjallahraun 2 - 220 Hafnarfj.
s. 562 3833 - 863 5512
www.asafl.is - asafl@asafl.is
Helac Rotor-tiltið

**Eftirlitsmyndavél fyrir sumarbústaði og heimili.**
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.



Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI GRAFARVOGS
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR



Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT



Gólflist
Parketlagnir og viðhald

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 · 110 reykjavík · sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# GUERLAIN
# DAGAR Í HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM




## 25% KYNNINGARAFSLÁTTUR AF GUERLAIN HREINSIVÖRUM, MÖSKUM OG ANDLITSKREMUM

### DAGANA 20.-26. FEBRÚAR Í HOLTAGÖRÐUM

SIGRÚN INGA KYNNIR SPENNANDI NÝJUNGAR:

- Super Aqua Dagkrem,
- Super Aqua Næturkrem
- Super Aqua BB krem
- Abelly Royale Hálskrem
- Ljóma undirfarðann í Metorite línunni, þennan verða allar að eiga.
- Nýr ilmur í Le Petite Robe Noir COUTURE

Glæsilegur kaupauki fylgir með tveimur versluðum vörum, þar af eitt krem*.

*gildir meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



2 | KL. 20:05

**Heilsugengið**

Vandaður og fróðlegur þáttur í umsjón Völu Matt sem fjallar um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld

2 | KL. 20:35

**Masterchef USA**

Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.



2 | KL. 21:20

**NCIS**

Níunda þáttaröðin af þessum stórgóðu spennuþáttum.



2 | KL. 22:05

**Person Of Interest**

Hörkuspennandi þáttaröð sem kemur úr smiðju J.J. Abrams.



3 | KL. 20:00

**American Idol**

Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.




3 | KL. 21:25

**Shameless**

Bráðskemmtilegir gamanþættir með William H. Macy í aðalhlutverki.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS



## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | 1 | | | 3 | |
| 1 | | | | 5 | 9 | | 6 | 7 |
| | | 9 | 8 | 4 | | 2 | | |
| | 6 | 4 | 1 | | | | | |
| | | | | | 4 | | 2 | |
| | 1 | 3 | | | 5 | | 7 | |
| 7 | | | | | | 5 | 9 | |
| | | | | 9 | 8 | | | |
| | 5 | 1 | 6 | 3 | | 8 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 9 | 7 | | | | |
| | 4 | 8 | | | | | 2 | |
| 9 | 1 | | 8 | | | | | |
| | | | | | | | | 5 |
| | 5 | 6 | | | | 1 | 8 | |
| | 7 | 4 | | 1 | 6 | | | |
| 3 | | 5 | | 2 | 8 | | 4 | 6 |
| | | | | 6 | 7 | 8 | 5 | |
| | | | | 9 | 5 | | | 1 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 7 | | | 4 | | 3 |
| 2 | 7 | 3 | | | | | | |
| 4 | | 9 | 5 | | | | | |
| 7 | | | | | | | 5 | 6 |
| | 9 | | | 6 | | | | |
| 8 | | | 4 | | | 2 | | 1 |
| | 4 | 8 | | | 1 | | | |
| | | | 2 | 4 | 7 | 1 | 8 | 5 |
| | | | 3 | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 4 | 5 | 6 |
| 3 | 1 | 5 | 2 | 4 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 6 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 | 2 | 3 |
| 5 | 2 | 8 | 1 | 9 | 4 | 3 | 6 | 7 |
| 6 | 3 | 9 | 7 | 5 | 2 | 8 | 4 | 1 |
| 1 | 7 | 4 | 6 | 3 | 8 | 5 | 9 | 2 |
| 2 | 5 | 1 | 8 | 6 | 3 | 9 | 7 | 4 |
| 7 | 4 | 3 | 9 | 2 | 5 | 6 | 1 | 8 |
| 9 | 8 | 6 | 4 | 7 | 1 | 2 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 9 | 1 | 4 | 6 |
| 4 | 6 | 9 | 1 | 2 | 5 | 3 | 7 | 8 |
| 1 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 9 | 2 | 5 |
| 5 | 4 | 1 | 6 | 8 | 7 | 2 | 9 | 3 |
| 2 | 7 | 6 | 5 | 9 | 3 | 4 | 8 | 1 |
| 9 | 8 | 3 | 2 | 1 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| 6 | 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 | 5 | 4 |
| 3 | 5 | 8 | 9 | 4 | 6 | 7 | 1 | 2 |
| 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 2 | 6 | 3 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 2 | 3 | 7 | 5 | 1 | 4 | 6 |
| 1 | 7 | 3 | 6 | 2 | 4 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 5 | 6 | 8 | 9 | 1 | 2 | 7 | 3 |
| 7 | 6 | 5 | 9 | 4 | 8 | 3 | 1 | 2 |
| 2 | 9 | 8 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 5 | 8 |
| 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 9 | 6 | 3 | 4 |
| 5 | 3 | 9 | 4 | 8 | 6 | 7 | 2 | 1 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 3 | 2 | 5 | 8 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Mér líður alltaf skringilega þegar ég er hamingjusamur.“**

*– Roman Polanski*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** vag, **6.** hljóm, **8.** tunna, **9.** efni, **11.** hvort, **12.** óskertur, **14.** land, **16.** tímabil, **17.** móðuþykkni, **18.** sigti, **20.** ólæti, **21.** skák.

**LÓÐRÉTT**

**1.** dana, **3.** samþykki, **4.** heimsálfa, **5.** útdeildi, **7.** köldusótt, **10.** hár, **13.** suss, **15.** hrína, **16.** kærleikur, **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kjag, **6.** óm, **8.** áma, **9.** tau, **11.** ef, **12.** allur, **14.** alsír, **16.** ár, **17.** ský, **18.** sía, **20.** at, **21.** tafl.
**LÓÐRÉTT: 1.** jóta, **3.** já, **4.** ameríka, **5.** gaf, **7.** malaría, **10.** ull, **13.** uss, **15.** rýta, **16.** ást, **19.** af.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Mikael Jóhann Karlsson (2.057) tefldi við norsku skákkonuna Elise Forså (1.854) í NM í skólaskák sem fram fór í Billund fyrir skemmstu.**

**Svartur á leik**



Stöðumynd fylgir með sem jpg-viðhengi.

**25...Rg3+! 26. hxg3 Dh3+** og hvítur gafst upp. Mikael og Nökkvi hlutu báðir 3½ vinning í sex skákum og urðu í 3.-5. sæti. Nökkvi hlaut bronsið eftir stigaúteikning.

**www.skak.is** Lokaumferð Nóa Síríus-mótsins í kvöld.


DEBENHAMS
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
redherring FATNAÐI
FYRIR DÖMUR OG HERRA
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GALLABUXUM FYRIR
DÖMUR, HERRA OG BÖRN
Gerðu lífið skemmtilegra
NÝTT KORTATÍMABIL
Tilboðin gilda út sunnudag
Finndu okkur á facebook
Opið 11 - 21 í dag
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Litlir hlutir geta snúið öllu á haus

Kristinn E. Hrafnsson opnar sýninguna Vendipunkta í Hverfisgalleríi í dag klukkan fimm.

„Titill sýningarinnar vísar í eitt verk, en samt eru vendipunktar eiginlegt viðfangsefni sýningarinnar,“ segir Kristinn E. Hrafnsson myndlistarmaður en sýning með nýjum verkum hans verður opnuð í dag í Hverfisgalleríi klukkan fimm.



**KRISTINN E. HRAFNSSON** Vendipunktar eru viðfangsefni sýningarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Með nýju verkunum er ég að velta fyrir mér sjónarhornum sem við höfum á heiminn og hvernig þau geta skyndilega breyst við lítið inngrip – það þarf ekki mikið til að þau taki breytingum,“ bætir Kristinn við.

„Það er eitthvað sem hefur áhrif á það hvernig við sjáum hlutina og hvaða stefnu við tökum í lífinu. Hlutir eins og lítil snerting eða lítil viðbrögð geta snúið öllu á haus og það eru hugsanlega vendipunktarnir,“ útskýrir Kristinn, en sýningin er einnig unnin út frá siglingarfræði og stjörnufræði og ólíkum sjónarhornum á heiminn. „Þetta eru í grunninn mjög einfaldar hugmyndir, en ég leitast við að varpa einhverju ljósi á það hvernig við, eða að minnsta kosti ég, lítum á heiminn, hvort við horfum á hann innan frá eða utan frá og hvað það er sem ræður því sjónarhorni. Þetta er um það að horfa á heiminn hreyfast,“ segir Kristinn að lokum. Sýningin stendur til 29. mars. - ósk



**GJÖRNINGAKLÚBBURINN** „Það verða engar óþægilegar uppákomur.“ FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Nýtið skilningarvitin – hvílið rökhugann

Gjörningaklúbburinn sýnir sinn stærsta gjörning hingað til í Listasafni Íslands í kvöld klukkan sjö. Áhorfendur eiga allir að mæta svartklæddir.

„Þetta er stærsti gjörningurinn okkar hingað til,“ segir Sigrún Hrólfsdóttir, einn meðlimur Gjörningaklúbbsins, en hann skipa þrjár myndlistarkonur. Þær eru Eirún Sigurðardóttir, Jóní Jónsdóttir og Sigrún Hrólfsdóttir. Gjörningaklúbburinn setur upp verkið Hugsa minna – Skynja meira í Listasafni Íslands, en verkið verður sýnt tólf sinnum í febrúar.

Fyrsta sýningin er í kvöld klukkan sjö, en auk þeirra þriggja eru um það bil fimmtán aðrir sem taka þátt í sýningunni.

„Þetta eru leikarar og dansarar, arkítektar og hinir og þessir listamenn. Með verkinu viljum við hvetja fólk til að nýta öll skilningarvitin og hvíla rökhugann,“ segir Sigrún, og segir alla þátttakendur leggja verkinu eitthvað til, þó að þær þrjár leggi línurnar og búi til umgjörðina.

Aðspurð segir Sigrún þetta þó ekki eingöngu skynjunarverk. „Það eru fjölmargar vísanir og táknmyndir í þessu og þetta er ólíkt því sem við höfum gert áður því við erum að færa okkur lengra yfir á svið leiklistarinnar,“ útskýrir Sigrún og bætir við að þær séu í grunninn myndlistarmenn en ýmislegt svipi til leikhússins í þessu nýjasta verki.

„Til að mynda þarf fólk að kaupa miða og sýningar eru þegar safnið er annars lokað. Fólk verður líka að mæta á réttum tíma og auk þess eiga allir að mæta svartklæddir,“ segir hún, og bætir við að áhorfendur verði hluti af verkinu. „Þeir þurfa samt ekkert að óttast – það verða engar óþægilegar uppákomur,“ segir hún, létt í bragði.

> **Fólk verður að mæta á réttum tíma og auk þess eiga allir að mæta svartklæddir.**
>
> *Sigrún Hrólfsdóttir*

Gjörningaklúbburinn hélt síðast sýningu á Íslandi í Hafnarborg, en þá var um að ræða mun hefðbundnari myndlistarsýningu. „Það er langt síðan við höfum verið með sýningu á Íslandi og við hvetjum sem flesta til að koma og sjá þetta hjá okkur,“ segir Sigrún að lokum. olof@frettabladid.is



# Bíður spenntur eftir niðurstöðunum

Nálgun nefnist samræða um sýningu Haraldar Jónssonar H N I T í Hafnarborg í kvöld.

„Það er alltaf gaman að fara í læknisskoðun og ég bíð spenntur eftir niðurstöðum rannsóknarinnar,“ segir Haraldur Jónsson myndlistarmaður, spurður hvernig tilfinning það sé að láta kryfja verkin sín opinberlega. Ástæðan fyrir spurningunni er að efnt verður til samræðu um myndlist hans í Hafnarborg í kvöld. Samræðan ber yfirskriftina Nálgun en tilefni hennar er einkasýning Haraldar, H N I T, sem nú stendur yfir í Sverrissal. Frummælendur eru Markús Þór Andrésson sýningarstjóri, Harpa Arnardóttir, leikkona og leikstjóri, og Valur B. Antonsson heimspekingur. „Grunnhugmyndin er sú að þau nálgist þetta úr þremur mismundandi áttum,“ segir Haraldur. „Mín aðkoma er sú að ég valdi frummælendurna og hef hitt þau öll sitt í hverju lagi til að tala við þau um feril minn, en hvað þau ætla nákvæmlega að segja veit ég ekki. Svo við höldum okkur við læknisheimsóknarsamlíkinguna þá má segja að ég hafi valið mér heimilislækni en til hvaða aðgerða hann mun grípa er ekki í mínum höndum. Ég verð bara úti í sal eins og aðrir áheyrendur og blanda mér ekki í málið.“



**HARALDUR JÓNSSON**

Á sýningunni H N I T eru ný verk, bæði teikningar og skúlptúrar, sem hvert á sinn hátt virkja skynjun mannsins á eigin tilfinningum, upplifun af rými og táknum. Titillinn, H N I T, liggur eins og leiðarstef gegnum sýninguna og vísar til staðsetningar og hreyfinga líkama og tilfinninga í rými sem bæði getur verið hið innra og umhverfis okkur, ferðalag um sýnilegan og ósýnilegan arkitektúr. - fsb

# Englar alheimsins sýndir í beinni útsendingu á afmæli Páls

Bein sjónvarpsútsending verður frá síðustu sýningu á Englum alheimsins í Þjóðleikhúsinu 30. mars. Aðalpersóna verksins, Páll, segist einmitt fæddur þann dag og dagsetningin því vel við hæfi. Sýningafjöldinn nálgast hundraðið.

„Ég er stöðugt að fá tölvupósta frá fólki sem hefur verið að sjá sýninguna í annað eða þriðja sinn og hefur í hvert sinn séð nýja og nýja vinkla á henni,“ segir Þorleifur Örn Arnarsson, leikstjóri og annar höfundur leikgerðar Engla alheimsins, spurður hvort ástæða sé til að sýna svo vinsæla sýningu í sjónvarpi, hvort allir hafi ekki þegar séð hana? „Auk þess kemur það fram í verkinu að Páll segist vera fæddur 30. mars 1949, daginn sem Ísland gekk í NATO. Þessi sýningardagur er því á 65 ára afmæli hans og aðildar okkar að því bandalagi,“ segir Þorleifur.

Leikgerð Þorleifs og Símonar Birgissonar er byggð á skáldsögu Einars Más Guðmundssonar með sama nafni og það er Atli Rafn Sigurðarson sem fer með aðalhlutverkið, hlutverk Páls. Sýningin hefur notið fádæma vinsælda og hlotið einróma lof jafnt gagnrýnenda sem áhorfenda. Leiklistargagnrýnandi Fréttablaðsins, Sólveig Ásta Sigurðardóttir, gaf sýningunni fimm stjörnur og kallaði hana „fullkomna útfærslu á skáldsögunni“. Hún hlaut níu tilnefningar til Grímuverðlauna og hreppti þrenn verðlaun, meðal annars sem leikrit ársins. „Þetta eru náttúrulega Ólympíuleikar í leikhúsinu,“ segir Þorleifur.



**Á AFMÆLI PÁLS** Atli Rafn Sigurðarson fer með hlutverk Páls og nær heljartökum á áhorfendum með túlkun sinni. MYND: ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sýningar á Englum alheimsins nálgast hundraðið og Þorleifur segir að leita þurfi ansi langt aftur í sögu Þjóðleikhússins til að finna eitthvað álíka. „Spurningin er náttúrulega hvort dramatísk sýning hafi nokkurn tíma í sögu Þjóðleikhússins átt slíkri velgengni að fagna. Það eru yfirleitt gamanleikir eða söngleikir sem ná slíkum vinsældum og það er ansi djarft að setja Engla alheimsins í annan hvorn þeirra flokka.“ - fsb




Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa




## Allt klikkar

**Last Vegas**

★★☆☆☆

„Hey, ég er með góða hugmynd! Stelum hugmyndinni úr Hangover-myndunum því þær eru svo vinsælar og setjum fjóra aldraða stórleikara í aðalhlutverkin. Getur ekki klikkað.“ Einhvern veginn svona ímynda ég mér að kvikmyndin Last Vegas hafi orðið til.

Lykilspurningin er einmitt hvað gæti mögulega klikkað. Að mínu mati er það gjörsamlega allt í þessu tilviki. Brandararnir missa nánast allir marks og maður verður eiginlega sorgmæddur að horfa á þessar stórkostlegu leikara, Robert DeNiro, Morgan Freeman, Kevin Kline og Michael Douglas, ná sér aldrei á strik.

Leikararnir eru í raun eina ástæðan fyrir því að ég gef þessari mynd tvær stjörnur. Annars fengi hún hauskúpu. **Lilja Katrín Gunnarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA** Hér er hið fornkveðna afsannað – sumt verður ekki betra með aldrinum.

# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### 20. FEBRÚAR

### Gjörningar

**19.00** Fyrsta sýning á nýju verki **Gjörningaklúbbsins,** Hugsa minna – Skynja meira, sem sýnt verður tólf sinnum í febrúar 2014 í Listasafni Íslands. Miðapantanir í síma: 783 8443 og hægt er að senda pöntun á netfangið: gjorningaklubburinn@listasafn.is. Miðaverð er 2.900 krónur.

### Tónleikar

**20.00 Sigurður Halldórsson** sellóleikari og Daníel Þorsteinsson píanóleikari flytja nokkur af helstu verkum tónlistarsögunnar fyrir selló og píanó í Hömrum í Hofi á Akureyri. Miðaverð er 2.500 krónur.

**21.00 Samnorrænir tónleikar** á Harlem Bar á Akureyri. Hljómsveitarnar koma frá Danmörku, Noregi, Færeyjum og Íslandi og heita Sekuioa (DK), Sea Change (NO), Byrta (FO), Good Moon Deer (IS). Miðaverð 1.500 krónur. Miðasala við hurð.

**21.00 Hljómsveitin Árstíðir** heldur tónleika á Kex Hosteli.

**21.00 Kristjana Stefáns og Svavar Knútur** flytja allt frá Abba til Dolly Parton með viðkomu hjá Prúðuleikurunum og Páli Ísólfssyni, auk frumsamdra laga og sígildra perla úr ýmsum áttum á Café Rosenberg. Aðgangseyrir 2.000 kr.

**21.30 Hljómsveitin Spottarnir** heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Frítt inn!

### Sýningar

**10.00 Landnámssýningin** býður alla krakka í vetrarfríi velkomna í heimsókn! Fullorðnir í fylgd með börnum fá frítt dagana 20. og 21. febrúar (en þess má geta að það er ALLTAF frítt fyrir börn yngri en 18 ára). Í vetrarfríinu verður einnig boðið upp á skemmtilegan ratleik, þar sem gestir þurfa að ráða í rúnir, og leiksvæði Freyju fornleifafræðings er alltaf opið. Opið alla daga frá kl. 10.00–17.00.

### Hátíðir

**17.00 Njarðarskjöldur og Freyjusómi 2013,** hvatningaverðlaun Reykjavíkurborgar og samstarfsaðila. verða afhent í Háloftum í Hörpu. Í boði Reykjavíkurborgar, Miðborgarinnar okkar, Félags atvinnurekenda, Samtaka verslunar og þjónustu, Kaupmannasamtaka Íslands, Global Blue á Íslandi og Tax Free Worldwide.

### Umræður

**20.00 Samræða um myndlist Haraldar Jónssonar** í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar. Samræðan ber yfirskriftina Nálgun en tilefni hennar er einkasýning Haraldar, H N I T, sem nú stendur yfir í Sverrissal. Frummælendur eru Markús Þór Andrésson sýningarstjóri, Harpa Arnardóttir leikkona og leikstjóri og Valur B. Antonsson heimspekingur. Aðgangur er ókeypis.

### Kvikmyndir

**19.30** Konfúsíusarstofnunin sýnir **Borða, drekka, elska** eftir Ang Lee frá 1994 í Odda 101, Háskóla Íslands.

### Bókmenntir

**12.00 Skál af ljóðum er ljóðadagskrá** í hádeginu á Borgarbókasafninu við Tryggvagötu, í umsjá Jakobs S. Jónssonar. Dagskráin verður helguð ljóðsáttamanninum Þorgeiri Sveinbjarnarsyni að þessu sinni. Kryddlegin hjörtu bjóða upp á tvenns konar súpu, heimabakað brauð með hummus og hvítlaukssmjöri, og kaffi á eftir, á kr. 1.290. Aðgangur að dagskránni sjálfri er frjáls og öllum opinn, að sjálfsögðu.

### Leikrit

**20.00 Bláskjár** eftir Tyrfing Tyrfingsson sýnt á litla sviði Borgarleikhússins. Miðaverð 4.750 krónur.

**19.00** Nemendur í Verzlunarskóla Íslands sýna **Með allt á hreinu** í Austurbæ. Miðaverð 2.500 krónur.

**20.00** Aukasýning á Óskasteinum á nýja sviði Borgarleikhússins. Miðaverð 4.750 krónur.

### Málþing

**13.00 Málþing um margbreytileika samfélagsins** í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins.

### Dans

**20.00 Dansverkið Dansaðu fyrir mig** í Tjarnarbíói. Aðgangseyrir 3.900 krónur. Uppselt.

### Uppistand

**20.00 Mið-Ísland** í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð 2.900 krónur.

### Fyrirlestrar

**12.00 Dr. Petr Just** heldur fyrirlesturinn Breytingar í átt til lýðræðis í Mið-Evrópu. Hann er lektor við Metropolitan-háskólann í Prag og Erasmus-gestakennari við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Fundarstjóri er Pia Hansson, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og fer fram í stofu 103 í Lögbergi í Háskóla Íslands.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*



## FER ALDREI VERR EN ILLA

**„Þetta er krefjandi en ég legg mig 100 prósent fram. Hvað er það versta sem getur gerst? Þetta fer aldrei verr en illa,“ segir Ármann Einarsson, 48 ára gamall maður sem byrjaði að leggja dansinn fyrir sig fyrir stuttu. Hann dansar í sýningunni Dansaðu fyrir mig, sem er sýnd í Tjarnarbíói í kvöld.**





CRÉATIVE TECHNOLOGIE

KOMDU OG PRÓFAÐU CITROËN BERLINGO VAN

Frábær vinnuaðstaða með góðu aðgengi fyrir farm og farþega. 180° opnun á afturhurðum, rennihurð, þægileg hleðsluhæð, há sætisstaða og fjöldi geymsluhólfa. Öflug en sparneytin 90 hestafla dísilvél ásamt spólvörn og ESP stöðugleikakerfi gera Berlingo Van að öruggum og hagkvæmum kosti fyrir þinn rekstur.

50 ár í bílgreininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu

Markhönnun ehf

Nýtt korta-tímabil

# ENN BÆTIST Í FRÁBÆRU ÄNGLAMARK FJÖLSKYLDUNA!

coop ÄNGLAMARK




Andlitskrem 50ml
Andlitskrem herra 50ml
Andlitsvatn 200ml
Augnfarðahreinsir 125ml
Hreinsimjólk 200ml
Næturkrem 50ml
Varasalvi 2pk.Ofnæmispr.




Body butter 220ml
Body lotion 200ml
Body lotion 500ml
Body scrub 200ml
Handáb. 75ml

## MILDAR OG HÚÐVÆNAR SNYRTIVÖRUR

## ÁN ILM- OG LITAREFNA




Hárfeiti 100ml
Hárfroða Ofnæmispr.150m
Hárlakk Ofnæmispr.150ml
Hárvax 100ml




Handsápa m/pumpu 250ml
Handsápa áfylling 250ml
Sturtusápa 200ml
Svitalyktareyðir 50 ml




Sjampó 200ml
Sjampó 2in1 200ml
Sjampó fínt hár 200ml
Sjampó litað hár 200ml
Flösusjampó 200ml
Hárnæring 200ml
Hárnæring fínt hár 200ml
Hárnæring litað hár 200ml




Dömubindi Normal 14stk
Dömubindi Super 12stk
Dömubindi Nætur, 10st
Dömuinnlegg 24st

netto

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



## TÓNNINN GEFINN

Haukur Viðar Alfreðsson

# Takk fyrir mig!

Söngkonan Laura Jane Grace fer fyrir bandarísku pönkrokksveitinni Against Me! sem spilaði í Reykjavík fyrir níu árum. Þá gekk Grace undir nafninu Tom Gabel en árið 2012 greindi hún frá því opinberlega að hún væri kona.



**KÆRKOMIN SPRENGJA** Textar Against Me! hafa aldrei verið beittari. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Í síðasta mánuði sendi sveitin svo frá sér sína fyrstu breiðskífu eftir þessi merkilegu tíðindi. Transgender Dysphoria Blues nefnist gripurinn og um eins konar þemaplötu er að ræða. Grace syngur af mikilli ákefð um reynslu sína af því að vera kona í líkama karlmanns, fordóma samfélagsins og ástina frá sjónarhorni transmanneskju.

Ég verð að viðurkenna að áður en ég hlustaði á þessa plötu hélt ég að ég hefði heyrt rokktexta um allt í heiminum. Trúði því að samin hefðu verið lög um hér um bil allt sem hægt er að semja um. En þá varpaði Against Me! þessari kærkomnu sprengju inn í tónlistarveruleika minn. Textarnir á plötunni skipta heilmiklu máli og kenna þeim heilmikið sem hlusta.

Grace syngur um það að hana dreymi um að strákarnir sjái hana eins og allar hinar stelpurnar, en sjái þess í stað „bara fagga“. Þá syngur hún um kvennaveiðar fortíðar með karlkyns vinum sínum, þar sem hún óskaði sér einskis heitar en að vera eins og þeir. Þetta eru vandamál sem ég hef aldrei staðið frammi fyrir, og aldrei fengið betri innsýn í en nú. Og þetta eru bara tvö lög af tíu.

Takk fyrir þetta, Laura. Núna skil ég betur hvernig það er að vera eins og þú. Núna veit ég líka að það er fullt, fullt af rokktextum sem enn á eftir að semja.

## Í spilaranum







**Sigurður Flosason** – Blátt áfram
**Mono Town** – In the Eye of the Storm
**Daley** – Days & Nights








**FJÖLSKYLDAN SAMAN** Rúnar Þórisson ásamt dætrum sínum tveimur Láru og Margréti, Arnari Þór Gíslasyni, Guðna Finnssyni og Birki Rafni Gíslasyni. Þau koma fram á tónleikum í kvöld. MYND/KRISTÍN PÉTURSDÓTTIR

# Fjölskyldan saman á útgáfutónleikunum

Rúnar Þórisson fagnar útgáfu sinnar þriðju sólóplötu, Sérhver vá, í kvöld. Dætur og tengdasynir Rúnars leika með honum á plötunni og einnig á tónleikunum.

„Fjölskyldan mín leikur með mér á tónleikunum, dætur mínar tvær syngja og spila á hljómborð og píanó, svo verða þær líka með mennina sína með sér þannig að þetta verður mjög skemmtilegt,“ segir tónlistarmaðurinn Rúnar Þórisson en hann heldur upp á útgáfu þriðju sólóplötu sinnar í kvöld í Iðnó.

Það má með sanni segja að um músíkalska fjölskyldu sé að ræða en dætur Rúnars, þær Lára og Margrét radda og syngja hvor sitt lagið á plötunni og koma þær fram með föður sínum á tónleikunum. Báðar eru þær velkunnar og virkar í tónlistarbransanum og hafa komið fram með ýmsum hljómsveitum. Sambýlismenn og eiginmenn þeirra, þeir Arnar Þór Gíslason trommuleikari og Birkir Rafn Gíslason gítarleikari koma einnig fram á tónleikunum. Guðni Finnsson sem er í raun fóstbróðir Arnars Þórs leikur á bassa.

„Já, það mætti alveg segja að Guðni sé fóstbróðir Arnars þar sem þeir eru saman í nánast öllu og þekkja vel hvor annan. Á plötunni eru einnig blásarar, strengir og kvennakór í nokkrum lögum en ég ætla bara að halda mig við fjölskylduna og hafa þetta frekar fjölskylduvænt og um leið rokkað,“ segir Rúnar um tónleikana.

Á plötunni Sérhver vá má heyra glitta í gítarhljóm sem minnir óneitanlega á hljóm sem heyrðist þegar hljómsveitinni Grafík er ljáð eyra en Rúnar var og er einmitt gítarleikari þeirrar sveitar eins og flestir vita.

Grafík kom saman árið 2011 á Aldrei fór ég suður og gefin var út heimildarmynd um hljómsveitina það ár, „ætli það sé ekki skýringin á því að gamli gítarhljómurinn komi fram á plötunni.“ Rúnar byrjaði einmitt að vinna í nýju plötunni það sama ár.

Rúnar hefur nú gefið út þrjár sólóplötur og segist hafa á fyrri sólóplötum leitað annarra leiða hvað varða spilastílinn en einkenndi Grafík en hann hafi á nýju plötunni opnað fyrir allt.

Söngur Rúnars heyrist vel á nýju plötunni. „Þetta er fyrsta sólóplatan sem ég syng inn á aðalsöng. Ég kann vel við mig við míkrófóninn, maður fær mikla útrás í söngnum, sérstaklega þegar maður semur textana,“ útskýrir Rúnar. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem hann syngur aðalsöng því hann söng nokkur lög á fyrstu tveimur plötum Grafíkur á árum áður.

> **Ég kann vel við mig við míkrófóninn, maður fær mikla útrás í söngnum, sérstaklega þegar maður semur textana.**
> *Rúnar Þórisson*

Fyrir utan að semja öll lögin á plötunni samdi Rúnar alla textana. „Textarnir skipta mig miklu máli og eru flestir persónulegar hugleiðingar um lífið og tilveruna.“ Platan er tileinkuð konu Rúnars, Örnu Vignisdóttur.

Tónleikarnir fara fram í Iðnó í kvöld og hefjast klukkan 20.30. Miðasala fer fram á midi.is og í Iðnó á milli kl 11.00-16.00 í dag og við innganginn fyrir tónleika.

gunnarleo@frettabladid.is

## 13.2.2014 ➔ 19.2.2014





### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | Pharrell | *Happy* |
| 2 | ▶ | Avicii | *Hey Brother* |
| 3 | ▲ | Ed Sheeran | *I See Fire* |
| 4 | ▲ | Gary Barlow | *Let Me Go* |
| 5 | ▶ | Björgvin Halldórsson / Jón Jónsson | *Kæri vinur* |
| 6 | ▼ | Kaleo | *Automobile* |
| 7 | ▶ | Ellie Goulding | *How Long Will I Love You* |
| 8 | ▲ | Rudimental / Emeli Sandé | *Free* |
| 9 | * | Pollapönk | *Enga fordóma* |
| 10 | * | Aloe Blacc | *The Man* |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | * | Ýmsir | *Söngvakeppnin 2014* |
| 2 | ▼ | Skálmöld og Sinfó | *Skálmöld og Sinfó* |
| 3 | ▲ | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| 4 | ▲ | Ýmsir | *Pottþétt 61* |
| 5 | ▲ | Samaris | *Samaris* |
| 6 | ▲ | Kaleo | *Kaleo* |
| 7 | ▲ | John Grant | *Pale Green Ghosts* |
| 8 | ▼ | Baggalútur | *Mamma þarf að djamma* |
| 9 | ▶ | Mammút | *Komdu til mín svarta systir* |
| 10 | ▲ | Ásgeir | *In The Silence* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Pátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.




*Við kynnum*
# *Daniel Kruse*

Matreiðslumeistarinn Daniel Kruse var valinn **matreiðslumaður ársins í Danmörku árið 2012 og besti eftirréttakokkur Dana** sama ár.
Daniel verður gestur okkar á Food & Fun hátíðinni.

**Verið velkomin á Grand Restaurant.**

**Pantið borð í síma 514 8000**
**eða á veitingar@grand.is**

H:N Markaðssamskipti / SÍA

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**Leikarinn Benecio del Toro er 47 ára í dag**

Helstu myndir: The Usual Suspect, Traffic, Snatch, Things We Lost in the Fire og 21 Grams.

# Setti aðsóknarmet í Svíþjóð

Gamlinginn sem skreið út um gluggann og hvarf frumsýnd á morgun.

Kvikmyndin Gamlinginn sem skreið út um gluggann og hvarf verður frumsýnd á Íslandi á morgun en hún er byggð á samnefndri skáldsögu sænska rithöfundarins Jonas Jonasson. Bókin sló óvænt í gegn og hefur verið þýdd á yfir þrjátíu tungumál. Myndin hefur ekki hlotið síðri viðtökur og sló aðsóknarmet þegar hún var frumsýnd í Svíþjóð á jóladag.

Myndin fjallar um Allan Karlsson, sem leikinn er af Robert Gustafsson, sem vaknar að morgni hundrað ára afmælis síns og ákveður að stinga af frá elliheimilinu í staðinn fyrir að mæta í afmælisveisluna. Hann lendir í ýmsum ævintýrum og í leiðinni er fortíð hans rifjuð upp. Í ljós kemur að Allan á enga venjulega ævi að baki og hefur haft áhrif á marga helstu lykilmenn heimsins, til dæmis Franco, Stalín, Albert Einstein og Mao Tse Tung.

Við Íslendingar eigum líka okkar part í myndinni þar sem Sigurjón Sighvatsson er einn af aðalframleiðendum hennar. - lkg

### ➜ Dómar

★★★★★ Svenska Dagbladet

★★★★★ Expressen

★★★★★ Aftenbladet

★★★★★ Göteborgposten

★★★★★ Sveriges Radio



**HUNDRAÐ ÁRA** Robert Gustafsson leikur gamlingjann.

## FRUMSÝNINGAR

**Fjör á föstudegi**

### Ride Along

gamanmynd

**AÐALLEIKARAR:** Ice Cube, Kevin Hart, John Leguizamo og Bryan Callen.

IMDb 6,4/10

Rotten Tomatoes 17/100

Metacritic 41/100

**Bönnuð innan 12 ára.**



### I, Frankenstein

spenna

**AÐALLEIKARAR:** Aaron Eckhart, Bill Nighy, Miranda Otto, Yvonne Strahovsky, Jai Courtney, Socratis Otto og Aden Young.

IMDb 5,5/10

Rotten Tomatoes 4/100

Metacritic 30/100

**Bönnuð innan 14 ára.**



# Fjórða myndin á heimavelli

Kvikmyndin Nebraska í leikstjórn Alexanders Payne verður frumsýnd á morgun. Þetta er fjórða myndin sem hann gerir í heimaríki sínu Nebraska í Bandaríkjunum. Myndin fjallar um eldri mann sem lendir í svikamyllu.

Kvikmyndin Nebraska verður frumsýnd á Íslandi á morgun en Alexander Payne er leikstjóri myndarinnar.

Myndin fjallar um Woody Grant, sem leikinn er af gömlu kempunni Bruce Dern. Hann er afar fyrirferðarmikill maður frá Missouri og er sannfærður um að hann hafi unnið milljón dollara í happaþrennu. Svo gott er það ekki, því vinningurinn er hluti af svikamyllu.

Sonur Woodys, David, sem leikinn er af Will Forte, samþykkir með semingi að keyra gamla manninn til Nebraska til að innheimta vinninginn. Þá hefst þeirra vegferð, sem reynist svo sannarlega lærdómsrík og ábatasöm, þrátt fyrir að feðgarnir verði ekki ríkari fyrir vikið.

Stórleikararnir Gene Hackman, Robert Forster, Jack Nicholson og Robert Duvall komu allir til greina í aðalhlutverkið en á endanum hreppti Bruce Dern hnossið. Leikstjórinn Alexander Payne sér líklega ekki eftir valinu, því Bruce hlaut verðlaun sem besti leikarinn á kvikmyndahátíðinni í Cannes, þar sem myndin var tilnefnd til Gullpálmans. Þá er Bruce einnig tilnefndur sem besti leikarinn á Óskarsverðlaunahátíðinni sem fer fram í byrjun mars. Myndin hefur alls hlotið sex tilnefningar til verðlaunanna, þar á meðal sem besta myndin.

Breaking Bad-stjarnan Bryan Cranston fór einnig í prufu fyrir hlutverk sonar Woodys, en Alexander fannst hann ekki passa í hlutverkið.

Alexander hefur verið tilnefndur til Óskarsverðlauna og Golden Globe-verðlaunanna. Þetta er fjórða mynd hans sem gerist í heimaríki hans, Nebraska í Bandaríkjunum, en hinar þrjár eru Citizen Ruth, Election og About Schmidt.

liljakatrin@frettabladid.is

IMDb 8,0/10

Rotten Tomatoes 92/100

Metacritic 86/100



**FER Á KOSTUM** Bruce Dern þykir afar góður sem gamalmennið Woody.

### MYNDIR ALEXANDERS PAYNE

| | Leikstjóri | Handritshöfundur | Framleiðandi |
|---|---|---|---|
| Citizen Ruth 1996 | ● | | |
| Election 1999 | ● | | |
| Jurassic Park III 2001 | | ● | |
| About Schmidt 2002 | ● | ● | |
| Sideways 2004 | ● | ● | |
| The Assasination of Richard Nixon 2004 | | | ● |
| I Now Pronounce You Chuck and Larry 2007 | | ● | |
| King of California 2007 | | | ● |
| The Savages 2007 | | | ● |
| Cedar Rapids 2011 | | | ● |
| The Descendants 2011 | ● | ● | ● |

➜ Stórleikararnir Gene Hackman, Robert Forster, Jack Nicholson og Robert Duvall komu allir til greina í hlutverk Woody en á endanum hreppti Bruce Dern hnossið.



# DEBENHAMS

EGF

## EGF húðvörudagar í Debenhams

Dagana 20.- 26. febrúar






## Kaupauki*

**Ef keyptar eru EGF húðvörur fyrir 6.900 kr. eða meira.**

Inniheldur:
EGF Húðdropa™ 2,5 ml
EGF Húðnæringu 7 ml
EGF Spegil

*Takmarkað magn.

**NÝTT KORTATÍMABIL**

Fylgstu með á Facebook.com/EGFhudvorur

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

**DEBENHAMS – SMÁRALIND**

**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**

# LÍFIÐ

## TREND Á TWITTER
### #4YearsOfBaby

Fjögur ár eru liðin síðan Justin Bieber skók heimsbyggðina með laginu Baby sem annað hvert mannsbarn raulaði í tíma og ótíma þegar vinsældir lagsins voru sem mestar. Myndbandið við lagið varð það vinsælasta í sögu YouTube í júlí árið 2010 og hélt þeim titli þangað til Gangnam Style með PSY hrifsaði hann til sín í nóvember árið 2012.

Aðdáendur Justins Bieber, svokallaðir Beliebers, hafa búið til kassmerkið #4YearsOfBaby á Twitter og vilja meðal annars að milljarður skoði myndbandið við lagið áður en poppprinsinn fagnar tvítugsafmæli sínu hinn 1. mars. Kassmerkið er afar vinsælt á samfélagsmiðlinum og eru tístin með merkinu orðin óteljandi á þessum fyrstu vikum nýs árs.



**HE FOLLOWED ME**
**@eljsarauhl**
#4Yearsofbaby @justinbieber til hamingju ég er svo stoltur af þér. Þú ert besta átrúnaðargoðið í heiminum. Beliebers elska þig.

**CECE**
**@partyhardbiebs**
Justin á skilið aðra plötu til að sýna þeim sem hata hann að hann verði í tónlistarbransanum að eilífu #4YearsOfBaby

**RE-FOLLOW ME JUSTIN**
**@BieberGalaxy101**
Það er á þessum tíma árs sem maður gerir sér grein fyrir að það að vera Belieber var ekki bara tímabil #4yearsOfBaby

# Pollapönk skipa miklir reynsluboltar

Hljómsveitin Pollapönk sigraði í söngvakeppni Sjónvarpsins sem fram fór um liðna helgi með lagið Enga fordóma. Sveitin var stofnuð árið 2006 af þeim Haraldi Frey Gíslasyni, leikskólakennara og formanni Félags leikskólakennara, og Heiðari Erni Kristjánssyni leikskólakennara. Hljómsveitin hefur stækkað á undanförnum árum en hana skipa miklir reynsluboltar úr tónlistarbransanum. Nokkrar af merkustu hljómsveitum íslenskrar tónlistarsögu mætast í sveitinni sem Pollapönkarar. Sveitin hefur gefið út þrjár plötur en fyrsta platan var útskriftarverkefni Heiðars og Haralds frá Kennaraháskóla Íslands.

## Arnar Þór Gíslason

FÆDDUR **1978** | STAÐA **Trommur**
STARF **Sölumaður**

Arnar hefur leikið með ótal hljómsveitum en á meðal þeirra sveita sem hann hefur leikið með eru Ensími, Mugison, Dr. Spock, Írafár, Bang Gang og Pétur Ben. Hann hefur einnig leikið í sjónvarpsþáttum á borð við Bandið hans Bubba og íslenska ídólinu.

## Heiðar Örn Kristjánsson

FÆDDUR **1974** | STAÐA **Gítar og söngur**
STARF **Leikskólakennari**

Heiðar og Haraldur eru æskuvinir úr Hafnarfirðinum og stofnuðu hljómsveitina Botnleðju ásamt Ragnari Páli Steinssyni árið 1994. Heiðar hefur einnig gefið út tónlist undir nafninu The Viking Giant Show.

## Haraldur Freyr Gíslason

FÆDDUR **1974** | STAÐA **Gítar og söngur**
STARF **Leikskólakennari og formaður Félags leikskólakennara**

Hann stofnaði Pollapönk árið 2006 ásamt Heiðari Erni. Pollapönk hefur gefið út þrjár plötur og bera þær titlana Pollapönk, Meira pollapönk og Aðeins meira pollapönk. Fyrsta platan var útskriftarverkefni Haralds og Heiðars frá Kennaraháskóla Íslands. Haraldur gaf út barnaplötuna Hallilúja 2001.

## Guðni Finnsson

FÆDDUR **1970** | STAÐA **Bassaleikari**
STARF **Sölumaður**

Guðni hefur leikið með fjölda hljómsveita en á meðal þeirra sveita sem hann hefur leikið með eru Ensími, Mugison, Dr. Spock og Rass.



**Óttar Proppé, fjólubláí-alþingispolli**

Óttar er með Guðna í hljómsveitinni Rassi. Hann er einnig með Arnari og Guðna í hljómsveitinni Dr. Spock.

**Snæbjörn Ragnarsson (Bibbi) appelsínuguli polli**

Bibbi var í hljómsveitinni Innvortis frá Húsavík og lék sú hljómsveit oft á sömu tónleikum og Botnleðja. Haraldur var mikill aðdáandi Innvortis.

**ARNAR er eiginmaður tónlistarkonunnar Lára Rúnarsdóttur.**

**ARNAR er bróðir HARALDAR og eru þeir mjög nánir.**

**ARNAR og GUÐNI eru saman í ótal hljómsveitum eins og Ensími, Dr. Spock og með Mugison. Þeir eru eitt vinsælasta og þéttasta hrynpar landsins.**

**ARNAR og GUÐNI starfa báðir í Hljóðfærahúsinu-Tónabúðinni.**


Lagertorginu
lýkur á sunnudaginn!
Nú ljúkum við Lagertorginu með látum. Við einföldum málið og bjóðum enn betra verð: Allar FAKTUM eldhúsframhliðar á tilboði á 500, 1.000 eða 1.500 krónur. Þar að auki eru nýjar tilboðsvörur á Lagertorginu, bæði smávara og húsgögn: KOMPLEMENT innvols í fataskápinn, blómapottar, eldhúsborð, barnarúm, sumarhúsgögn, kæliskápur og fleira. Til að kóróna allt saman er svo 20% aukaafsláttur í Umbúðalaust til sunnudags. Komdu og fáðu meira fyrir peninginn!
© Inter IKEA Systems B.V. 2014
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is

## ➜ Hvað er Instagram?

Instagram er samfélagsmiðill þar sem notendur geta deilt myndum og stuttum myndböndum úr snjalltækjum sínum. Sérstaða Instagram er að myndefnið er kassalaga og svipar því til Kodak Instamatic og Polaroid-mynda.

Instagram var stofnað af Kevin Systrom og Mike Krieger og fór í loftið í október árið 2010. Miðillinn varð mjög vinsæll á örskotsstundu og voru virkir notendur orðnir rúmlega hundrað milljónir talsins í apríl árið 2012. Instagram var þá keypt af Facebook og óx um 23 prósent árið 2013 á meðan móðurfyrirtækið Facebook óx aðeins um þrjú prósent.

**Vinsælustu kassmerkin**
#love #TagsForLikes #TFLers #tweegram #photooftheday #20likes #amazing #followme #follow4follow #like4like #look #instalike #igers #picoftheday #food #instadaily #instafollow #like #girl #iphoneonly #instagood #bestoftheday #instacool #instago #all_shots #follow #webstagram #colorful #style #swag




# #LífiðÍFramhaldsskólunum

Nemendur í framhaldsskólum á Íslandi eru vel að sér þegar kemur að samfélagsmiðlum. Mörg nemendafélögin með sérstakt kassamerki á Instagram þar sem nemendur geta deilt því sem á daga þeirra drífur. Með því að leita að merkjunum er hægt að skyggnast inn í lífið í framhaldsskólunum og kennir oft ýmissa grasa. Fréttablaðið kíkti á Instagram-reikninga nokkurra nemendafélaga.

## NEMENDAFÉLAG BORGARHOLTSSKÓLA – #NFBHS


Bekkpressumót í fullum gangi **#íþróttavika #nfbhs #lazertagikvöld**


Þeir sem finna pönduna og taka fyndnustu myndina með henni fá frían miða á ballið! **#panda #nfbhs #glæsiball #skohlifapanda**

**„Við notum kassamerkið af og til og reynum að fá nemendur til að nota það meira. Kassamerkið er sérstaklega mikið notað þegar það er eitthvað í gangi eins og til dæmis böll.**

*Hjörleifur Steinn Þórisson, formaður nemendafélagsins*

## NEMENDAFÉLAG FJÖLBRAUTASKÓLANS Í BREIÐHOLTI – #NFBGRAM

**„Við höfum ekki verið mjög virk á Instagram. Þetta er erfitt í skóla eins og FB þar sem eru svo margir nemendur og aldurshópurinn er breiður. Ég mæli eindregið með því að fólk sé virkara á Instagram.**

*Guðmar Bjartur Elíasson, formaður nemendafélagsins*


Kaupid mida og fáid smokk **#nfbgram**


Hvað í fokkanum er Atóm? **#explainlikeimfive #skilekkert #hvernennirþessu #NFBgram**

## NEMENDAFÉLAG FJÖLBRAUTASKÓLA SUÐURNESJA - #NFSGRAM


Allt að gerast! **#dirtynfs #stórkostlegstund #nfsgram**

**„Instagram er orðið miklu vinsælla hjá okkur en það var á síðustu önn. Við höfum ekki verið með neina Instagram-leiki á þessari önn en sú hugmynd er uppi og það gerist örugglega í framtíðinni.**

*Elva Dögg Sigurðardóttir, formaður nemendafélagsins.*


Síðasta nfs kosning Arnars **#nfsgram @arnareyfells #nfsfells**

## NEMENDAFÉLAG VERZLUNARSKÓLANS Í REYKJAVÍK - #NFVI

**„Myndirnar sem fólk taggar koma sjálfkrafa inn á heimasíðuna okkar. Fyrir áramót vörpuðum við Instagram-myndunum á skjávarpa í beinni. Það var mjög skemmtilegt.**

*Sigurður Kristinsson, formaður nemendafélagsins*


Team Monkeyz á leið í Nemó-ratleik **#nemo1314 #nfvi**


B&B slök ávallt alltaf **#nfvi**

## NEMENDAFÉLAG MENNTASKÓLANS VIÐ HAMRAHLÍÐ - #NFMH


Rændum forseta MS **#mhmsámorgun #stríðiðerhafið #nfmh #fokkemes**


**#PONYPOWER** í öllu sínu veldi! **#nfmh**

**„Þetta er mjög vinsælt hjá okkur. Sérstaklega þegar nemendur fara á böll. Þá kassamerkja þeir myndir sem birtast á heimasíðunni okkar. Þetta poppar ekki upp hjá neinum heldur skoðar fólk síðuna sjálfviljugt og þetta truflar engan.**

*Jara Hilmarsdóttir, varaforseti nemendafélagsins*

## KEÐJAN, NEMENDAFÉLAG KVENNASKÓLANS Í REYKJAVÍK – #KVENNO


Kvennó gaf okkur epli **#kvenno #epladagur #peppladagur**

**„Instagram er mjög vinsælt í skólanum. Þegar við erum með skemmtilega viðburði setjum við upp skjávarpa í matsalnum og sýnum Instagram-myndirnar í beinni. Þá eru nemendur mjög duglegir að pósta myndum.**

*Haukur Már Tómasson, formaður Keðjunnar*


Formaðurinn sofandi í tíma - vol. 5378







NÝTT

## FRÁ ELEA
## OMBRÉ LITUN

- Fáðu hár eins og Hollywood stjörnurnar. Notaðu ELEA OMBRÉ EFFECT til þess að lýsa enda hársins.

Íslenskar leiðbeiningar fylgja.

ELEA
PROFESSIONAL
COLOUR & CARE

ELEA háralitirnir fást í stórmörkuðum og verslunum um land allt.

LAUGARÁS BÍÓ

POWERSÝNING KL. 10.10

T.V. - Bíóvefurinn.is

G.D.Ó - MBL

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| ROBOCOP | 8, 10:10(POWER) | 12 |
| LEGO - ÍSL TAL 3D | 5:50 | L |
| DALLAS BUYERS CLUB | 5:45, 8, 10:25 | 12 |
| 47 RONIN 3D | 10:20 | 12 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | 5:45 | 7 |

SAMBÍÓIN

HOLLYWOOD REPORTER

TIME

„HLÓGUM VANDRÆÐALEGA MIKIÐ“

STÆRSTA FJÖLSKYLDUMYND ALLRA TÍMA Í FEBRÚAR

SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI Í 2D OG 3D

CHRISTIAN BALE WOODY HARRELSON CASEY AFFLECK FOREST WHITAKER WILLEM DAFOE

“ONE OF THE BEST MOVIES I'VE SEEN THIS YEAR.“ CHICAGO SUN-TIMES

OUT OF THE FURNACE

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D | KL. 6 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| OUT OF THE FURNACE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ VIP | KL. 8 - 10:20 | VIP |
| JACK RYAN | KL. 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 8 | 12 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 8:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 4 - 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL | KL. 3D: 3:40 2D: 3:10 - 5:50 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 3:20 | L |
| OUT OF THE FURNACE | KL. 8 -10:25 | 16 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| GRUDGE MATCH | KL. 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 8 | 12 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 10 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL | KL. 3D: 6 2D: 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 10:40 | L |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 8 | 16 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 8:10 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 8 | L |
| OUT OF THE FURNACE | KL. 10:10 | 16 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 8 - 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 8 | L |
| OUT OF THE FURNACE | KL. 10:20 | 16 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D | KL. 6 | L |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

HÁSKÓLABÍÓ KL. 18

- T.V. - BÍÓVEFURINN / S & H

NYMPHOMANIAC PART 1

- THE GUARDIAN

| SMÁRABÍÓ (5%) | | |
|---|---|---|
| LEGO ÍSL TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| LEGO ÍSL TAL 3D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| LEGO ÍSL TAL 3D LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| ROBOCOP | KL. 5 - 8 - 10.35 | 12 |
| ROBOCOP LÚXUS | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| HER | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 2D | KL. 3.30 | L |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 8 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D 48R | KL. 5.40 - 9 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ (5%) | | |
|---|---|---|
| PRIVATE LIVES | KL. 6 | L |
| NYMPHOMANIAC PART 1 | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| ROBOCOP | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| INSIDE LLEWYN DAVIS | KL. 5.40 - 8 | 12 |
| DALLAS BUYERS CLUB | KL. 10.30 | 12 |
| AUGUST: OSAGE COUNTY | KL. 6 | 12 |
| THE BOOK THIEF | KL. 9 | 12 |

| BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| NYMPHOMANIAC PART 1 | KL. 8 - 10:15 | 16 |
| ROBOCOP | KL. 8 - 10:15 | 12 |
| INSIDE LLEWYN DAVIS HER | KL. 5.50 | 12 |
| DALLAS BUYERS CLUB | KL. 5.50 | 12 |

Miðasala á: midi.is og eMiði




**HAMINGJUSÖM** Miley nýtur þess að eyða tíma með Jared.

## Byrjuð saman

Söngkonan Miley Cyrus og leikarinn Jared Leto eru byrjuð saman samkvæmt heimildum tímaritsins Us Weekly.

„Þau gistu saman heima hjá honum í Los Angeles snemma í febrúar,“ segir heimildarmaður tímaritsins. Miley og Jared voru mynduð saman í lok janúar í fyrirpartíi fyrir Grammy-verðlaunin hjá Clive Davis og voru víst afar innileg. Heimildarmaðurinn segir samt að Jared sé ekki að leita sér að kærustu heldur njóti þau þess bara að eyða tíma saman. **- lkg**

# Ósvífni Gísla Marteins

**BAKPANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



**MÉR** fannst þetta ömurlegt viðtal, svo það sé nú bara sagt, ömurlegt. Gísli Marteinn var aggressívur. Það er ekki alltaf rétt að fara þessu hörðu leið að fólki til að spyrja. Ef þú færð ekki svörin sem þú kallar eftir, af hverju leitarðu ekki einhverra annarra leiða til þess að ná þessum svörum? Gísli Marteinn hefði til dæmis getað notað sokkabrúður til að stilla upp andstæðum pólum; forsætisráðherra gegn minnihlutanum. Eða forsætisráðherra gegn viðskiptalífinu. Eða forsætisráðherra gegn fjölmiðlum. Eða forsætisráðherra gegn Evrópusambandinu.

**HLUTVERK** fjölmiðla er ekki að þjarma að valdhöfum. Ef forsætisráðherra velur að svara ekki spurningum þá má hann hreinlega velja sér svar við spurningu af handahófi og láta það duga. Þetta er ekki umræðuhefð í sjónvarpi sem fólk langar til að sjá. Það vantaði allt Ísland Got Talent og Biggest Loser Ísland í þetta – sem sást á viðbrögðunum við viðtalinu. Eða öllu heldur skortinum. Viðtalið hefur ekki komist að í umræðunni.

Forsætisráðherra gerði allt rétt. Í staðinn fyrir að halla sér aftur í stólnum og svara spurningum af yfirvegun og hógværð þá mætti hann tilbúinn til orrustu. Hann spennti alla vöðva líkamans og hallaði sér fram með báða fætur í viðbragðsstöðu. Sókn er besta vörnin – þetta veit forsætisráðherra. Þess vegna var hann tilbúinn að spretta úr stólnum eins og þrautþjálfaður samúræi.

**ÓSVÍFNI** Gísla Marteins náði hápunkti þegar hann greip fram í fyrir forsætisráðherra með þeim orðum að hann stýrði viðtalinu. Auðmjúkur reyndi forsætisráðherra að leiðrétta skynvillu þáttarstjórnandans, sem var greinilega búinn að gleyma að eftir síðustu hrókeringu í stjórn Ríkisútvarpsins eru framsóknarmenn með þrjá fulltrúa – jafn marga og minnihlutinn til samans.

**ÞAÐ** þarf því ekkert sérstaklega frjótt ímyndunarafl til að komast að þeirri niðurstöðu að það var í raun forsætisráðherra sem stýrði viðtalinu. Sem hann undirstrikaði með því að hrósa Gísla fyrir frammistöðuna í lokin og skora svo á hann í störukeppni með heimsþekktu látbragði.

# Dvaldi meðal utangarðsfólks daga og nætur úti á Granda

Gísli Hjálmar Svendsen gefur út ljósmyndabók með myndum af utangarðsmönnum sem hann hefur unnið að frá árinu 2011. Gísli fékk áhuga á málaflokknum árið 2007 eftir sviplegt dauðsfall í fjölskyldunni.

„Það stóð til að einn utangarðsmaður yrði viðstaddur sýningaropnunina, en hann var ekki í ástandi til að mæta,“ segir Gísli Hjálmar Svendsen, sem gefur bráðum út ljósmyndabók um utangarðsmenn. Hann er nýútskrifaður úr Ljósmyndaskólanum og opnaði sýningu ásamt skólafélögum sínum með myndum af útigangsmönnum í Lækningaminjasafninu við Nesstofu um síðustu helgi. Sýningunni lýkur næsta sunnudag. „Ég hef verið að dokúmentera undanfarin ár hóp fólks sem kallað er rónar. Ég hallast meira að hugtakinu utangarðsfólk,“ segir Gísli. Bókin heitir Flogið úr feni nætur.

Gísli fékk áhuga á málaflokknum árið 2007. „Sviplegt dauðsfall í fjölskyldunni sem tengdist fólki í þessari stöðu kveikti áhuga minn. Ég dvaldi meðal utangarðsfólks daga og nætur í þessum gámum úti á Granda og tók myndir. Þar hef ég verið með annan fótinn síðan árið 2011.“ Við tökur á myndum varð Gísli vitni að ýmsu, og tók meðal annars upp vídeó og myndir af ofbeldi, en sleppti grófasta ofbeldinu úr bókinni. „Svo vildi ég ekki hafa með myndir af fólki sem var augljóslega að fara að gera eitthvað í símum málum. Ég vildi ekki spilla fyrir fólki sem er að reyna að fóta sig í lífinu. Ekki það, persónulega finnst mér ekkert skammarlegt við að eiga svona fortíð. En það gæti bakað einhverjum vandræði, og það vil ég ekki gera,“ segir Gísli.

Allir sem tóku þátt veittu samþykki sitt fyrir birtingu myndanna. „Ég hef aldrei farið dult með ætlunarverk mitt. Ég tók ýmist viðurkenningar upp á myndband, eða fékk skriflega viðurkenningu frá fólki. Stundum þrjár eða fjórar frá sömu manneskjunni. Ég reyndi að ná þeim á milli neyslutúra, þegar þau voru í ástandi til að veita samþykki. Það vissu allir frá upphafi hver tilgangur minn með verkefninu var, það er að segja að vekja samfélagið af dvala í sambandi við þessi mál, og voru þau öll mjög áhugasöm um að taka þátt í verkefninu. Markmiðið með því að gefa út þessa bók er fyrst og fremst að reyna að svipta af málaflokknum þessari helgislepju og tilfinningarunki sem hefur einkennt hann, sem hefur lítið sem ekkert með batalíkur einstaklings í svona ástandi að gera,“ segir Gísli. **ugla@frettabladid.is**



**KOSS** Gísli Hjálmar Svendsen, til hægri, í heimsókn úti á Granda. MYND/GÍSLI HJÁLMAR SVENDSEN.

> **Ég hef verið að dokúmentera undanfarin ár hóp fólks sem kallað er rónar. Ég hallast meira að hugtakinu utangarðsfólk.**
> *Gísli Hjálmar Svendsen*



**SVALAR ÞORSTANUM** Eitt viðfangsefnanna fær sér kóksopa. MYND/GÍSLI HJÁLMAR SVENDSEN.



**TÍMAFREKT** Allir í bókinni veittu samþykki fyrir birtingu myndanna.. MYND/GÍSLI HJÁLMAR SVENDSEN.


BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS

MIELE

VENUS IN FUR
ROMAN POLANSKI

YOUNG AND BEAUTIFUL

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.


ÚRVALIÐ ER
HJÁ OKKUR
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
4BLS BÆKLINGUR
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR
2 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
GIGABYTE
FORCE K3
Einstaklega endingargott og flott leikjalyklaborð með sérstakri Matt Black áferð og ábrenndu íslensku letri
4.990
Á TILBOÐI Í FEBRÚAR!
10% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM 2.1 KERFUM FRÁ THONET & VANDER
THONET & VANDER
SPIEL
Stórglæsilegt 2.1 hljóðkerfi frá Thonet&Vander með sérhannaða ofur öfluga 4" bassakeilu
6.990
FRÁBÆRT 2.1 HLJÓÐKERFI
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
ÓGRYNNI LEIKJA
NÆR ÓTAKMARKAÐ ÚRVAL AF LEIKJUM OG FORRITUM FYRIR ÞESSA ÓTRÚLEGU GRÆJU
TILBOÐSVERÐ
19.900
JXD
JXD SMART CONSOLE LEIKJATÖLVA
Öflug spjald- og leikjatölva með öllum klassísku tökkunum ásamt 5" kristaltærum HD snertiskjá og ótrúlegu úrvali af leikjum og forritum.
HVAÐ KEMUR NÆST?
ÞÚ GETUR UNNIÐ ÞESSA ÓTRÚLEGU GRÆJU Í STÓRSKEMMTILEGUM LEIK Á FM957
AÐEINS 145gr
Silicon Power
1TB FLAKKARI
Fisléttur, örsmár og hraðvirkur Stream USB3.0 ferðaflakkari á ótrúlegu tilboðsverði!
14.900
500GB STREAM USB3 9.990
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
DELL
hp
lenovo
packard bell
SAMSUNG
TOSHIBA

## VETRARÓLYMPÍULEIKARNIR SOCHI 2014

**DAGSKRÁ FIMMTUDAGS**

2 SPORT / Vísir

**07.55** Norræn tvíkeppni liða: Skíðastökk
**09.25** Skíðaat karla
**11.00** Norræn tvíkeppni liða: Boðskíðaganga
**12.00** Íshokkí kvenna (Sport 3): Bronsleikur (Sviss-Svíþjóð)
**13.30** Krulla kvenna (Sport 5): Úrslitaleikur (Svíþjóð-Kanada)
**15.00** Listhlaup á skautum
**17.00** Íshokkí kvenna (Sport 5): Úrslitaleikur (Kanada-Bandar.)
**22.30** Samantekt

## 56 & 59

Einar Kristinn Kristgeirsson og Brynjar Jökull Guðmundsson kepptu í stórsvigi karla í gær og kláruðu báðir ferðir sínar. Einar Kristinn hafnaði í 56. sæti á 1:32,90 mínútum og Brynjar Jökull í 59. sæti á 1:33,58 mínútum. Báðir keppa í svigi á laugardaginn en þær Erla Ásgeirsdóttir og Helga María Vilhjálmsdóttir keppa í svigi kvenna í fyrramálið.

## STJARNA DAGSINS OLE EINAR BJÖRNDALEN SKÍÐAGÖNGUMAÐUR

Hinn fertugi Norðmaður Ole Einar Björndalen varð í gær sigursælasti íþróttamaður Vetrarólympíuleikanna frá upphafi þegar hann hjálpaði boðsveit Norðmanna að vinna gull í blandaðri boðgöngu á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí í Rússlandi.

Björn Dæhlie vann tólf verðlaun (átta gull) á Vetrarólympíuleikum frá 1992 til 1998 en Björndalen er nú kominn með þrettán verðlaun, þar af tvö gull, á leikunum í Sotsjí.

Ole Einar Björndalen vann fyrstu grein sína á leikunum en var ekki búinn að vera alltof sannfærandi í síðustu þremur greinum sínum. Verðlaunin langþráðu duttu hins vegar í hús í dag.

Norska sveitin, skipuð þeim Ole Einar Björndalen, Emil Hegle Svendsen, Toru Berger og Tiril Eckhoff, kom í mark 32,6 sekúndum á undan tékknesku sveitinni en ítalska sveitin tók síðan bronsið.

Björndalen gekk þriðja sprettinn og Norðmenn voru í öðru sæti þegar hann tók við af Tiril Eckhoff. Hann gekk vel og klikkaði ekki á skoti ekki frekar en Emil Hegle Svendsen sem gekk síðasta sprettinn og tryggði norska liðinu gullverðlaun. - óój



**ÁTTA GULL** Ole Einar er jafn Dæhlie í fjölda gullverðlauna en er nú kominn yfir í heildarfjölda verðlauna. GETTY

# Átu bara McDonalds

Tottenham-menn heimsækja bitran Juande Ramos.

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildarliðið Tottenham er í Úkraínu þar sem það mætir Dnipro Dnipropetrovsk í 32-liða úrslitum Evrópudeildarinnar í kvöld.

Þjálfari Dnipro er Spánverjinn Juande Ramos sem stýrði Tottenham í 364 daga árin 2007-2008 og gerði liðið að deildarbikarmeisturum. Það er eini titillinn sem Lundúnaliðið hefur unnið á síðustu 23 árum.

Hann var frekar svekktur þegar hann var látinn fara snemma í byrjun tímabils 2008 og sakaði leikmenn liðsins um ólifnað. Hann er enn nokkuð bitur og skaut áfram föstum skotum að þáverandi leikmönnum liðsins í aðdraganda leiksins.

„Við æfðum ekki langt frá McDonalds-stað og þar sáum við þá borða hamborgara og drekka kók eftir æfingar," sagði Juande Ramos í viðtali við The Guardian.



**GÓÐUR** Tim Sherwood fer vel af stað með Tottenham. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Úkraínska liðið hefur ekki spilað keppnisleik frá því í desember þar sem deildin þar í landi er í fríi en Tottenham er á miklu skriði undir stjórn Tims Sherwood. - tom

# Vilja vinna gull á 400 ára afmæli bæjarins

Ólafur Guðmundsson á enn eftir að ákveða sig hvort hann verði áfram hjá Kristianstad eða fari til Þýskalands í sumar. Honum líður mjög vel í Svíþjóð.

**HANDBOLTI** „Framtíðin er óráðin ennþá en ég vona að mín mál klárist á næstu dögum," segir Ólafur Guðmundsson, landsliðsmaður í handbolta, við Fréttablaðið en hafnfirska stórskyttan sem sló svo rækilega í gegn á EM á enn eftir að ákveða hvar hann spilar á næsta tímabili.

Hann er meðal markahæstu manna í sænsku úrvalsdeildinni og lét rækilega vita af sér á EM í Danmörku þannig að lið í Þýskalandi hafa borið víurnar í hann.

„Ég hef tvo valkosti. Ég get farið til Þýskalands eða verið áfram í Svíþjóð. Ef ég fer vil ég taka skrefið í sterkari deild eins og í Þýskalandi. En það kemur líka til greina að vera áfram hjá Kristianstad. Hér líður mér mjög vel. Ég er að spila frábærlega í frábæru liði þar sem er frábær umgjörð og allt eins og það á að vera," segir Ólafur sem ber mikið lof á lið sitt Kristianstad og ekki síður stuðningsmenn þess.

„Hérna eru 5.000 manns á hverjum leik, þjálfarinn frábær og við erum í Evrópukeppni. Stemningin á heimaleikjum er engu lík. Það eru ekki margir staðir í heiminum sem bjóða upp á svona handbolta. Það er uppselt á alla heimaleiki og rosalega mikill áhugi í bænum. Það er alveg svakalega gaman að spila við svona aðstæður," segir Ólafur.

Kristianstad er efst í deildinni með 37 stig eftir 23 leiki. Það er með þriggja stiga forskot á Alingsås og á leik til góða þegar liðin eiga tvo til þrjá leiki eftir. Hann viðurkennir að pressa á að vinna sænska meistaratitilinn sé mikil núna eftir ófarir undanfarinna ára.

„Við erum búnir að fá silfur tvö ár í röð þannig það er pressa frá fólkinu að vinna þetta núna. Bærinn verður líka 400 ára sama dag og úrslitaleikurinn á að fara fram þannig pressan að komast í úrslitaleikinn er mikil. Maður vonar bara að það gangi eftir hjá okkur," segir Ólafur. tom@frettabladid.is



## Ólafur hefur bætt sig mikið á milli ára

**2012-2013**

| | |
|---|---|
| MÖRK Í LEIK | 3,4 |
| MÖRK | 104 Í 31 LEIK |
| SKOTNÝTING | 48,4 PRÓSENT |
| STOÐSENDINGAR Í LEIK | 1,2 |

**62.** besti leikmaðurinn samkvæmt tölfræði sænsku deildarinnar.

**2013-2014**

| | |
|---|---|
| MÖRK Í LEIK | 5,9 |
| MÖRK | 135/2 Í 23 LEIKJUM |
| SKOTNÝTING | 50,2 PRÓSENT |
| STOÐSENDINGAR Í LEIK | 2,5 |

**5.** besti leikmaðurinn samkvæmt tölfræði sænsku deildarinnar.




# Systurnar fá ekki að slást

Meiðsli Berglindar Gunnarsdóttur koma í veg fyrir að hún spili á móti Gunnhildi systur sinni í bikaúrslitunum. „Ég vildi óska að ég gæti spilað," segir Berglind.

**KÖRFUBOLTI** Foreldrar og fjölskylda Gunnhildar og Berglindar Gunnarsdætra er í sérstakri stöðu á laugardaginn þegar lið systranna mætast í bikarúrslitum kvenna í körfubolta. Báðar eru þær úr Stykkishólmi en Gunnhildur stundar nám í Reykjavík og spilar með Haukum.

Það fer þó ekki þannig að systurnar mætist í leiknum á laugardaginn því Berglind er nýkomin úr aðgerð á hné og missir af bikarúrslitaleiknum.

„Þetta er sama gamla góða hnéð," segir Berglind sem var að fara í sína þriðju aðgerð á hægra hnénu. „Ég er samt í liðinu þó að ég sé bara vatnsberi en við munum ekki berja hvor á annarri inni á vellinum eins og maður hefði viljað," segir Berglind en þær hafa aldrei gefið neitt eftir þegar þær hafa mæst á körfuboltavellinum.

Berglind missti af fyrri hluta tímabilsins þar sem hún var að ná sér af axlaraðgerð eftir að hafa hrokkið ítrekað úr lið síðasta vetur. Það er hins vegar eins og óheppnin elti hana því hún meiddist á hné í einum af fyrstu leikjunum eftir að hún kom til baka. Hún tekur öllum meiðslunum með jafnaðargeði enda orðin vön því að horfa á lið sitt frá hliðarlínunni.





**SYSTURNAR** Gunnhildur (23 ára) og Berglind (21 árs).

„Það verður spennandi að fylgjast með en ég vildi óska að ég gæti spilað með þessu frábæra liði núna. Maður er alveg jafnmikill hluti af þessu liði hvort sem maður spilar í 40 mínútur eða engar," segir Berglind. Hún var í Hveragerði á sunnudag þegar Snæfell tryggði sér deildarmeistaratitilinn.

Berglind er á því að þetta verði ekki eins erfitt fyrir mömmu og pabba og marga ir halda. „Ég held að þetta verði auðveldasti leikurinn sem þau horfa á í vetur vegna þess að þau verða alltaf í sigurliðinu hvort sem það verður Snæfell eða Haukar sem vinnur. Ég held að fjölskyldan sé eitthvað að sauma búninga með Snæfellsmerkinu öðrum megin og Haukamerkinu hinum megin til að styðja bæði liðin. Ætli það verði samt ekki bara systkinin sem mæta í þeim," segir Berglind en faðir hennar, Gunnar Svanlaugsson, er formaður Körfuknattleiksdeildar Snæfells. - óój

Meðal viðskipta-vina Yuasa eru:

MAZDA
BMW
TATA
SUBARU
TOYOTA
MITSUBISHI MOTORS
KIA
SUZUKI
ISUZU
HONDA
GM
NISSAN
SANGYONG
DAIHATSU
HYUNDAI
Hino
PSA PEUGEOT CITROËN

# YBX er ný kynslóð af rafgeymum í bíla

**Hærra kaldræsi og lengri ending**

YUASA




Framúrskarandi fyrirtæki 2012

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

## Í KVÖLD



**Stöð 2 kl. 20.35**
**Masterchef USA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



**Fimmgangur**
**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.00** Bein útsending frá Meistaradeildinni í hestaíþróttum þar sem keppt er í fimmgangi. Telma Tómasson hefur umsjón með MD 2014 á Stöð 2 Sport.



**Tekinn**
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.45** Rock Starstjörnurnar Toby og Storm Large eru hrekktar af Audda sem fékk þau Ragnhildi Steinunni og Sveppa til liðs við sig.



**The Biggest Loser - Ísland**
**SKJÁR EINN KL 20.45** Tólf einstaklingar sem glíma við yfirþyngd ætla nú að snúa við blaðinu og breyta um lífsstíl sem felst í hollu mataræði og mikilli hreyfingu. Umsjón hefur Inga Lind Karlsdóttir.



**FM957 kl. 10.00**
**Heiðar Austmann**
Heiðar Austmann er aldursforseti stöðvarinnar en er samt yngstur í anda að eigin sögn. Heiðar kom til starfa á FM957 árið 1998 og hefur unnið samfleytt á stöðinni í ríflega 15 ár.

SÓFAR



Jazz Turquoise 228 cm kr. 202.800



Jamaica 270 cm kr. 229.900



Avignon Olive 208 cm kr. 189.900



Retro 170 cm kr. 169.800



LÍNAN
BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle**
**08.30 Ellen**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Nashville**
**11.50 Suits**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Honey**
**14.50 The O.C**
**15.40 Ofurhetjusérsveitin**
**16.05 Tasmanía**
**16.30 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Stelpurnar**
**19.40 The Michael J. Fox Show** *(15:22)*
**20.05 Heilsugengið**
**20.35 Masterchef USA** *(8:25)*
**21.20 NCIS** *(2:24)*
**22.05 Person of Interest** *(5:23)*
**22.50 Carriers**
**00.15 Spaugstofan**
**00.40 Mr. Selfridge**
**01.30 The Following**
**02.15 Banshee**
**03.05 Tenderness**
**04.45 Stelpurnar**
**05.10 Simpson-fjölskyldan**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.55 Lið. Skíðastökk** Bein útsending
**08.50 ÓL 2014 - samantekt**
**09.25 Skíðaat karla** Bein útsending
**11.00 Lið. Boð-skíðaganga** Bein útsending
**12.25 Boðgöngu skíðaskotfimi**
**14.25 Þýsku mörkin**
**15.00 Listhlaup kvenna. Frjáls aðferð** Bein útsending
**18.20 Haukar** Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfubolta.
**19.00 Fimmgangur** Bein útsending frá Meistaradeildinni í hestaíþróttum þar sem keppt er í fimmgangi. Telma Tómasson hefur umsjón með MD 2014 á Stöð 2 Sport.
**22.30 ÓL 2014 - samantekt**
**23.00 NBA 2013/2014 - All Star Game**
**00.25 Úrslitaleikur**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**13.20 Crystal Palace - WBA**
**15.00 Fulham - Liverpool**
**16.40 West Ham - Norwich**
**18.20 Arsenal - Man. Utd.**
**20.00 Premier League World S**
**20.30 Inter - Arsenal - 25.11.05**
**21.00 Arsenal - Man. City**
**22.45 WBA - Chelsea**
**00.25 Football League Show 2013/14**

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

### STÖÐ 3

**17.30 H8R**
**18.15 How To Make It in America**
**18.40 Game tíví**
**19.10 Ben and Kate**
**19.35 1600 Penn**
**20.00 American Idol** *(12:37)*
**21.25 Shameless** *(12:12)*
**22.20 Supernatural** *(4:22)*
**23.05 Revolution**
**23.50 Grimm**
**00.35 Luck**
**01.30 Ben and Kate**
**01.55 1600 Penn**
**02.15 American Idol**
**03.40 Shameless**
**04.35 Supernatural**
**05.20 Tónlistarmyndbönd**

### Krakkastöðin

**07.00** Ljóti andarunginn og ég **07.23** Hello Kitty **07.34** Ævintýraferðin **07.47** UKI **07.52** Tommi og Jenni **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.46** Doddi litli og Eyrnastór **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.50** Gulla og grænjaxlarnir **10.00** Lukku láki **10.25** Brunabílarnir **10.47** Ávaxtakarfan **11.00** Ljóti andarunginn og ég **11.25** Hello Kitty **11.34** Ævintýraferðin **11.47** UKI **11.52** Tommi og Jenni **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.46** Doddi litli og Eyrnastór **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.50** Gulla og grænjaxlarnir **14.00** Lukku láki **14.22** Brunabílarnir **14.44** Ávaxtakarfan **15.25** Hello Kitty **15.34** Ævintýraferðin **15.47** UKI **15.52** Tommi og Jenni **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.46** Doddi litli og Eyrnastór **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.50** Gulla og grænjaxlarnir **18.00** Lukku láki **18.22** Brunabílarnir **18.44** Ávaxtakarfan **19.00** Öskubuska í villta vestrinu **20.20** Sögur fyrir svefninn

### GULL

**17.55 Strákarnir**
**18.20 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men**
**20.00 Grey's Anatomy** *(5:24)*
**20.45 Tekinn** Rock Star stjörnurnar Toby og Storm Large eru hrekktar af Audda sem fékk þau Ragnhildi Steinunni og Sveppa til liðs við sig.
**21.10 The Drew Carey Show** *(24:24)* Önnur þáttaröðin af þessum frábæru gamanþáttum um líf og tilveru skrifstofublókarinnar Drew Carey og skrautlegu félaga hans.
**21.35 Curb Your Enthusiasm** *(10:10)* Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George.
**22.15 Game of Thrones** *(8:10)*
**23.10 Twenty Four**
**23.55 Tekinn**
**00.20 The Drew Carey Show**
**00.45 Curb Your Enthusiasm**
**01.30 Game of Thrones**
**02.25 Tónlistarmyndbönd**

### BÍÓ

**11.50 Ruby Sparks**
**13.35 It's Kind of a Funny Story**
**15.15 The Big Year**
**16.55 Ruby Sparks**
**18.40 It's Kind of a Funny Story**
**20.20 The Big Year**
**22.00 The Fighter**
**23.55 Banlieue 13 - Ultimatum**
**01.35 Dredd**
**03.10 The Fighter**

### RÚV

**07.55 Vetrarólympíuleikar** – Norræn tvíkeppni Bein útsending
**09.25 Vetrarólympíuleikar** – Skíðaat Bein útsending
**11.05 Vetrarólympíuleikar** – Norræn tvíkeppni
**14.50 Táknmálsfréttir**
**15.00 Vetrarólympíuleikar** – Listhlaup á skautum Bein útsending
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Íþróttir**
**19.40 Kastljós**
**20.05 Nigellissima** *(5:6) (Nigellissima)* Nigella Lawson sýnir okkur hversu auðvelt það getur verið að laða fram töfra ítalskrar matargerðar.
**20.40 Frankie** *(5:6)* Ljúf og skemmtileg þáttaröð frá BBC um hjúkrunarfræðinginn Frankie. Aðalhlutverk: Eve Myles, Derek Riddell og Dean Lennox Kelly.
**21.25 Best í Brooklyn** *(5:22) (Brooklyn Nine-Nine)*
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Íþróttir**
**22.25 Glæpahneigð** *(10:24) (Criminal Minds VIII)* Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna.
**23.10 Erfingjarnir**
**00.10 Kastljós**
**00.30 Fréttir**
**00.40 Íþróttir**
**00.50 Dagskrárlok**

### RÚV ÍÞRÓTTIR

**13.30** VÓ Krulla B **17.30** VÓ Íshokkí **19.45** VÓ Skíðafimi í pípu **20.45** VÓ Listhlaup á skautum B **22.25** VÓ Skíðaat

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**17.10 90210**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 Parenthood**
**19.15 Cheers**
**19.40 Trophy Wife** *(7:22)*
**20.05 Svali&Svavar** *(7:12)* Þeir félagar Svali og Svavar hafa brallað ýmislegt í gegnum árin. Svali hefur örlítið minni smekk fyrir lífsins lystisemdum en Svavar en að sama skapi fer ekki mikið fyrir hreyfiþörf hjá Svavari.
**20.45 The Biggest Loser - Ísland** *(5:11)*
**21.45 Scandal** *(6:22)* Við höldum áfram að fylgjast með Oliviu og félögum í Scandal. Fyrsta þáttaröðin sló í gegn meðal áskrifenda en hægt var að nálgast hana í heilu lagi í SkjáFrelsi.
**22.30 The Tonight Show**
**23.15 How to lose a guy in 10 days**
**01.10 CSI**
**01.55 Franklin & Bash**
**02.40 The Good Wife**
**03.30 Blue Bloods**
**04.10 The Tonight Show**
**04.55 Pepsi MAX tónlist**

### Golfstöðin

**08.20** PGA Tour 2014 **13.50** PGA Tour 2014 - Highlights **14.45** Champions Tour 2014 **16.45** Golfing World 2014 **17.35** Inside The PGA Tour 2014 **18.00** World Golf Championship 2014 **23.00** Golfing World 2014

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# POTTA
## OG PÖNNUBÚÐIN ÞÍN

**NÝTT KORTATÍMABIL!**





YFIR **100** TEGUNDIR

# 20-50% afsláttur
## af ÖLLUM pottum og pönnum

# NÝTTU TÆKIFÆRIÐ
## Tilboðin gilda í takmarkaðan tíma!

GUFUSUÐUPOTTAR
DJÚPAR PÖNNUR
GRILLPÖNNUR
WOK-PÖNNUR
POTTJÁRN
LEIRPOTTAR
POTTASETT

**NÝTT KORTATÍMABIL!**

Bjóðum þessi frábæru merki og fjölda annarra:

AMT GASTROGUSS
Fissler. Fissler. Perfect every time.
eva solo
Tefal
GRUNWERG SHEFFIELD-ENGLAND
Jamie Oliver

**ÓTRÚLEGT ÚRVAL!**

# byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

## BESTI BÆJARHLUTINN



**„Ég myndi segja að Grótta væri uppáhaldsbæjarhlutinn minn vegna náttúrufegurðar, fótabaðsins og svo á ég yndislegar æskuminningar þaðan, því Grótta var svo gott sem bakgarðurinn minn!“**

Vigdís Másdóttir, leikkona

# Á leið í hringiðuna á tískuvikunni í París

Stílistanum Huldu Halldóru boðið að vinna við sýningu tískuhússins Kenzo.



„Jú, það er auðvitað heiður að þeir hafi haft samband við mig og viljað fá mig í vinnu,“ segir Hulda Halldóra Tryggvadóttir stílisti sem er á leiðinni á tískuvikuna í París í næstu viku til að vinna fyrir tískuhúsið Kenzo.

Hulda var fengin til að stílisera tískuþátt fyrir vefsíðu Kenzo síðastliðið haust sem lagðist svo vel í aðstandendur tískumerkisins að þeir buðu henni þetta tækifæri í kjölfarið. „Ég verð að vinna við að klæða fyrirsæturnar baksviðs fyrir sýninguna sem verður skemmtileg upplifun en þetta er í fyrsta sinn sem ég fer á tískuvikuna í París. Ég er mikill aðdáandi Kenzo,“ segir Hulda en sýningin fer fram 2. mars.

Tískuvikan í París er ein sú stærsta í heimi þar sem mörg frægustu fatamerkin sýna haust- og vetrartískuna 2014. Kenzo hefur verið á mikilli uppsveiflu undanfarin misseri eftir að hönnunartvíeykið Carol Lim og Humberto Leon tóku við keflinu sem aðalhönnuðir merkisins.

Hulda starfar sem stílisti og þrátt fyrir að vera á leiðinni í hringiðu tískubransans heillar ekki að starfa þar til frambúðar. „Ég stefni á frekara nám í búningahönnun. Kvikmyndir og sjónvarp heilla meira en tískuheimurinn í augnablikinu.“ **- áp**



**SPENNANDI TÆKIFÆRI** Hulda Halldóra er að fara að vinna við sýningu Kenzo á tískuvikunni í París.


L A Z B O Y®

**LA-Z-BOY RIALTO** – SJÓNVARPSSÓFI



359.990
FULLT VERÐ: 459.990

**RIALTO** La-Z-boy sjónvarpssófi.
Svart leður á slitflötum. 205 x 90 H:105 cm.



**RIALTO**
La-Z-boy stóll.
Fæst í fjórum litum.
B:80 D:90 H:105 cm.
Einnig fáanlegur í áklæði
á tilboði frá **kr. 99.990**

139.990
FULLT VERÐ: 179.990



**STANLEY** La-Z-boy stóll. Svart, hvítt, brúnt og vínrautt leður á slitflötum. B:81 D:94 H:103 cm. Einnig fáanlegur í álæði á tilboðsverði frá **kr. 83.990**

119.990
FULLT VERÐ: 179.990



**EMPIRE**
La-Z-boy stóll.
Fæst í 3 litum litum.
B:80 D:70 H:102 cm.

69.990
FULLT VERÐ: 79.990

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

Reykjavík og Akureyri
EITT SÍMANÚMER 558 1100
www.husgagnahollin.is


# Íslendingar héldu vel utan um Ben Stiller

Film in Iceland var eina verkefnið utan Bandaríkjanna sem The Location Manager Guild of America tilnefndi til verðlauna á dögunum.

Film in Iceland, verkefni sem vinnur að því að fá erlendar kvikmyndir til landsins, var það eina utan Bandaríkjanna sem The Location Manager Guild of America tilnefndi til verðlauna nú á dögunum, fyrir að þjónusta kvikmyndina The Secret Life of Walter Mitty.

„Þetta er vottur um að það hafi tekist vel hjá okkur undanfarin ár að laða erlend kvikmyndaverkefni til landsins,“ segir Einar Tómasson, sem hefur stýrt Film in Iceland síðastliðinn áratug. „Og að það er ánægja með þau verkefni sem við höfum stýrt til landsins.“

Film in Iceland er verkefni sem rekið er af iðnaðarráðuneytinu innan Íslandsstofu.

„Verkefnin sem hafa komið til landsins hafa gengið mjög vel og þess vegna koma erlendir framleiðendur aftur og aftur. Framleiðslufyrirtækið sem skaut Walter Mitty skaut árið á undan kvikmyndina Prometheus hér á landi. Þeim leið nógu og vel til að koma aftur sem er náttúrulega frábært,“ heldur hann áfram, en Einar leggur mikið upp úr því að þeir kvikmyndaframleiðendur sem taki upp hér á landi kynni Ísland samhliða kvikmyndinni.

„Það hefur gengið vel og okkur hefur tekist að fylgja eftir landkynningunni, eins og til dæmis með Walter Mitty þar sem Ísland var hluti af auglýsingaherferðinni fyrir myndina. Ben Stiller ræddi Ísland í spjallþáttum og viðtölum vestan hafs og þar fram eftir götunum,“ útskýrir Einar.

En Einar segir margt spila inn í. „Það eru þjónustufyrirtækin og þeir sem vinna að verkefnunum sem láta Film in Iceland líta vel út og við erum ánægð með að taka við tilnefningunni fyrir allan þennan hóp,“ segir hann að lokum. **olof@frettabladid.is**



**TILNEFND FYRIR WALTER MITTY** Einar Tómasson segir að velgengnin sé þjónustufyrirtækjunum að þakka og þeim sem vinna að verkefnunum.

## Hvað er Location Manager?

Hlutverk Location Manager er yfirleitt mest í byrjun verkefna. Þeir fara þá og finna hentuga tökustaði en halda svo áfram að stýra öllu því praktíska í kringum tökurnar. Það kemur til dæmis í hlut Location Manager að fá ýmis leyfi sem þarf að fá, ræða við stjórnvöld, vera í samskiptum við þjónustufyrirtæki og þar fram eftir götunum.

## Tilnefningar í sama flokki:

- **Albuquerque Film Commission fyrir þáttaraðirnar „Breaking Bad“ & „Lone Survivor“**
- **Film in Iceland fyrir kvikmyndina „Secret Life of Walter Mitty“**
- **Film LA fyrir þáttaröðina „NCIS: Los Angeles“**
- **Long Beach Film Commission fyrir „Dexter“**
- **South Pasadena Film Commission fyrir „Dexter“**

# Reynir að fá nafnið Joð samþykkt

Tómas Þorsteinsson reynir nú að fá mannanafnanefnd til að samþykkja beiðni hans um að fá millinafnið Joð staðfest. Tómas er bjartsýnn á samþykkið.

„Ég er búinn að senda mannanafnanefnd beiðni um að samþykkja nafnið Joð,“ segir knattspyrnumaðurinn og verkfræðineminn Tómas Þorsteinsson en hann langar að fá millinafnið Joð samþykkt. Faðir hans, Þorsteinn J. Vilhjálmsson fjölmiðlamaður hefur gjarnan verið kallaður Þorsteinn Joð en hann heitir þó Þorsteinn Jens í þjóðskrá.

„Joð-nafnið festist við mig þegar ég var í barnaskóla til að aðgreina mig frá öðrum Tómasi. Þá var pabbi mikið í sviðsljósinu og því Joð kjörið nafn á mig,“ útskýrir Tómas.

Hann segist vera bjartsýnn á að fá nafnið samþykkt. „Ég er jákvæður og hef trú á þessu, sérstaklega því að millinöfn í dag þurfa ekki endilega að fallbeygjast,“ segir Tómas en segist þó ekkert verða brjálaður ef nafnið verður ekki samþykkt.

Helldurðu að faðir þinn breyti Jens-nafninu í Joð ef nafnið verður samþykkt? „Ég held það sé alveg mögulegt en hann er samt svo íhaldssamur,“ segir Tómas léttur í lundu. Mannanafnanefnd hittist einu sinni í mánuði og mun Fréttablaðið að sjálfsögðu fylgjast grannt með stöðu mála þangað til niðurstaða fæst í málið. **- glp**




**VILL NAFNIÐ SAMÞYKKT** Tómas berst nú fyrir því að fá nafnið Joð samþykkt hjá mannanafnanefnd. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


Regatta GREAT OUTDOORS
CRAGHOPPERS
DARE 2b
BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS
NÝTT KORTATÍMABIL
LAGER SALA
-50% AFSL. AF VETRARVÖRUM
FRÁBÆR VERÐ
DÖMU, HERRA OG BARNAFATNAÐUR
FLÍSPEYSUR,
SOFTSHELLJAKKAR,
BUXUR, ÚLPUR, KÁPUR,
SKÓR O.FL O.FL
facebook.com/ utivistogsport
OPIÐ
VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16
ÚTIVIST &SPORT
Faxafen 12 S. 533-1550 www.utivistogsport.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, **ritstjorn@frettabladid.is** **AUGLÝSINGADEILD** **auglysingar@frettabladid.is** **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Skipaði hljómsveitinni að hætta

Hljómsveitin **Valdimar** er á sínu fyrsta tónleikaferðalagi um Evrópu og spilar í Þýskalandi, Sviss og Austurríki. Blaðamaður Víkurfrétta var á tónleikum sveitarinnar í Berlín fyrir stuttu og segir frá þeirri reynslu á vef blaðsins. Hann sótti tónleika í heimahúsi í Neukölln-hverfi borgarinnar. Ekki fór betur en svo að nágranni óð inn í íbúðina undir lok tónleikanna og skipaði sveitinni að hætta í miðju lagi. Hljómsveitarmeðlimirnir urðu hans ekki varir nema söngvarinn sem hætti að syngja á meðan hljóðfæraleikararnir héldu áfram. Nágranninn róaðist að lokum en sveitin flutti aukalag, sérstaklega fyrir hann. **- lkg**



### Ekkert vesen

Nýr heilsusamlegur matreiðsluþáttur með **Ebbu Guðnýju Guðmundsdóttur** fer í loftið á RÚV þann 6. mars.

Ebba Guðný segir þættina vera skemmtilega heilsumatreiðsluþætti á léttu nótunum.

Í fyrsta þættinum býður Ebba vinkonum sínum í morgunkaffi. „Ég mun útbúa fyrir þær einfaldar, hollar og ljúffengar veitingar. Ég vil sýna að maður getur fengið fólk í kaffi og búið til heimagerðar veitingar án þess að það sé of mikið vesen. Í lok þáttarins koma svo vinkonurnar og gæða sér á veitingunum," segir Ebba Guðný. **- ebg**



## Mest lesið vísir

1 Fílsunga bjargað úr skurði
2 Slá sér upp
3 Ólafur Darri sprengdur í tætlur í True Detective
4 Hjóluðu og drukku bjór í sautján daga
5 Einkaneysla Jong Un nemur 650 milljón dölum árlega





# Feðgarnir

*ferming 2014*

Fermingafötin FINUCCI collezione

jakkaföt kr. 29.960

stakar buxur kr. 10.980 / stök vesti kr. 9.980 / skyrta kr. 6.980

slaufa & klútur kr. 2.980 / POLO RALPH LAUREN skór kr. 14.980



VAN KOLLEM MADISON PARK • NY

Jakkafatatilboð fyrir pabbana

PETER VAN HOLLAND

verð nú kr. 41.988 40% afsláttur

verð áður kr. ~~69.980~~

herra GARÐURINN –klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410